# FRÉTTABLAÐIÐ

296. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 16. DESEMBER 2017






**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**Akureyri**
Dalsbraut 1

**Ísafjörður**
Skeiði 1

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

**OPIÐ TIL KL. 18 ALLA HELGINA**

www.husgagnahollin.is



## UMBRIA
Hornsófi með tungu.
Hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 326 × 261 × 78 cm

**279.990 kr.** ~~369.990 kr.~~



## NATUZZI EDITIONS
B988 2ja og 3ja sæta sófar og stóll.
Brúnt eða svart leður.

2ja sæta sófi: 166 x 76 x 76 cm
**249.990 kr.** ~~329.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 205 x 76 x 76 cm
**284.990 kr.** ~~379.990 kr.~~

Stóll: 102 x 88 x 76 cm
**169.990 kr.** ~~229.990 kr.~~





## FRIDAY
Fjölskyldusófinn, vinstri tunga. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

**219.990 kr.** ~~279.990 kr.~~



## FRIDAY
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Brúnt eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 260 × 170 × 87 cm

**129.990 kr.** ~~169.990 kr.~~



## EASY
Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Ljósgrátt áklæði.
Stærð: 232 x 145 x 85 cm

**119.990 kr.** ~~169.990 kr.~~



## NATUZZI EDITIONS
B895 brúnn leðursófi.
Stærð: 245 x 100 x 88 cm

**449.990 kr.** ~~599.990 kr.~~

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

296. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 16. DESEMBER 2017




# Hlakka til jóla í svartamyrkri

Sólveig Anna Þorvaldsdóttir er nýtekin til starfa sem tannlæknir á Svalbarða. Hún og fjölskylda hennar hafa ekki enn séð bæinn sem hún býr í vegna myrkurs og verða að gá að ísbjarnarsporum á hverjum morgni. → 28



## Kapúsínamunkar á Íslandi

Munkurinn Peter frá Slóvakíu segir frá lífi sínu. → 32



## Gæti hugsað sér að fara í pólitík

Rapparinn Herra Hnetusmjör í viðtali. → 40




PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Það hlýnar í veðri í dag með suðaustan 10-15 m/s og rigningu eða slyddu sunnan- og vestanlands. Lengst af hægari og þurrt norðaustantil, en bætir í vindinn síðdegis. **SJÁ SÍÐU 64**

# Hrifin af Þvörusleiki



Jólasveinarnir koma nú einn af öðrum til byggða til þess að færa börnum gjafir, sleikja aska, skella hurðum og krækja í bjúgu svo fátt eitt sé nefnt. En þótt mikið sé að gera ætla þeir að sjá af smástund til þess að hitta börn í Þjóðminjasafninu. Þvörusleikir var staddur þar í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði og voru börnin stórhrifin af þessum undarlega og ævaforna sveini. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Jólamaturinn var oftast ódýrastur í Bónus.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Tugprósenta verðmunur á jólakræsingum

**NEYTENDAMÁL** Verðmunur á jólamat milli verslana nemur að meðaltali 35 prósentum. Verðkönnun ASÍ leiðir þetta í ljós. Mestur er verðmunur á grænmeti og ávöxtum en meðalverðmunur milli búða er 52 prósent.

Bónus var í flestum tilfellum með lægsta verðið eða í 54 prósentum tilfella. Næst á eftir kemur Krónan með lægsta verðið í 15 prósentum tilfella. Aftur á móti er Hagkaup oftast með hæsta verðið, eða í 16 prósentum tilfella.

Af kjötvörum var mestur verðmunur á úrbeinuðu SS birkireyktu hangikjöti, eða 39 prósent, þar sem Bónus var með lægsta verðið. Þá var töluverður munur á konfekti og sælgæti en 1 kíló af Lindu konfekti er 41 prósenti ódýrari hjá Bónus en það er hjá Iceland, eða á 1.898 kr. á móti 2.999 kr.

Fjarðarkaup var með mesta vöruúrvalið, eða 89 af 90 vörum. Costco var með minnsta úrvalið, eða sjö vörur. **– khn**

**35%**

**var verðmunur á jólamat að meðaltali milli verslana.**

## Afbókanir berast vegna verkfallshótana

**SAMGÖNGUR** „Verkfallshótun flugvirkja hefur þegar valdið miklum óróa meðal fjölmargra fyrirtækja í ferðaþjónustu og hafa afbókanir þegar borist," segir í ályktun frá stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar. Flugvirkjar hafa boðað til verkfalls frá og með morgundeginum, takist ekki að semja.

Stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar segir að umræðan ein og sér hafi þegar haft áhrif. Tryggar samgöngur til og frá landinu sé eitthvað sem verði að vera hægt að treysta á.

Flugvirkjafélag Íslands, Samtök atvinnulífsins og Icelandair funda á ný í dag hjá Ríkissáttasemjara en þar verður reynt til þrautar að ná saman og afstýra verkfalli sem kemur til með að hafa áhrif á tíu þúsund farþega. **– jhh, khn**

# Vill frekar tjaldsvæðið en að fara í Víðines

**Fimm íbúar á tjaldsvæðinu í Laugardal hafa lýst áhuga á að flytja í húsnæði Reykjavíkurborgar í Víðinesi. Hugsað sem tímabundið úrræði. „Ég þarf varanlegt húsnæði," segir einn íbúanna sem ætlar að vera áfram í Laugardalnum.**

**SAMFÉLAG** Starfsmenn vettvangs- og ráðagjafateymis Reykjavíkurborgar hafa undanfarna daga rætt við þá einstaklinga sem hafast við á tjaldsvæðinu í Laugardal og boðið þeim skammtímahúsnæði í Víðinesi. Forstöðumaður teymisins, Þór Gíslason, segir að af átján einstaklingum sem hafi verið talað við hafi fimm lýst áhuga á að þiggja boðið.

Þór segir ekki hafa verið sett tímamörk á það hversu lengi fólkið getur dvalist í Víðinesinu. En allavega er þetta ekki hugsað sem framtíðarhúsnæði. Þetta er hugsað sem skammtímaúrræði til að hleypa fólki fram yfir tímabundinn hjalla.

Ekki eru allir ánægðir með úrræðið í Víðinesi. „Meðan flóttamennirnir voru þarna þá vildu þeir ekki vera þar. Þetta er svo langt frá bænum, en þetta á að vera nógu gott handa okkur og það á að láta okkur borga fyrir þetta," segir Svanur Elíasson.

Svanur segir úrræðið í Víðinesi ekki vera neina raunverulega lausn. „Vegna þess að ég er með hund og þetta er allt sameiginleg aðstaða þarna. Ég hef það bara fínt í mínum bíl og hef allt hérna hjá mér, tölvuna, sjónvarpið og hita. Ég þarf ekkert annað til bráðabirgða. Ég þarf varanlegt húsnæði," segir Svanur. Hann er búinn að vera meira og minna í Laugardalnum síðan í júlí, en var líka í Hafnarfirði og Mosfellsbæ í sumar.

Þór segir það ósköp misjafnt hversu lengi fólkið er búið að vera í Laugardalnum. „Það er fólk sem er búið að vera þarna síðan í vor. En meginþorrinn frá því í september eða október eftir því sem öðrum tjaldsvæðum í nágrenni við Reykjavík var lokað," segir hann.

Hann segir að húsið sem fólkinu er boðið í Víðinesi sé í ágætu ástandi. „Það sem fólk hefur verið að setja fyrir sig er vegalengd en fyrir þá einstaklinga sem geta séð um sinn fararmáta sjálfir þá er þetta vel gerlegt," segir hann.

„Meiningin er að fólkið greiði leigu," segir Þór. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins nemur upphæðin 50 þúsund krónum en Þór segist ekki geta staðfest þá tölu.

jonhakon@frettabladid.is



**Svanur býr í bíl í Laugardal og þarf varanlegt húsnæði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**5**

**íbúar í Laugardalnum hafa lýst áhuga á því að nýta sér úrræðið í Víðinesi.**

Þú átt rétt á einum frídegi í viku - líka í desember!



VR KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | VR.IS
VR

Kringlan 30 ára

## NJÓTTU AÐVENTUNNAR

# JÓLAGLEÐI

**Við bjóðum þér inn í hlýjuna** þar sem þú getur undirbúið jólin og notið jólalegrar skemmtidagskrár í göngugötu.

Boðið verður upp á myndatöku með jólasveini á Bíógangi báða dagana og hressir sveinar verða á ferðinni. Ilmandi kaffi í boði frá Kaffitári og piparkökur með.

## SPENNANDI DAGSKRÁ UM HELGINA

### LAUGARDAGUR

| | |
|---|---|
| Kl. 13.00 | Jólajazz: Marína Ósk og Sara Mjöll |
| Kl. 14.00 | Jólaálfar frá Sirkus Íslands á ferðinni |
| Kl. 15.30 | Góði Úlfurinn frumflytur nýtt lag |
| Kl. 16.00 | Jónas Þórir leikur ljúfa tóna |

**Ólafía Þórunn atvinnukylfingur kynnir og áritar myndir sínar frá kl. 13.00**

### SUNNUDAGUR

| | |
|---|---|
| Kl. 14.00 | Hinn ungi og efnilegi Bjarni Gabríel flytur jólalög |
| Kl. 15.00 | Helgi Björns syngur inn jólin |
| Kl. 16.00 | Jónas Þórir leikur ljúfa tóna |




OPIÐ TIL
**22**
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
OPIÐ 10–23 Á ÞORLÁKSMESSU

**SPENNANDI DAGSKRÁ**
ALLA HELGINA



kringlan.is    facebook.com/kringlan.is

Pipar\TBWA \ SÍA

**VIKAN** 10.12.2017 TIL 16.12.2017

**39**
krónur kostar hraðhleðslumínútan hjá stöðvum Orku náttúrunnar eftir 1. febrúar næstkomandi. Rafbílaeigendur hafa fengið ókeypis hleðslu í rúm þrjú ár.



**840**
milljarðar er áætlað að tekjur ríkissjóðs verði á næsta ári.





**70**
þúsunda króna starfs- og ferðakostnaður, 40 þúsund plús 30 þúsund, leggst á mánaðarlaun allra þingmanna.



**12.900**
launþegar voru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í október síðastliðnum. Hafði launþegum þá fjölgað um 1.500 (14%) samanborið við október 2016.




**1,6**
milljörðum króna mun hækkun fjármagnstekjuskatts skila á næsta ári.

**14**
prósent yfir meðaltali ESB-ríkja var magn einstaklingsbundinnar neyslu á mann á Íslandi í fyrra samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum.



Landsframleiðsla á mann á Íslandi var 28 prósentum yfir meðaltali ESB-ríkja.

## Þrjú í fréttum
## Rukkun, áreitni og varaforseti

**Dóra Björt Guðjónsdóttir**
*fyrrverandi formaður Ungra Pírata*



kvaðst hafa þurft að greina borginni frá því að það væri stjórnarskrárbundinn réttur hennar að mótmæla þegar hún fékk 20.500 króna rukkun fyrir afnot af Austurvelli. Dóra hafði hringt til að láta vita af fyrirhuguðum mótmælum vegna sameiningar Fjölbrautaskólans við Ármúla og Tækniskólans. Borgin dró í land og sagði að um mistök hefði verið að ræða.

**Skúli Mogensen**
*forstjóri WOW air*



sagði kynferðislega áreitni sem fjöldi flugliða kveðst hafa orðið fyrir í starfi ólíðandi. Forstjórinn sagði að stutt yrði við starfsfólk sem yrði fyrir slíku. Gerendur hafa fengið áminningu og þeim verið vikið úr starfi oftar en einu sinni, að sögn Svanhvítar Friðriksdóttur, upplýsingafulltrúa flugfélagsins.

**Herdís Þorgeirsdóttir**
*doktor í lögum*



var kjörin fyrsti varaforseti Feneyjanefndar Evrópuráðsins. Hlutverk nefndarinnar er að aðstoða aðildarríkin, sem eru 61, við að laga löggjöf og stjórnskipuleg málefni landanna að evrópskum og alþjóðlegum viðmiðum á sviði mannréttinda, réttarríkis og lýðræðis.

# Íbúar hvetja bæinn í vegadeilu Garðbæinga og Hafnfirðinga

**Húseigendur í Prýðishverfi í Garðabæ við gamla Álftanesveginn brýna fyrir bæjaryfirvöldum að hvika hvergi frá lokun tengingar vegarins við Hafnarfjörð. Vegurinn sé stórhættulegur, aðallega vegna umferðar til Hafnarfjarðar. Þeir segjast eiga hús í Prýðishverfi því að þeir hafi treyst á að skipulaginu yrði framfylgt.**

**SKIPULAGSMÁL** Íbúar í Prýðishverfi í Garðabæ hvetja bæjaryfirvöld til dáða í deilum við nágranna sína Hafnarfjarðarmegin við gamla Álftanesveginn sem kært hafa ákvörðun um lokun vegarins.

Hjón sem búa við Heiðvang í Hafnarfirði kærðu Garðabæ vegna áformanna um að loka vegtengingu. Eins og fram kom í Fréttablaðinu 20. nóvember telja hjónin breytinguna verulega íþyngjandi fyrir íbúa hverfis síns.

„Þetta veldur því að umferð um hverfi kæranda verður þyngri og erfiðari þar sem lokað er á mikilvæga tengingu milli samfélaga,“ segir í kæru hjónanna.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði styðja málstað hjónanna við Heiðvang en bæjaryfirvöldum í Garðabæ hefur hins vegar borist áskorun með undirskriftum 56 Garðbæinga sem búa í Prýðishverfi.

„Viljum við undirritaðir fasteignaeigendur og íbúar við gamla Álftanesveginn skora á bæjarstjórn að hvika hvergi frá samþykktum um lokun vegarins,“ segir í bréfi Prýðishverfinga. Segja þeir að styr hafi staðið um veginn út á Álftanes um árabil en ágreiningslaust hafi verið að vegurinn væri stórhættulegur þar sem hann var.

„Hinn gamli Álftanesvegur stendur enn óbreyttur og er enn þá stórhættulegur vegna mikillar umferðar og hraðaksturs. Er þar fyrst og fremst um að kenna mikilli umferð um veginn til Hafnarfjarðar. Af þessu skapast stórhætta, ekki aðeins fyrir börn að leik í hverfinu heldur einnig fyrir gangandi vegfarendur og aðra umferð, en sjö íbúagötur tengjast veginum,“ segir í áskorunarbréfinu.



Vegurinn umdeildi hefur tryggt Hafnfirðingum við Heiðvang styttri leið í gegn um Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Taka íbúarnir 56 fram að þeir hafi reist eða keypt hús á þeirri forsendu að gildandi skipulag og deiliskipulagstillögur stæðust, þar með talið að gamli Álftanesvegurinn yrði lokaður til vesturs. „Um leið og við skorum á bæjaryfirvöld að fylgja eftir skuldbindingum Garðabæjar og gildandi skipulagi viljum við krefjast þess að veginum verði lokað hið fyrsta,“ segir í áskorun Garðbæinga.



**Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ**

Bæjarráð fól Gunnari Einarssyni bæjarstjóra meðferð hvatningarbréfsins en kæra hjónanna í Heiðvangi er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

**gar@frettabladid.is**





HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval
JÓLATRÉ
TAX FREE
Opið til
21:00
SKÚTUVOGI
Alla helgina
Sérvalin af Blómavali
AF ÖLLUM JÓLATRJÁM
NORMANNSÞINUR • STAFAFURA
RAUÐGRENI • GERVIJÓLATRÉ
Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
Einnig
TAX FREE
Jólaskraut
Seríur • Búsáhöld
Fatnaður • Verkfæri
Smáraftæki
Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman
husa.is


Ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur hafa lagt fram fjölbreytta þingmálaskrá fyrir komandi þingvetur. Dómsmálaráðherra setur nokkur stór mál á oddinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þingmálaskrá nýrrar ríkisstjórnar birt

Nýir ráðherrar fara rólega af stað og lítið er um nýmæli frá þeim í þingmálaskrá fyrir komandi vetur. Fréttablaðið tók saman nokkur áhugaverð mál. Dómsmálaráðherra býr að því að hafa verið í sínu ráðuneyti í heilt ár og leggur fram metnaðarfullan málalista.

## Dómsmálaráðherra



- Tryggja að iðnnemum verði veitt dvalarleyfi á meðan þeir eru í námi.
- Breyta skilyrðum laga um óflekkað mannorð.
- Leggja endurupptökunefnd niður.
- Herða refsingar við mútubrotum.
- Auka heimildir til atvinnustarfsemi á helgidögum.
- Heimila fólki að spila happdrætti á netinu.
- Auka kröfur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna dómara.

## Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



- Hyggst sporna við kennitöluflakki og heimila atvinnurekstrarbann á einstaklinga vegna sviksamlegra viðskiptahátta.
- Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

## Félags- og jafnréttismálaráðherra



- Setja á laggirnar nýja stjórnsýslustofnun um eftirlit með félagsþjónustu og barnavernd.
- Breyta lögum um almannatryggingar og hækka frítekjumark ellilífeyrisþega.
- Heildarlöggjöf um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna.

## Fjármálaráðherra



- Fjármálaáætlun til fimm ára.
- Breyting á ákvæðum skattalaga vegna skattlagningar eignarhalds á lágskattasvæðum.
- Breyting á starfsemi Fjármálaeftirlitsins.
- Ný lög um gjaldtöku grænna skatta.
- Heildarlöggjöf um innheimtu opinberra gjalda.

## Heilbrigðisráðherra



- Tryggja rétt til vistar á dvalarheimili án tillits til aldurs.
- Skýrsla um geðheilbrigðismál.

## Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



- Hert eftirlit með skipum.
- Innleiðing á nethlutleysi.
- Heildarendurskoðun laga um Þjóðskrá.
- Heildarendurskoðun laga um lögheimili.
- Heildarendurskoðun umferðarlaga.
- Samgönguáætlun til fimm og tólf ára.
- Byggðaáætlun til sjö ára.

## Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



- Breyting á lögum vegna dóms EFTA-dómstólsins um innflutning á kjöti.
- Breyting á lögum um fiskeldi.
- Lög um framtíðarskipulag um gjaldtöku fiskveiðiheimilda.
- Breyta aðferðum og eftirliti með vigtun sjávarafla.
- Breytingar á aðferðum, skráningu og eftirliti með vigtun sjávarafla.
- Heildarlöggjöf um matvælastofnun.

## Umhverfis- og auðlindaráðherra



- Breyting á lögum um mannvirki með lækkun byggingarkostnaðar og einföldun stjórnsýslu.
- Koma á fót þjóðgarðsstofnun.
- Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

## Utanríkisráðherra



- Heildarendurskoðun laga um utanríkisþjónustu Íslands.







**BOSCH**
**Matvinnsluvél**
MCM 3110W
800 W. Tætir, sneiðir og rífur. Örugg í notkun: Fer aðeins í gang þegar lok er í læstri stöðu.
Jólaverð:
**8.900 kr.**
Fullt verð: 12.900 kr.



**BOSCH**
**Töfrasproti**
MSM 24500
400 W. Hljóðlátur og laus við titring. Skál með loki, þeytari og hakkari fylgja með.
Jólaverð:
**7.700 kr.**
Fullt verð: 9.900 kr.

A+ Orkuflokkur
LED-lýsing

**SIEMENS**
**Kæli- og frystiskápur**
KG 36VUW20, iQ300
Hvítur. „hyperFresh"-skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.
Jólaverð:
**74.900 kr.**
Fullt verð: 95.900 kr.



**Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði. Sjá nánar á sminor.is.**

Afgreiðslutímar um helgina:
Laugardagur frá kl. 11 - 16
Sunnudagur frá kl. 13 - 16

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rfl.is
Öll jólavara 20-70% afsláttur
OPIÐ TIL KL. 22:00 Í ÖLLUM BÚÐUM FRAM TIL JÓLA
JÓLAGJAFIRNAR
FÆRÐU Í RÚMFATALAGERNUM
Luxury Sleep
FÆTUR OG BOTN FYLGJA
YFIRDÝNA ÚR LATEXI
Sparið allt að 40.000 krónur
90 x 200 sm. 89.950 nú 69.950
120 x 200 sm. 109.950 nú 79.950
140 x 200 sm. 129.950 nú 89.950
160 x 200 sm. 139.950 nú 99.950
180 x 200 sm. 149.950 nú 109.950
Stífleiki
Svæða-skipt
Latex
Pokagormar
Yfirdýna
10 ára Dýnuábyrgð
2 ára Áklæðisábyrgð
NÚ VERÐ FRÁ:
69.950
LUXURY SLEEP HEILSUDÝNA
Góð meðalstíf heilsudýna með 240 pokagormum pr. m². og 5 þægindasvæðum.
Áföst 5,9 sm. þykk yfirdýnu úr eggjabakklöguðum svampi og latexsvampi. Fætur og botn fylgja með. Fæst í nokkrum stærðum. Vnr. 8880000870A
Downafresh
Hreinlæti samkvæmt DIN EN 12935
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
HREIN EFNI
Inniheldur engin skaðleg efni skv. Øko-Tex Staðli 100 Nr. CXX 16360 TESTEX Zürich
GÆSADÚNSÆNG
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 19.990
9.990
VINSTRA GÆSADÚNSÆNG
Góð gæsadúnsæng fyllt með 90% af hvítum gæsadúni og 10% af hvítum gæsafjöðrum. Fylling: 700 gr. Sængin er saumuð í ferninga og áklæðið er úr 100% bómull. Burðargeta 11. Má þvo við 60°C. Stærðir: 135 x 200 sm. Vnr. 4112950
Allir koddar 20-50% afsláttur
Gildir til 17.12
Kósígallar 50% afsláttur
Gildir til 17.12
NÚ VERÐ FRÁ:
2.995
NÝ SENDING!
Allar mottur 20% afsláttur
MOTTUR Í MIKLU ÚRVALI
Vnr. 6500858, 6514600, A35990280, A54009160, ASH303240, 5896490, 5893540
Öll barna-sængurver 25% afsláttur

# Þrír milljarðar fara í að greiða upp halla

**Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynnti fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar með þeim orðum að 4,2 milljarðar færu aukalega til lyfjakaupa. Rúmir þrír milljarðar af því fé fara hins vegar til að greiða upp halla Sjúkratrygginga vegna samþykktar fyrri ríkisstjórnar.**

**FJÁRLÖG** Meirihluti þeirra 4,2 milljarða króna sem fara aukalega til lyfjakaupa í nýju fjárlagafrumvarpi Bjarna Benediktssonar verður nýttur til að greiða niður fjárlagahalla þessa árs. Aðeins um 700 milljónir króna fara aukalega í lyfjakaup árið 2018.

Fréttablaðið greindi frá því þann 14. febrúar síðastliðinn að ekkert fjármagn væri til til þess að taka upp ný lyf. Ríkisstjórnin gaf það svo út þremur dögum seinna að veita ætti aukið fé til upptöku nýrra lyfja. Það fjármagn var aldrei sett inn í málaflokkinn heldur hafa lyfjagreiðslunefnd og sjúkratryggingar keyrt fram úr þeim ramma sem þeim var settur í síðustu fjárlögum. Það fé sem mun fara aukalega til lyfjakaupa er því um 700 milljónir.

„Það er sannarlega fagnaðarefni að sjá hærra framlag til málaflokksins en við höfum átt að venjast undanfarin ár,“ segir Jakob Falur Garðarsson, formaður Frumtaka. „Við höfum bent á að oft hefur þurft að bregðast við í kjölfar fjárlaga til að tryggja sem kostur er sjúklingum nýjustu lyf vegna þess að ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárlagaáætlun. Það var gert á árinu sem nú er að líða. Því er í þessum fjárlögum verið að taka á uppsöfnuðum halla þessa árs.“

Áður hefur komið fram að íslenskt heilbrigðiskerfi er eftirbátur heilbrigðiskerfanna á Norðurlöndunum hvað varðar upptöku nýrra krabbameinslyfja til að mynda og höfum við verið hálfdrættingar á við Skandinava upp á síðkastið. Því gefur aukið fjármagn í málaflokkinn von um að íslenskir sjúklingar geti fengið lyfjameðferð sambærilega þeirri sem veitt er í nágrannalöndum okkar. „Við höfum verið eftirbátar okkar nágrannalanda,“ segir Jakob Falur. „Með þessu fjárlagafrumvarpi er sannarlega verið að bregðast við þeirri stöðu sem uppi hefur verið undanfarin ár.“

Að mati Jakobs Fals hafa fjárlög undanfarinna ára ekki verið í takt við raunveruleikann um fjölda sjúklinga og þörfina á nýjum góðum lyfjum, til að mynda gigtar- og krabbameinslyfjum. Nú sýnist honum hins vegar að fjárlagafrumvarpið endurspegli þá þörf sem uppi er. „Ekki einungis er verið að taka á uppsafnaða vandanum, heldur virðist ljóst að ríkisstjórnin ætlar að standa við þau orð að styrkja heilbrigðiskerfið og þar er aðgengi að nýjum lyfjum lykilatriði.“ **sveinn@frettabladid.is**



**Á glæru Bjarna Benediktssonar sést að talað er um 4,2 milljarða aukalega til lyfjakaupa.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Við höfum verið eftirbátar okkar nágrannalanda.**

Jakob Falur Garðarsson, formaður Frumtaka

**4,2**

**milljarðar fara aukalega til lyfjakaupa.**





Milt og mýkjandi

Krem til daglegrar notkunar sem nota má á allan líkamann. Inniheldur glýcerín, sem ver húðina gegn rakatapi. Góð viðbótarmeðferð við exemi.

Hentar vel á:
· Kinnar/andlit
· Hendur og fætur
· Bleiusvæði

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil



**Gestir ráðherra snæddu þriggja rétta kvöldverð í Bláa lóninu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ráðherra bauð í hundruð þúsunda króna kvöldverð

**STJÓRNSÝSLA** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið bauð á þriðja tug gesta Arctic Circle-ráðstefnunnar í október í þriggja rétta kvöldverð í Bláa lóninu. Kostnaður vegna boðsins nam rúmum 400 þúsund krónum. Meðal gesta voru þrettán manna sendinefnd frá Kyrrahafseyjum, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, aðstoðarmaður hans, fulltrúar fyrirtækja í Grindavík og starfsmenn ráðuneyta.

Kostnaðinn við boðið er að finna á vefsíðunni Opnir reikningar ríkisins, sem tekinn var í gagnið í september síðastliðnum og er ætlað að bæta aðgengi að fjárhagsupplýsingum ríkisins. Gagnagrunnurinn nær aftur til ágúst þar sem skoða má yfirlit yfir greidda reikninga úr bókhaldi ráðuneytanna. Reikningurinn frá Bláa lóninu hljóðaði upp á 401.300 krónur vegna risnu en samkvæmt upplýsingum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu voru 27 manns í mat umrætt sinn.

Arctic Circle-ráðstefnan fór fram 11.-15. október og kom sendinefnd frá Kyrrahafseyjum til landsins í tengslum við hana. Að kvöldi 11. október, að lokinni heimsókn föruneytisins til fyrirtækja í Grindavík, bauð Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hópnum og fulltrúum fyrirtækjanna sem heimsótt voru til kvöldverðar í Bláa lóninu. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu var um þriggja rétta máltíð að ræða. Miðað við fjölda gesta og heildarkostnað jafngildir það að hver og einn reikningur hafi hljóðað upp á tæpar 15 þúsund krónur.

Ráðuneytið greiddi reikninginn í síðasta mánuði og birtist hann nú á dögunum í nóvemberyfirliti Opinna reikninga. Þó algengt sé að risnu af þessu tagi sé að finna í reikningum ráðuneytanna þá er kvöldverðarboðið í Bláa lóninu það dýrasta á því tímabili sem gagnagrunnurinn nær til. **– smj**


**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

SMÁRALIND




JÓLASTEMNING ALLA HELGINA

REGÍNA ÓSK SYNGUR, JÓLASVEINAR, JÓLAÁLFAR OG FLEIRA
SJÁÐU DAGSKRÁNA Á **SMARALIND.IS**

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA    ÞORLÁKSMESSA 11–23    AÐFANGADAGUR 10–13    WWW.SMARALIND.IS    FACEBOOK    INSTAGRAM    SNAPCHAT

# Skortur á upplýsingum um matarsóun

**Áhersla hefur verið lögð á matarsóun síðastliðin tvö ár í úrgangsstefnu stjórnvalda, en engin leið er að meta hvort matarsóun sé breytileg á milli mánaða, ára eða hátíða. Áhrif matarsóunar eru margvísleg og mikil. „Fólk þarf að átta sig á því hverju það er að henda.“**



Ingunn Gunnarsdóttir



Rannveig Magnúsdóttir



Upplýsingar um matarsóun Íslendinga eru af skornum skammti. Engin leið er að mæla árangur. FRÉTTABLAÐIÐ

**UMHVERFISMÁL** „Mér finnst mikilvægt að fólk átti sig á því hver raunveruleg áhrif af þessu eru. Við erum að eyðileggja náttúruauðlindir, við erum að stuðla að eymd fólks í öðrum löndum. Það er verið að stunda þrælahald fyrir mat sem við hendum svo. Það er verið að eyðileggja regnskóga fyrir mat sem við hendum svo. Fólk þarf að átta sig á því hverju það er að henda“ segir segir Rannveig Magnúsdóttir, verkefnastjóri Matarsóunarverkefnis Landverndar.

Stefna um úrgangsforvarnir er sett til tólf ára í senn af umhverfisráðherra. Stefnan hefur það markmið að draga markvisst úr myndun úrgangs. Ný stefna, Saman gegn sóun – almenn stefna um úrgangsforvarnir, var sett árið 2016 og gildir því til ársins 2027.

Hins vegar eru ekki til upplýsingar um matarsóun Íslendinga, aðrar en þær sem safnað var saman í tveimur rannsóknum, sem framkvæmdar voru annars vegar 2015 og hins vegar 2016. Niðurstöður beggja rannsókna eru byggðar á matardagbókum sem einstaklingar eða fjölskyldur héldu í allt að viku og mældu allt sem til spillis fór á þeirra heimilum. Út frá niðurstöðum rannsóknanna er áætlað hversu miklu hver einstaklingur sóar af mat og drykk. Gallinn er þó sá að ekki er hægt að meta hvort matarsóun sé breytileg á milli mánaða, ára eða til dæmis hátíða. Að sama skapi er engin leið að mæla árangur áherslu stefnunnar síðastliðin tvö ár, því engar aðrar upplýsingar eru til um matarsóun á Íslandi.

Ekki er stefnt á að framkvæma aðra álíka rannsókn fyrr en að tveimur eða þremur árum liðnum. „Þetta var risaverkefni. Þetta var styrkur til að gera grunnrannsókn en okkur langar að gera aftur rannsókn eftir ár eða tvö, þremur árum frá grunnrannsókn og sjá hvort ástandið sé eitthvað að batna“ segir Ingunn Gunnarsdóttir hjá Umhverfisstofnun.

Áhrif matarsóunar eru margvísleg. Bæði er um að ræða mat sem hefði mögulega getað verið nýttur annars staðar, en einnig er um að ræða umhverfis- og samfélagsleg áhrif, sem geta náð langt út fyrir landsteinana.

Í stefnu um úrgangsforvarnir er áhersla lögð á níu flokka úrgangs á gildistímanum, sem skipt er í tvennt eftir því í hvers konar forgangi þeir eru. Sex flokkar eru í forgangi í tvö ár í senn, en hina þrjá flokkana er unnið með til lengri tíma. Fyrsti flokkurinn sem lögð var áhersla á var matarsóun undir yfirskriftinni Matur er mannsins megin. Ýmis verkefni hafa verið framkvæmd á tímabilinu og á heimasíðunni www.matarsoun.is er að finna samantekt á þeim, ásamt góðum ráðum til að sporna við henni. Í byrjun næsta árs tekur plast við af matarsóun sem næsta forgangsverkefni stefnunnar til tveggja ára og eru bæði Umhverfisstofnun og Landvernd að búa sig undir breyttar áherslur.

Nú eru í þróun svokallaðir umhverfisvísar hjá Umhverfisstofnun, til að mæla árangur stefnunnar og meta stöðu Íslendinga þegar kemur að öllum þeim flokkum sem til umræðu eru í úrgangsstefnunni. Tillaga um umhverfisvísa verður lögð fyrir nýjan umhverfisráðherra fyrir áramót. Að gefnu samþykki ráðherra ætti að vera hægt að taka þá í notkun á næsta ári. „Það fylgja þessu markmið, fyrir þessa vísa. Þeir munu taka hvern flokk fyrir sig. Það verða skilgreindir vísar fyrir matarsóun, plast og textíl og síðan þessa þrjá flokka sem eru í forgangi allan gildistíma stefnunnar“ segir Guðmundur B. Ingvarsson hjá Umhverfisstofnun.

**lovisaa@frettabladid.is**




## Menntunarstig útlendinga hátt

**SVEITARSTJÓRNIR** Sveitarstjórn Mýrdalshrepps segir mikilvægt að virkja allan mannauð í sveitarfélaginu og tekur þar undir með atvinnumálanefnd hreppsins.

„Margir erlendir starfsmenn eru við vinnu í Skaftárhreppi og eru sumir þeirra með hátt menntunarstig. Atvinnumálanefnd vill leggja til að þessi mannauður verði kortlagður,“ segir nefndin sem hvetur sveitarfélagið til að auglýsa störf á fleiri en einu tungumáli. Bent er á að Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi áætli að fara af stað með svipað verkefni. **– gar**

> Margir erlendir starfsmenn eru við vinnu í Skaftárhreppi og eru sumir þeirra með hátt menntunarstig.
>
> Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

## Fá 3,5 milljónir fyrir Magna

**REYKJAVÍKURBORG** Borgarráð samþykkti að veita Hollvinasamtökum dráttarbátsins Magna 3,5 milljóna króna styrk vegna viðgerða og varðveislu dráttarbátsins Magna. Hollvinasamtökin voru stofnuð fyrr á árinu. Í greinargerð með styrkumsókn segir að Magni hafi þá sérstöðu að vera fyrsta stálskipið smíðað á Íslandi, árið 1954.

Saga skipsins er snar þáttur í sögu Reykjavíkur og Faxaflóahafna, þar sem það gegndi því hlutverki að lóðsa skip inn í Reykjavíkurhöfn, ásamt því að vera ísbrjótur. Skipið var starfrækt í rúm 30 ár, frá 1955 til 1987. Nú liggur skipið við landfestar í Vesturbugt, gegnt varðskipinu Óðni. **– jhh**




24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Framlögin sýnishorn af samgöngustefnu

**Sigurður Ingi Jóhannsson segir að það skýrist fljótlega hvert ríkisstjórnin hyggist stefna í samgöngumálum. Hann segir ljóst að ekki sé hægt að byggja upp allar stofnæðarnar í kring um höfuðborgarsvæðið samtímis. Vegamálastjóri vill auka vetrarþjónustu.**


Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, vígir ný gatnamót Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar.

**SAMGÖNGUR** „Þessi verkefni snúa flest að umferðaröryggi og eiga að létta á umferðarþunganum,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra samgöngumála, í samtali við Fréttablaðið. Í nýkynntu fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er tæplega hálfum öðrum milljarði króna varið aukalega til nýrra framkvæmda frá því fjárlagafrumvarpi sem síðasta ríkisstjórn hafði kynnt. Ráðherrann segir að um sé að ræða vísbendingar um hvert ríkisstjórnin vilji stefna í samgöngumálum.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir ánægjulegt að ráðist verði í þau verkefni sem fjármagnið sé eyrnamerkt. Hann er hins vegar vonsvikinn yfir að ekki skuli hafa komið aukið fjármagn til að bæta vetrarþjónustu á vegum landsins. Fjármagn vegna viðhalds stendur í stað – en í þann vasa var bætt vel fyrir þetta ár. Sú upphæð helst óbreytt.

Ný verkefni sem fjármögnuð eru í frumvarpinu eru framkvæmdir við Dýrafjarðargöng, tvöföldun brúa yfir Kvíá í Öræfum og á Vatnsnesi. Þá á að verja 600 milljónum til framkvæmda við Reykjanesbraut skammt frá Kaplakrika og á 200 milljónum til hringtorgs á Esjumelum á Vesturlandsvegi. Ljúka á við uppbyggingu vegarins yfir Fróðárheiði, en þar hefur stuttur kafli verið skilinn eftir ómalbikaður lengi.

Sigurður Ingi segir að með þessum verkefnum sé markmiðið að gefa innsýn í það hvert ríkisstjórnin hyggst stefna í samgöngumálum. Áherslan verði á umferðaröryggi. Hann segir að vinna við samgönguáætlun til fjögurra ára og fjármálaáætlun til fimm sé hafin. Þegar þeirri vinnu ljúki sé betur hægt að áætla hvaða framkvæmdir af brýnum framkvæmdum á stofnæðum umhverfis höfuðborgarsvæðið verði hægt að ráðast í. Á honum má skilja að þessi verkefni gefi vart nema nasaþefinn.

Sigurður Ingi vill ekkert gefa upp um hug sinn í þeim málum; hvaða stofnbrautir hann telur að þurfi að efla á undan öðrum. Hann segir ljóst að tvöfalda þurfi stofnæðarnar í allar áttir út frá höfuðborgarsvæðinu og þá standi hugur manna til að byggja upp borgarlínu. Hann segir að allt þetta verði ekki gert á næstu árum. Verið sé að byggja tíu þúsund íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og ekki megi skapa of mikla þenslu í samfélaginu.

Nýtt samgöngumannvirki var tekið í notkun á föstudag, þegar Hreinn og Sigurður Ingi klipptu á borða í því skyni að opna með formlegum hætti ný gatnamót Krýsuvíkurvegar og Reykjanesbrautar. Hreinn segir við Fréttablaðið að ákaflega ánægjulegt sé að verkefninu sé lokið. Um sé að ræða stórmál þegar kemur að umferðaröryggi á þessum slóðum. „Þetta eru gatnamót þar sem umferðin hefur aukist gífurlega, bæði þungaumferð og umferð vegna nýrrar byggðar. Þarna hafa orðið slys og þarna var spurning hvenær yrðu mjög alvarleg slys. Þetta er partur af því verkefni að tvöfalda Reykjanesbraut,“ segir Hreinn. **baldurg@frettabladid.is**




## Reisa blokkir fyrir fráskilda


**Börnin fá rými milli íbúða foreldranna í skilnaðarblokkunum.** NORDICPHOTOS/GETTY

**NOREGUR** Norskt byggingafyrirtæki hyggst reisa fjórar íbúðablokkir í Ósló sem ætlaðar eru foreldrum sem hafa skilið og börnum þeirra. Rými fyrir börnin, með svefnherbergjum, baði og gangi, verður mitt á milli íbúða foreldranna.

Við báða enda barnarýmisins verða dyr, aðrar að íbúð móðurinnar og hinar að íbúð föðurins. Gert er ráð fyrir að dyrnar að íbúðum foreldranna verði opnar til skiptis eftir samkomulagi.

Jafnframt er gert ráð fyrir heilli hæð fyrir sameiginlegt rými íbúanna. Þeir eiga sjálfir að koma með tillögur um hvernig það verði nýtt. **– ibs**

## Örþörungarækt í jarðhitagarði

**IÐNAÐUR** Bæjarstjórn Ölfuss segist heilshugar munu styðja Omega Algae í að koma á fót umhverfisvænni örþörungaframleiðslu í Jarðhitagarðinum á Hellisheiði ef ríkið veitir félaginu fyrirgreiðslu samkvæmt lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestinga.

„Bæjarstjórn telur að jákvæðra áhrifa muni gæta á samfélagið verði af þessu verkefni,“ segir bæjarstjórnin sem sér meðal annars fyrir sér aukinn útflutning í gegnum Þorlákshöfn. „Mikil framtíðartækifæri eru tengd verkefninu og vexti þess sem jákvæð áhrif geta haft á nær- og fjærsamfélag.“ Verkefnið falli mjög vel að áformum Orku náttúrunnar um starfsemi Jarðhitagarðsins. **– gar**















*Tilboðin gilda til mánudagsins 18. desember 2017

OPIÐ TIL 22
FRAM AÐ JÓLUM

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# SÆNGURFATNAÐUR FRÁ HEIMSÞEKKTUM FRAMLEIÐENDUM




**25% AFSLÁTTUR**
**JÓLATILBOÐ!**

### CALVIN KLEIN RÚMFÖT

Þú finnur ekki mýkri og þægilegri rúmföt. Koddaver + sængurver.

19.350 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 25.800 kr.

JOOP! elegante bed-linen fashion yes BOSS HUGO BOSS Calvin Klein home KENZO MAISON

## ÞEGAR MJÚKT Á AÐ VERA MJÚKT

Virkilega vönduð sængurver úr 100% egypskri bómull, straufrí og silkimjúk. Verðdæmi miðast við 140 x 200, einnig eru fáanleg 140 x 220 og 200 x 220 cm rúmföt.



**15% AFSLÁTTUR**
**JÓLATILBOÐ!**

### JOOP RÚMFÖT

21.165 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 24.900 kr.



**15% AFSLÁTTUR**
**JÓLATILBOÐ!**

### ELEGANTE RÚMFÖT

18.615 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 21.900 kr.

## TEMPUR-KODDI ER TILVALIN JÓLAGJÖF

Fjölbreytt úrval Tempur-kodda sem henta mismunandi svefnstellingum og svefnþörfum. Hér má sjá hluta úrvalsins sem Betra Bak býður upp á.



**NÝR KODDI FRÁ TEMPUR**

**20% AFSLÁTTUR**
**JÓLATILBOÐ!**

### TEMPUR SIGNATURE

Nýr heilsukoddi frá Tempur®. Sígildur að lögun og millistífur. Veitir góðan stuðning í öllum svefnstellingum. Hentar vel þeim sem vilja geta hnoðast með koddann sinn, brotið hann saman eða faðmað.

12.720 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 15.900 kr.



**20% AFSLÁTTUR**
**JÓLATILBOÐ!**

### TEMPUR ORIGINAL

Fyrir þá sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda af líkamlegum ástæðum. Hönnun hans fylgir náttúrulegri sveigju hálsins. Hann styður við mænu og hrygg og veitir þér fullkomna næturhvíld. Hentar vel þeim sem sofa á hlið og baki. Fáanlegur S / M / L / XL.

Frá: 11.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð frá: 14.900 kr.



**20% AFSLÁTTUR**
**JÓLATILBOÐ!**

### TEMPUR CLOUD COMFORT

Comfort koddinn er gerður sérstaklega úr Tempur ES (Extra Soft) efninu og veitir einstakt jafnvægi í mýkt og stuðningi. Tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem Tempur er þekkt fyrir, en mýktina líka.

15.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 19.900 kr.



**20% AFSLÁTTUR**
**JÓLATILBOÐ!**

### TEMPUR TRADITIONAL

Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. **Fáanlegur mjúkur, miðlungs og stífur – sígild þægindi fyrir alla.**

12.720 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 15.900 kr.

## BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

### UNDRI HEILSUINNISKÓR

Með fimm svæða nuddinnleggi UNDRA nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri, ljósri eða rauðri merínóull. **Komdu og prófaðu!**

5 reflex zones

**BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDD-INNLEGG ÚR LEÐRI**



7.900 kr.

**NÝR LITUR**



### JÓLALEIKUR BETRA BAK OG BYLGJUNNAR

Ef þú verslar UNDRA heilsuinniskó hjá Betra Baki núna fyrir jólin og skráir þig á lista í einhverri verslun okkar gætir þú unnið Opera heilsurúm í stærðinni 160 x 200 cm. Dregið verður í beinni útsendingu á Bylgjunni 23. desember nk.




### ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDS-INNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:



- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.



**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**VEFVERSLUN**
**www.betrabak.is**
**OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN**

VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ




## DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM



### DANA DREAM MEDIUM

Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
80% andadúnn, 20% smáfiður.
100% bómullar áklæði.

15.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 19.900 kr.



### SATIN STRIPE DÚNSÆNG

Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
90% hvítur andadúnn, 10% smáfiður.
Með vönduðu bómullarsatín áklæði.

22.900 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 29.900 kr.




### PURE SLEEP PREMIUM

Hlý og létt gæsadúnsæng (650 gr.)
100% hágæða gæsadúnn. Með vönduðu bómullarsatín áklæði.

39.900 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 49.900 kr.




### PURE & CARE OFNÆMISFRÍ DÚNSÆNG

Létt en sérlega hlý dúnsæng.
Stærð: 140 x 200 cm. Fylling: Hvítur moskusdúnn. Áklæði: Lífræn bómull
Þyngd: 750 g.

Lína af sængum og dúnkoddum sem framleidd er undir nýjustu og ströngustu skilyrðum Astma- og ofnæmissamtaka Danmerkur.

Astma-Allergi Forbundet

27.900 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 34.900 kr.

TEMPRAKON®

### TEMPRAKON ADVANCE SÆNG

Stærð: 135 x 200 cm.
Einnig fáanleg 135 x 220 cm og 200 x 220 cm.
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.
Þyngd: 600 g.



34.900 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 44.900 kr.

### TEMPRAKON ADVANCE KODDI



Stærð: 50 x 70 cm. Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.

15.900 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 26.900 kr.

### TEMPRAKON DÚNSOKKAR

Fyrir kaldar tær.
Ótrúlega vinsæl jólagjöf.




4.990 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 5.990 kr.

**Betri rakastýring.** Temprakon Advance tæknin og FRESH áklæðið viðhalda jöfnu hitastigi og stýra rakajafnvægi milli líkama og sængur. Dregur úr nætursvita.




**Jafn hiti** gefur betri svefn. Temprakon var þróað til að halda jöfnum 37°C hita á milli líkama og sængur alla nóttina. Það gefur þér rólegri og dýpri svefn.




**OPNUNARTÍMI TIL JÓLA**

| | | |
|---|---|---|
| Lau. 16. des. 11–17 | Þri. 19. des. 10–18 | Fös. 22 des. 10–20 |
| Sun. 17. des. 13–17 | Mið. 20 des. 10–18 | Lau. 23. des. 10–22 |
| Mán. 18. des. 10–18 | Fim. 21. des. 10–20 | Sun. 24. des. 10–13 |

www.betrabak.is

Betra BAK

# Börn ekki nægilega oft spurð leyfis

**Foreldrar, ömmur og afar, frænkur og frændur deila iðulega myndum og upplýsingum um börn án þess að spyrja þau leyfis. Formaður ungmennaráðs Umboðsmanns barna telur að lokaákvörðun eigi alltaf heima hjá barninu og að börn eigi oftar að vera spurð leyfis.**


Lilja Hrönn Önnudóttir, varaformaður ungmennaráðs Umboðsmanns barna.

**PERSÓNUVERND** „Þetta lendir mjög mikið á okkar kynslóð. Það eru engin mörk. Samfélagsmiðlar eru það nýir að það eru ekki til neinar reglur og þú þarft eiginlega bara að vera heppin með foreldra, hvort þau séu að virða þín mörk eða ekki. Þegar maður er yngri er maður oft að gera skrítna svipi eða hluti á myndum og maður gerir sér ekki endilega grein fyrir því að þetta er eitthvað sem framtíðaryfirmenn gætu séð,“ segir Lilja Hrönn Önnudóttir, varaformaður ungmennaráðs Umboðsmanns barna.

Eftir áramót verður lagt fram nýtt frumvarp um persónuvernd á Alþingi sem byggt er á viðamikilli reglugerð frá Evrópuráðinu og þinginu. Í reglugerðinni segir að „persónuupplýsingar barna ættu að njóta sérstakrar verndar þar sem þau kunna að vera síður meðvituð um áhættu, afleiðingar og viðkomandi verndarráðstafanir og réttindi sín í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.“ Börn sem alist hafa upp með foreldra sína á samfélagsmiðlum eru vön því að foreldrar og aðrir deili af þeim myndum og öðrum upplýsingum, en hafa ekki endilega stjórn á því hverju er deilt.

> **Lokaákvörðun á alltaf að vera í höndum barnanna. Ef þau vilja ekki að myndir af þeim eða texti um þau sé á netinu, þá ætti hann að sjálfsögðu ekki að vera þar.**

Lilja Hrönn segir ungmennaráðið hafa rætt þessi mál nýlega. „Við höfum mótað okkur skoðun á rétti barns til einkalífs og rétti barns til þess að persónuupplýsingum þeirra sé ekki deilt á netinu að þeim óafvitandi. Við viljum að það sé alltaf talað við börn. Foreldrar þurfa að passa sig hverju þau eru að deila. Ég ræddi þetta við ráðið í gær og við vorum sammála um að það eigi alltaf að ræða við börn. Lokaákvörðun á alltaf að vera í höndum barnanna. Ef þau vilja ekki að myndir af þeim eða texti um þau sé á netinu, þá ætti hann að sjálfsögðu ekki að vera þar,“ segir Lilja Hrönn.

Umboðsmaður barna fjallaði sérstaklega árið 2015 um birtingu foreldra á einkunnum barna á samfélagsmiðlum „Þó börn séu stolt og ánægð með sig, þá er ekki sjálfgefið að þau vilji að allir viti þetta. Það er sjálfsagt að spyrja þau og taka tillit til þess,“ segir Salvör Nordal, umboðsmaður barna.

Salvör telur mikla þörf á því að þessi mál séu rædd frekar í samfélaginu. „Foreldrar þurfa að vera miklu varkárari almennt talað. Auðvitað eru það margir, en fólk þarf að hugsa þetta lengra fram í tímann og sérstaklega þá að netið gleymir engu og það geti skaðað barnið síðar á ævinni.“ Hún segir enn fremur mikilvægt að rætt sé við börn, en samkvæmt 12. grein Barnasáttmálans eiga börn rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í samræmi við aldur þeirra og þroska. „Mér finnst fólk oft fara fram úr sér í þessu og ætti að hugsa um það í stærra samhengi hvort börn vilji að það sé verið að deila myndum, myndböndum og öðru þegar þau eru lítil eða jafnvel unglingar. Ég held að krakkar vilji að þau séu spurð. Það á líka að gera það þegar þau eru lítil. Þau hafa líka skoðun á því þegar þau eru fimm ára, eða sjö ára, ekki bara þegar þau eru orðin táningar,“ segir Salvör Nordal, umboðsmaður barna.

lovisaa@frettabladid.is






# Ráða verktaka með vinnuvélar til eyðingar lúpínu

**MOSFELLSBÆR** Verktaki með öflug verkfæri verður fenginn til að útrýma skógarkerfli og lúpínu næsta sumar í landi Mosfellsbæjar. Er talið að plönturnar ógni líffræðilegri fjölbreytni á viðkvæmum svæðum. Verði því ekki komist hjá því að ráða verktaka í stað þess að láta vinnuskólabörn sjá um eyðinguna.

Mosfellsbær hefur ákveðið að verja þremur milljónum króna til verksins. Að mati umhverfisstjóra er eyðing þessara ágengu plöntutegunda erfið vegna þess hve harðgerar þær eru og hversu fljótt og mikið þær sá sér í bæjarlandinu. Þetta kemur fram í minnisblaði sem lagt var fyrir umhverfisnefnd Mosfellsbæjar á síðasta fundi hennar. „Því er nauðsynlegt að fá til þess verktaka sem hafa öflug verkfæri sem henta til þess verks,“ segir í minnisblaðinu.

Bjarki Bjarnason, formaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar, segir það ekki mögulegt né að vilji sé til þess að útrýma lúpínu í bæjarlandinu, hún sé orðin það útbreidd. Hins vegar skipti máli að hefta útbreiðslu hennar á náttúruverndarsvæðum innan bæjarmarka.

„Nú í fyrsta skipti er sérstök fjárveiting sett í málaflokkinn. Þetta er ekki stór upphæð í stóra samhenginu. Nú getum við fengið verktaka til að slá lúpínu og kerfil áður en plönturnar sá sér,“ segir Bjarki.

„Lúpínan er auðvitað umdeildasta planta landsins en þetta snýr einnig að kerflinum. Menn eru nú á einu máli um að sú planta sé til óþurftar.“

Lögð verður áhersla á að verja viðkvæm svæði í bænum þar sem þessar ágengu plöntur hafa ekki enn náð að dreifa sér að ráði.



**Bjarki Bjarnason, rithöfundur og bæjarfulltrúi**

„Við erum ekki á leið í neitt lúpínustríð. Aðeins að slá hana snemmsumars þannig að hún beri ekki eins mikið af fræjum,“ segir Bjarni. **– sa**



**Það má með sanni segja að lúpína kljúfi þjóðina í tvennt. Annaðhvort er hún hin mesta plága eða gjöful landgræðsluplanta.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Flugfreyjur felldu samning við WOW

**KJARAMÁL** Kjarasamningur Flugfreyjufélags Íslands og WOW air var felldur í rafrænni kosningu sem lauk í gær. 165 greiddu atkvæði gegn samningnum, eða 53,73 prósent. 496 voru á kjörskrá og greiddu 311 atkvæði.

„Núna hafa félagsmenn talað og meirihluti þeirra hefur fellt samninginn og við verðum að sjálfsögðu að lúta þeirri niðurstöðu og halda áfram þar sem frá var horfið,“ sagði Orri Þrastarson, varaformaður Flugfreyjufélags Íslands, í samtali við Vísi.

Hann segist ekki vita nákvæmlega hvenær gengið verður aftur að samningaborðinu. Fyrst þurfi að vera ljóst hvað félagsmönnum finnist betur mega fara í samningnum.

Flugfreyjur hjá WOW air hugðust kljúfa sig frá Flugfreyjufélaginu og stofna nýtt stéttarfélag fyrr í vetur. Ástæðan var sú að þeim þótti málefni sín hafa lítið vægi innan Flugfreyjufélagsins. Fyrirhuguðum stofnfundi var hins vegar frestað. **– hh**

## Kæra hækkun sykurskatts

**NOREGUR** Samtök atvinnulífsins í Noregi hafa kvartað undan fyrirhugaðri 83 prósenta hækkun á sykurskatti til ESA. Fyrirtæki í matvælaiðnaði telja hækkunina stríða gegn EES-samningnum en norska fjármálaráðuneytið er á annarri skoðun.

Um 25 milljarðar íslenskra króna, koma í ríkissjóð Noregs vegna hækkunarinnar.

Fulltrúar matvælaiðnaðarins segja atvinnu fólks í hættu auk þess sem fleiri muni fara yfir landamærin til að versla í nágrannalöndunum. **– ibs**



**Fé til slátrunar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ráherra rannsaki verðmyndun

**LANDBÚNAÐUR** Mikilvægt er að gera úttekt á verðmyndun frá frumframleiðanda í sauðfjárrækt til neytenda að mati sveitarstjórnar Mýrdalshrepps sem hyggst skora á landbúnaðarráðherra að láta gera slíka úttekt.

Samþykkt sveitarstjórnar er gerð eftir upphaflega tillögu eins fulltrúans um að skora á ráðherra að hefja opinbera rannsókn á þætti sláturleyfishafa í myndun afurðaverðs til sauðfjárbænda á þessu ári. Sveitarstjórnin vildi þó síður að „opinberri rannsókn verði beint að einstökum aðilum“. **– gar**


PÓSTURINN

Lengri opnunartími fram að jólum

**Höfuðborgarsvæðið og Akureyri**

| | | |
|---|---|---|
| 16. desember | laugardagur | 11:00–17:00 |
| 17. desember | sunnudagur | 13:00–17:00 |
| 18.–22. desember | mánudagur–föstudagur | 9:00–20:00 |
| 23. desember | laugardagur | 11:00–17:00 |
| 24. desember | sunnudagur | 9:00–12:00 |

**Akranes, Egilsstaðir, Ísafjörður, Reykjanesbær, Sauðárkrókur, Selfoss og Vestmannaeyjar**

| | | |
|---|---|---|
| 16. desember | laugardagur | 11:00–17:00 |
| 17. desember | sunnudagur | 13:00–17:00 |
| 18.–22. desember | mánudagur–föstudagur | 9:00–18:00 |
| 23. desember | laugardagur | 11:00–17:00 |
| 24. desember | sunnudagur | 9:00–12:00 |

Í desember eru pósthúsin opin lengur. Allar nánari upplýsingar um opnunartíma pósthúsanna er að finna á **postur.is/jol.**

**Við komum því til skila**

# Kerfisbundið barnaníð vandi í Ástralíu

**Skýrsla upp úr fimm ára rannsókn ástralskrar rannsóknarnefndar birtist í gær. Hún sýnir fram á að alvarlegum brotum hafi verið leyft að viðgangast innan helstu samfélagsstofnana Ástralíu. Trúfélög á borð við kaþólsku kirkjuna koma einna verst út úr rannsókninni.**



Barnaníð innan kaþólsku kirkjunnar hefur verið hitamál í Ástralíu svo árum skiptir. George Pell kardínála var mótmælt í fyrra fyrir að hylma yfir með barnaníðingum. Voru hann og páfi hvattir til að opinbera brotin. NORDICPHOTOS/AFP

**ÁSTRALÍA** Um sextíu þúsund þolendur barnaníðs í Ástralíu gætu átt rétt á skaðabótum og fjögur þúsund stofnanir ástralsks samfélags hafa verið sakaðar um að hylma yfir slíkt ofbeldi. Þetta eru niðurstöður fimm ára rannsóknar ástralskrar rannsóknarnefndar sem birtar voru í gær. Elstu málin ná aftur til miðrar síðustu aldar. Einna verst þykir ástandið hafa verið innan kaþólsku kirkjunnar.

„Tugir þúsunda barna hafa verið misnotuð kynferðislega innan margra ástralskra stofnana. Við munum aldrei komast að því hver rétt tala er. Hér er ekki um nokkra „svarta sauði“ að ræða. Eitthvað alvarlegt er að stærstu stofnunum samfélagsins,“ segir í skýrslu nefndarinnar.

Við rannsóknina heyrði nefndin í tugum þúsunda einstaklinga, þar af rúmlega átta þúsund þolendum sem sögðu frá því ofbeldi sem þau voru beitt. Þá bárust um 1.300 bréf frá þolendum. Nefndin hefur frá því rannsóknin hófst bent lögreglu á samtals 2.559 mál og hafa verið gefnar út 230 ákærur í kjölfarið.

Einna verst þykja brot háttsettra meðlima trúarfélaga. Þannig hefur áður verið greint frá því að um sjö prósent kaþólskra presta hafi verið sakaðir um að misnota rúmlega 4.440 börn. Barnaníð er einnig sagt hafa þrifist innan ensku biskupakirkjunnar þar í landi en nefndinni bárust 1.100 frásagnir af barnaníði presta úr þeim söfnuði. Þá komst nefndin aukinheldur að því að Vottar Jehóva hefðu ekki tilkynnt lögreglu um þau rúmlega þúsund brot sem framin hefðu verið innan kirkjunnar.

Nefndin hefur beint um fjögur hundruð tilmælum til ýmissa samfélagsstofnana. Í skýrslunni er meðal annars mælt með því að kaþólskir prestar sæti refsingu, tilkynni þeir ekki um brot annarra presta. Þá biðlar nefndin til Páfagarðs um að breyta lögum kirkjunnar á þann veg að prestum sé heimilt að tilkynna lögreglu um brot sem aðrir prestar játuðu á sig við skriftir. Einnig var Páfagarður beðinn um að endurskoða skírlífisreglur. Þótt ekki sé beint orsakasamhengi á milli skírlífis og barnaníðs stuðli það, ásamt öðrum áhættuþáttum, að aukinni tíðni brota.

> Þetta er skammarleg fortíð og þöggunarmenning hennar og sjálfsbjargarviðleitni leiddi til óþarfra þjáninga fjöldamargra fórnarlamba og fjölskyldna þeirra.
>
> Denis Hart, erkibiskup kaþólsku kirkjunnar í Ástralíu

Denis Hart, erkibiskup kaþólikka í Ástralíu og forseti ástralska biskuparáðsins, baðst afsökunar í gær. „Þetta er skammarleg fortíð og þöggunarmenning hennar og sjálfsbjargarviðleitni leiddi til óþarfra þjáninga fjöldamargra fórnarlamba og fjölskyldna þeirra,“ sagði erkibiskupinn.

Hann neitaði því hins vegar að breyta ætti lögum kirkjunnar er varða skriftir. „Sambandið sem Guð hefur innsiglað á milli prestsins og þess sem biður um syndaaflausn má aldrei skaða,“ sagði Hart. Hins vegar væri undir páfa komið að endurskoða skírlífisreglur.

**thorgnyr@frettabladid.is**




NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

**FORSALA ER HAFIN**

**Nýr Nissan LEAF**

VERÐ FRÁ **3.490.000**

Nissan.is



**100% rafmagn**

378 km drægi*

*Samkvæmt NEDC-stöðlum.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16.**

Mest seldi rafbíll heims, Nissan Leaf, er nú væntanlegur í nýrri og tæknivæddri útfærslu og stefnir BL að því að frumsýna hann snemma á nýju ári. **Vegna mikillar eftirspurnar um allan heim, höfum við opnað fyrir forsölu á nýjum LEAF.** Nýttu tækifærið og tryggðu þér nýjan LEAF úr fyrstu framleiðslulotunum, en fyrstu bílarnir eru væntanlegir í lok mars 2018. **Hafðu samband við sölufulltrúa okkar og fáðu meiri upplýsingar um nýjan Nissan LEAF.**

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

NISSAN
Innovation that excites

ROLEX

THE DATEJUST 41

The new generation of the essential classic, with a new movement and design that keep it at the forefront of watchmaking. It doesn't just tell time. It tells history.



OYSTER PERPETUAL DATEJUST 41

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.michelsen.is









**Theresa May er hún mætti til fundar í Brussel í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

# Annar kafli viðræðna hefst

Fyrsta stigi Brexit-viðræðna er lokið. Forseti framkvæmdastjórnar ESB segir það hafa verið erfitt en að annað stig verði enn erfiðara en það fyrsta.

**BRETLAND** Leiðtogaráð Evrópusambandsins samþykkti í gær að hefja næsta stig viðræðna um útgöngu Bretlands úr ESB, svokallað Brexit. Vonast er til þess að viðræður hefjist fljótlega eftir áramót.

Í viðmiðunarreglum sambandsins segir að undir annað, og síðara, stigið falli framtíðarsamskipti Evrópusambandsins og Breta eftir Brexit. Undir fyrra stigið falli hins vegar viðræður um aðskilnaðargreiðslur Breta, réttindi breskra ríkisborgara búsettra annars staðar innan ESB og öfugt sem og landamæragæsla á landamærum Írlands og Norður-Írlands.

Fyrst stendur til að ræða tveggja ára aðlögunarferlið sem fylgir í kjölfar útgöngunnar sem áætluð er í mars 2019. Þær viðræður eiga að fara fram í janúar. Í mars verður svo rætt um milliríkjaviðskipti og öryggissamstarf, að því er BBC greinir frá.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, þakkaði Donald Tusk, forseta leiðtogaráðsins, og Jean-Claude Juncker, forseta framkvæmdastjórnar ESB, kærlega fyrir í gær. „Nú hefur mikilvægt skref verið stigið í áttina að hnökralausri útgöngu ásamt því að tryggja áframhaldandi samstarf og samvinnu,“ sagði hún.

Forsætisráðherrann sagði jafnframt að viðræður um framtíðarsambandið myndu hefjast sem allra fyrst. Vonast hún eftir því að viðræðurnar gangi hratt fyrir sig til þess að útrýma óvissu.

Juncker sagði að nú þyrfti að reka smiðshöggið á samkomulagið sem náðist á fyrsta stigi viðræðna. „Annað stig viðræðna verður mun erfiðara en hið fyrsta, sem var þó ansi flókið,“ bætti hann við. Juncker hrósaði May jafnframt og sagði hana harðan, greindan og kurteisan samningamann. Hann væri þó sannfærður um að hægt væri að ná samningi sem bæði breska þinginu og Evrópuþinginu litist vel á.

**thorgnyr@frettabladid.is**

> Annað stig viðræðna verður mun erfiðara en hið fyrsta, sem var þó ansi flókið.
>
> Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB



> Nú hefur mikilvægt skref verið stigið í áttina að hnökralausri útgöngu.
>
> Theresa May, forsætisráðherra Bretlands

# Glundroði á Schiphol

**HOLLAND** Lögreglan í Amsterdam, höfuðborg Hollands, skaut í gær og handtók karlmann sem ógnaði gestum Schiphol-flugvallar með hníf. Flugvöllurinn var rýmdur á meðan lögregla athafnaði sig en engum öðrum en hinum handtekna varð meint af.

Eggert Jónasson, innkaupastjóri Líflands, var staddur á Schiphol þegar atvikið átti sér stað. „Ég var staddur inni á Burger King á miðju móttökusvæðinu og allt í einu heyrðust nokkur byssuskot. Það varð uppi fótur og fit, fólk spratt upp, sumir hentu sér undir borð og aðrir tóku á rás,“ segir Eggert.

> Karlmaður ógnaði flugvallargestum með hníf að vopni.

Hann bætir því við að mikið uppnám hafi orðið á meðal flugvallargesta. Flugvöllurinn sé fjölfarinn og þetta hafi átt sér stað á annasömum hluta hans. „ Þannig að það varð mikið uppnám og fólk varð hrætt.“

Eggert segir tilfinninguna óraunverulega. „Ég hvorki henti mér niður né hljóp heldur reyndi að átta mig á því hvað var að gerast. Þegar ég sá að það var algjör glundroði reis ég á fætur og hljóp.“ **– þea**

# Ford TRANSIT




**TILBOÐSVERÐ**
FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **1.895.000** KR. ÁN VSK
2.350.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

**TILBOÐSVERÐ**
FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **2.855.000** KR. ÁN VSK
3.540.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

**TILBOÐSVERÐ**
FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **3.705.000** KR. ÁN VSK
4.595.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**
**FÁANLEGUR MEÐ FJÓRHJÓLADRIFI**

# DESEMBERTILBOÐ!

Transit eigendur hafa í áratugi sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford sendibíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda vinnuþjarkar, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatíðni. Í fyrra var Ford Transit mest seldi sendibíll í heimi.

Transit er ríkulega búinn m.a. með Bluetooth, olíumiðstöð með tímastillingu (alltaf heitir á morgnana), spólvörn, brekkubremsu og akstursstölvu.

Brimborg leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við Transit eigendur enda leggja þeir traust sitt á sendibíla frá Ford.

**200.000 kr.**
**AFSLÁTTUR**
**+ FRÍ VETRADEKK**

***GILDIR TIL 22. DESEMBER***
***EKKI MISSA AF ÞESSU!***

***Ford er frábær!***
***Komdu í Brimborg og tryggðu þér Transit sendibíl á enn betra verði!***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Bókabúðir auðga bæinn



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ný ríkisstjórn hefur þegar gengið á bak orða sinna. Þrátt fyrir fögur fyrirheit fyrir kosningar og síðan í stjórnarsáttmála liggur fyrir að samkvæmt fjárlögum verður virðisaukaskattur á bækur ekki afnuminn strax.

Þess í stað er að finna í fjárlögum loðin fyrirheit um að skoðaðar verði frekari skattalækkanir, meðal annars á bækur, á fyrsta starfsári nýrrar ríkisstjórnar.

Þetta eru mikil vonbrigði fyrir þá sem starfa við bókaútgáfu og höfðu talið skattalækkunina í höfn við útgáfu stjórnarsáttmálans, og jafnvel gert rekstraráætlanir á þeim grundvelli. Það er illa gert gagnvart atvinnugrein sem á undir högg að sækja.

Þetta er ekki sérlega beysin byrjun hjá nýjum menntamálaráðherra, en bókaútgefendur höfðu áður hrósað Lilju Alfreðsdóttur í hástert fyrir að berjast fyrir afnámi bókaskattsins. Kannski voru fyrirheit þar að lútandi hennar helsta skrautfjöður í kosningabaráttunni. Skjótt skipast veður í lofti.

Rökin að baki meðgjafar með innlendri bókaútgáfu eru öllum kunn. Sumum þykir nauðsynlegt að vernda íslenska tungu sem á undir högg að sækja á tölvuöld. Önnur rök eru, að bókum á íslensku eigi að halda að fólki, einkum börnum og unglingum, af þeirri ömurlegu ástæðu að lestrarkunnáttu íslenskra ungmenna hefur hrakað ár frá ári. Í þeim efnum erum við orðin eftirbátar margra þjóða sem við viljum bera okkur saman við. Bókaþjóðin virðist smátt og smátt vera að hætta að lesa.

Ekki er sjálfgefið að hygla eigi bókaútgáfu umfram annað sem getur orðið til þess að varðveita íslenska tungu. Mætti ekki af sömu ástæðu aðstoða prentmiðla sem koma út á íslensku, eða sjónvarpsstöðvarnar sem framleiða efni á ástkæra ylhýra? Væri ekki sömuleiðis sjálfsagt að ríkið greiddi eða tæki þátt í kostnaði við textun og talsetningu sjónvarpsstöðva? Auðvitað á að skoða þetta allt í varnarbaráttunni.

En óneitanlega eru það hrífandi rök, að ástæða sé til að halda lífi í bókaverslun, einfaldlega vegna þess að hún auðgar bæjarlífið, nú þegar allt er að verða eins og túristabúðir sem fylla verslunarrými í bestu verslunarhverfum í borgum heimsins. Við höfum útlend fordæmi fyrir því að ýtt sé undir bókina, til dæmis í Frakklandi. Þar fær bókaverslun opinberan stuðning gagngert til að forða því, að bæjarlíf verði einsleitni að bráð.

En óumdeilt er að ríkisstjórnin og menntamálaráðherra hafa valdið stórum hópum vonbrigðum með því að standa ekki við stóru orðin. Bókin á sér marga öfluga talsmenn og það gæti orðið nýrri ríkisstjórn, sem nýtur mikils meðbyrs, dýrkeypt að fá þá upp á móti sér. Fáir hafa meiri áhrif á umræðuna en skáld og rithöfundar, sem kunna að orða hugsun sína svo eftir sé tekið.

**Kannski voru fyrirheit þar að lútandi hennar helsta skrautfjöður í kosningabaráttunni. Skjótt skipast veður í lofti.**




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Pistill sem þú getur ekki verið ósammála

Samkvæmt áreiðanlegum rannsóknum er það sem ég geri hér á síðum Fréttablaðsins einskis virði. Ég gæti allt eins starfað við að grafa skurði og moka ofan í þá aftur. Það skilar engu og skilur ekkert eftir sig.

Flest lítum við á sjálf okkur sem upplýstar skynsemisverur. Við myndum okkur skoðanir byggðar á staðreyndunum og hafi einhver uppi betri rök skiptum við um skoðun. Ekki rétt?

Rangt. Í ljós kemur að dýrategundin homo sapiens skiptir ekki um skoðun. Sérstaklega ekki ef um er að ræða stjórnmálaskoðanir. Í upphafi árs kynntu taugavísindamenn við Háskóla Suður-Kaliforníu niðurstöður rannsóknar sem sýndu fram á þessa þvermóðsku mannsins. Jafnvel þótt þátttakendum í rannsókninni væru sýndar sannanir þess að þeir hefðu rangt fyrir sér, þrjóskuðust þeir við að skipta um skoðun.

*En hvernig stendur á þessu?* Myndir voru teknar af heilum þeirra sem tóku þátt í rannsókninni í MRI-skanna. Sýndu þær að heilastöðvar sem ákvarða sjálfsmynd, stýra tilfinningasvörun og meta hættu verða virkar þegar stjórnmálaskoðanir okkar eru dregnar í efa.

Vísindamennirnir komust að þeirri niðurstöðu að það er ekki sannleikurinn sem við stöndum vörð um þegar við rökræðum um stjórnmál heldur ættbálkurinn. Að falla í hópinn skiptir meira máli þegar kemur að því að lifa af heldur en að fara rétt með staðreyndir.

„Stjórnmálaskoðanir eru eins og trúarskoðanir,“ útskýrði Jonas Kaplan sem fór fyrir rannsókninni. „Þær eru annars vegar hluti af sjálfsmynd okkar, hins vegar mikilvægar þegar kemur að því að ákvarða hvaða samfélagshópi við tilheyrum … Íhugi maður að breyta um stjórnmálaskoðun er maður í raun að íhuga að breyta um sjálf.“

**Ógn við ættbálkinn**

Rannsóknir sýna að okkur finnst ógnvænlegt að lesa blaðagreinar sem innihalda stjórnmálaskoðanir sem stangast á við okkar eigin. Hugurinn túlkar þær sem persónulega árás, ógn við ættbálkinn, stuðningsnetið okkar.

Að lesa grein sem við erum sammála vekur hins vegar með okkur sælutilfinningu, því slík grein eykur magn taugaboðefnisins dópamíns í heila.

Í anda jóla, hátíðar ljóss og friðar, hefði ég viljað boða lesendum pólitískan fögnuð sem allir gætu sammælst um. Slík áform eru þó vísindalega dæmd til að mistakast. Það er þó ekkert sem segir að ég geti ekki komið til móts við alla með öðrum hætti.

Um leið og ég óska ykkur, kæru lesendur, gleðilegra jóla deili ég með ykkur uppskrift að bestu súkkulaðiköku í heimi – en súkkulaði, eins og stjórnmálaskoðanir sem eru okkur þóknanlegar, eykur framleiðslu dópamíns í heila. Gleðilega hátíð og verði ykkur að góðu.

**Besta súkkulaðikaka í heimi:**

350 g dökkt súkkulaði
225 g ósaltað smjör
5 egg
300 g strásykur
100 g eitthvert kex, brotið niður í munnbita

1) Hitið ofninn í 160 gráður (140 ef um er að ræða ofn með viftu). Klæðið lausbotna, smellt kökuform (um 23 cm í þvermál) með bökunarpappír og smyrjið með smjöri. Setjið súkkulaðið og smjörið í pott og bræðið yfir lágum hita. Hrærið saman eggin og sykurinn þangað til blandan er þykk, ljós á litinn og rúmmál hennar hefur tvöfaldast (tekur um 5 mínútur).

2) Hellið súkkulaðiblöndunni út í eggjahræruna og hrærið varlega saman. Bætið kexbitunum út í og hrærið.

3) Hellið blöndunni í formið og bakið í 40-45 mínútur. Takið kökuna úr ofninum og leyfið henni að kólna í kökuforminu í 30-45 mínútur. Nú stendur valið milli tveggja leiða til að bera fram kökuna. Annars vegar er hægt að njóta hennar þegar hún er enn heit og miðja hennar er mjúk og minnir um margt á súkkulaðibúðing. Hins vegar má kæla hana svo að hún harðni og hægt er að skera hana í sneiðar. Gott er að bera kökuna fram með þeyttum rjóma og jarðarberjum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**

Dagný starfar hjá farþegaþjónustu á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.




## **SPENNANDI** SUMARSTÖRF

Við leitum að einstaklega þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklausum einstaklingum í flugverndardeild Keflavíkurflugvallar. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu, vera sveigjanlegir og geta unnið undir álagi. Óskað er eftir starfsfólki bæði í hluta- og heilsdagsstörf. Um er að ræða vaktavinnu. Starfið felst m.a. í vopna- og öryggisleit og eftirliti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á flughlöðum á Keflavíkurflugvelli.

**Hæfniskröfur**

- Aldurstakmark 18 ár
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu bæði rituðu og mæltu máli
- Rétt litaskynjun
- A.m.k. tveggja ára framhaldsnám eða sambærilegt
- Góð þjónustulund

Allir umsækjendur þurfa að geta sótt undirbúningsnámskeið áður en þeir hefja störf og standast próf í lok námskeiðs

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í maí og unnið út ágúst.

Umsækjendur þurfa að vera með hreint sakavottorð. Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Nánari upplýsingar á **radningar@isavia.is**.

**Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.**

**Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.**

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍK**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

UMSÓKNARFRESTUR:
**21. JANÚAR 2018**

isavia



# Erfiðustu tímarnir þeir bestu fyrir mig

**Katrín Tanja Davíðsdóttir, tvöfaldur heimsmeistari í CrossFit, segist hafa lært mikið af síðasta ári þar sem hún missti af heimsmeistaratitlinum. Hann ætlar hún að endurheimta.**

**CROSSFIT** Katrín Tanja Davíðsdóttir, tvöfaldur heimsmeistari í CrossFit, er komin til landsins og mun dvelja hér yfir jólin. Á morgun tekur Katrín þátt í Spartan Race, sólarhringslöngu hindrunarhlaupi þar sem verðlaunaféð er rúmlega 25.000 Bandaríkjadalir, eða um 2,7 milljónir króna.

„Mér bauðst að fara í þetta. Mér fannst ótrúlega gaman að fá að taka þátt í þessu hérna heima. Þetta er mikil og öðruvísi áskorun. Ég veit ekki við hverju ég á að búast og hef ekki gert þetta áður,“ sagði Katrín í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún dvelur að mestu í Bandaríkjunum við æfingar en ver jólunum í faðmi fjölskyldunnar hér á Íslandi.

Katrín Tanja varð heimsmeistari í CrossFit 2015 og 2016 og fékk titilinn hraustasta kona heims. Á heimsleikunum í ár lenti hún hins vegar í 5. sæti og missti titilinn í hendur hinnar áströlsku Tiu-Clair Toomey.

„Síðasta ár fór ekki alveg eins og ég vildi en maður lærir alltaf. Svona eru íþróttirnar. Það að ég hafi ekki unnið í ár gefur mér mikið hungur og eldmóð. Ég er ótrúlega spennt fyrir næsta ári,“ sagði Katrín Tanja og bætti við að hún hefði lært mikið af síðasta ári.

„Þetta sýndi mér hversu mikið ég vildi vinna. Það er auðvelt að vera með gott hugarfar og berjast í gegnum allt þegar maður er að vinna og allt gengur vel. En það gekk ekki allt eins og ég vildi. Ég var kannski ekki „on fire“ eins og ég var hin árin.“

Katrín stefnir ótrauð á að endurheimta heimsmeistaratitilinn á næsta ári og vinna hann í þriðja sinn.

„Algjörlega. Ég hugsa að stærstu mistökin og erfiðustu tímarnir hafi verið þeir bestu fyrir mig. Þegar ég komst ekki á heimsleikana 2014 var það það besta sem gat komið fyrir mig því það sýndi hversu mikið mig langaði á þá og hversu mikið ég var tilbúin að leggja á mig til þess,“ sagði Katrín Tanja.

Hún er langt í frá eina íslenska afrekskonan í CrossFit. Annie Mist Þórisdóttir varð til að mynda heimsmeistari 2011 og 2012 og var brautryðjandi í íþróttinni hér á landi. Katrín Tanja segist líta mikið upp til Annie sem er vinkona og æfingafélagi hennar en jafnframt andstæðingur á mótum.

„Ég hef þekkt Annie frá því ég byrjaði í CrossFit. Hún ruddi brautina fyrir okkur og ég hef alltaf litið mikið upp til hennar. Hún sýndi mér að það var ekki fjarlægur draumur að vinna. Ef hún getur þetta get ég þetta líka,“ sagði Katrín Tanja.

„Það er erfitt að vera vinkonur og keppinautar en samband mitt við Annie er mér ótrúlega mikilvægt. Við gerum það sama daginn út og daginn inn og við fundum vináttu og virðingu fyrir hvor annarri. Ég vil vinna en ég vil að hún verði í 2. sæti En ég veit að hún vill það sama. Ég veit það hjálpar okkur báðum,“ sagði hún brosandi.

Katrín Tanja er ein af stærstu stjörnunum í CrossFit-heiminum og er með meira en milljón fylgjendur á Instagram. Það hefur því mikið vatn runnið til sjávar síðan hún mætti á sína fyrstu CrossFit-æfingu.

„Ég hef alltaf verið með mikið keppnisskap og fór í CrossFit til þess að keppa. En það hvarflaði ekki að mér, fyrr en á leikunum sem ég vann, að ég myndi vinna. Töfrar fara að gerast um leið og maður leggur sig allan í eitthvað, ekki smá, heldur allt,“ sagði Katrín Tanja sem leggur líf og sál í íþróttina. „Ég geri ekkert annað. Ég tók mér frí frá skólanum og er ekki að þjálfa. Þetta er bara mín vinna og ég legg allt í þetta. Þá uppsker maður.“ **ingvithor@frettabladid.is**

---

ÁGÚST ELÍ FER TIL KRÓATÍU



Geir Sveinsson tilkynnti í gær hvaða sextán leikmenn skipa landsliðshóp Íslands sem fer á EM í Króatíu í janúar. Tveir stórmótsnýliðar eru í hópnum, Ágúst Elí Björgvinsson, markvörður úr FH, og Ýmir Örn Gíslason, línumaður úr Val. Ágúst Elí og Björgvin Páll Gústavsson skipa markvarðateymi Íslands á EM sem þýðir að hvorki Aron Rafn Eðvarðsson né Hreiðar Levý Guðmundsson eru í hópnum að þessu sinni. Hópinn allan má sjá á Vísi en þar má einnig finna viðtöl við Geir og Ými Örn um landsliðshópinn sem fer til Króatíu.

## Í dag

**Laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 12.20 | Leicester - Cþ Palace | Sport |
| 14.25 | Augsburg - Freiburg | Sport 2 |
| 14.25 | Stuttgart - Bayern | Sport 3 |
| 14.55 | Sunderland - Fulham | Sport |
| 16.20 | Snæfell - Breiðablik | Sport 3 |
| 17.00 | Laugardagsmörkin | Sport |
| 17.15 | Man. City - Tottenham | Sport |
| 17.25 | Cardiff - Hull | Sport 2 |
| 01.00 | UFC: Lawler - D. Anjos | Sport |

**Frumsýningar leikja**

| | | |
|---|---|---|
| 17.15 | Arsenal - Newcastle | Sport 3 |
| 18.30 | Watford - Huddersf. | Sport 4 |
| 18.55 | Chelsea - S'ton | Sport 3 |
| 19.30 | Stoke - West Ham | Sport 2 |
| 19.35 | Brighton - Burnley | Sport |

**Sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 14.05 | WBA - Man. Utd. | Sport |
| 16.20 | B'mouth - Liverpool | Sport |
| 17.45 | Stjarnan - Grótta | Sport 2 |
| 18.00 | Panthers - Packers | Sport 3 |
| 19.45 | Stjarnan - Aftureld. | Sport 2 |
| 20.30 | Raptors - Kings | Sport |
| 21.05 | Steelers - Patriots | Sport 3 |

**Domino's-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 16.30 | Haukar - Skallagr. | Ásvellir |
| 16.30 | Njarðvík - Keflavík | Njarðvík |
| 16.30 | Snæfell - Breiðabl. | Stykkish. |
| 16.30 | Stjarnan - Valur | Ásgarður |

**Olísdeild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | ÍBV - Grótta | Vestmannaeyjar |
| 17.00 | ÍR - Víkingur | Austurberg |
| 17.00 | Valur - Fjölnir | Valshöll |
| 20.00 | Stjarnan - Afture. | TM Höllin |
| 20.00 | Selfoss - Fram | Selfoss |

**Olísdeild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 13.30 | ÍBV - Fram | Vestmannaeyjaar |
| 18.00 | Selfoss - Fram | Selfoss |
| 18.00 | Stjarnan - Grótta | TM Höllin |
| 20.00 | Fjölnir - Valur | Dalhús |





JÓLIN NÁLGAST
BETRA BORGAR SIG!
FULLKOMNIR LITIR Á FULLKOMNUM SVÖRTUM
NÝ MÓDEL AF HÁGÆÐA RYKSUGUM FRÁ DYSON
JÓLAKAUPAUKI FYLGIR MEÐ SAECO KAFFIVÉLUM
LG OLED TV 4K
Active HDR
DOLBY VISION
EISA AWARD
JÓLAKAUPAUKI FYLGIR KITCHENAID
KIMBO
ESPRESSO BAR
KitchenAid
SONOS
KitchenAid
SEVERIN
ENDALAUSIR MÖGULEIKAR
MORGUNTVENNA Á TILBOÐI!
HRAÐSUÐUKETILL OG BRAUÐRIST SAMAN Á AÐEINS 26.990 KR.
SONOS HLJÓÐKERFIN
HÁGÆÐA HLJÓÐLAUSNIR SEM TENGJAST SNJALLTÆKJUM
ÚRVAL AF AUKAHLUTUM
BREYTTU HRÆRIVÉLINNI T.D. Í PASTA- EÐA ÍSGERÐARVÉL
SEVERIN ELDHÚSTÆKI
FJÖLBREYTT ÚRVAL AF ELDHÚSTÆKJUM Á FRÁBÆRU VERÐI
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF ÞRÁÐLAUSUM JBL HÁTÖLURUM OG HEYRNARTÓLUM ER HJÁ OKKUR
NÝTT BOOMBOX FRÁ JBL
NÝ HEYRNARTÓL FRÁ JBL
EISA AWARD
JBL
HEYRNATÓL FRÁ 4.990 KR. OG HÁTALARAR FRÁ 2.690 KR.
EISA AWARD
BETRA BORGAR SIG
Opið Laugardag 10 - 20 | Sunnudag 10 – 20
Frá 18. desember verður opið til 22 alla daga til jóla.
RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



Kristbjörg með börnum sínum, Sólrúnu níu ára og Hlyni fimm ára á föndurverkstæði Norræna hússins þar sem börnum býðst að spreyta sig á jólaföndri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Föndursmiðjur, jólaball og bíó

Jólaundirbúningurinn nær líklega hámarki hjá landsmönnum um helgina. Í Norræna húsinu verður í dag haldin Jólahátíð barnanna. Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir hjá Norræna húsinu er sjálf mikið jólabarn og hefur gaman af flestu jólastússi.

Foreldrar á höfuðborgarsvæðinu sem hafa ekki haft tíma eða ráð til að föndra með börnum sínum geta nýtt sér ókeypis aðstöðu í Norræna húsinu þar sem haldin verður jólahátíð barna í dag. Þar verða föndursmiðjur með nægu af efniviði. Húsið er opnað klukkan ellefu og síðar um daginn verður upplestur, jólaball og jólabíó.

Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir hjá Norræna húsinu prófaði föndurаðstöðuna með börnum sínum, Sólrúnu níu ára og Hlyni fimm ára. Áherslan á föndurverkstæðinu er á að endurnýta ýmislegt sem fellur til á venjulegum heimilum. „Það kom mér skemmtilega á óvart hversu gaman þeim fannst að endurhanna og nota hluti eins og mjólkurfernur og eggjabakka til að búa til jólaskraut. Við höfum virkilega lært mikið af föndurverkstæði Norræna hússins og við munum án efa stunda umhverfisvænna föndur í framtíðinni,“ segir hún.

Kristbjörg segist vera mikið jólabarn. „Ég er stöðugt að prófa nýja hluti fyrir jólin og er ekki að festa mig í neinum ákveðnum hefðum, ekki ennþá allavega. Það er svo margt skemmtilegt hægt að gera að ég vil endilega prófa sem flest. Ég hef ávallt gaman af því að kaupa jólagjafir og rölta um bæinn, en ég reyni að gera það snemma í desember svo ég verði ekki stressuð. Svo held ég líka mikið upp á að fara til mömmu og baka smákökur með fjölskyldunni. Mamma bakar venjulega fimm tegundir en ég aðeins eina og mikið af henni,“ segir Kristbjörg sem vafalaust hefur áhrif á það hversu desembermánuður er haldinn hátíðlega í Norræna húsinu.

Á fyrsta í aðventu var haldinn jólamarkaður með hönnuðum og handverksfólki sem seldi vistvænan varning. Þá var boðið upp á jólatónlist, glögg og norrænt hygge. Í dag er jólahátíð barnanna og á morgun verða hugljúfir jólatónleikar með norrænu ívafi.

Kristbjörg segir markmið Norræna hússins að miðla norrænni menningu til Íslendinga og framleiða skapandi menningarviðburði fyrir börn og ungmenni. „Allt sem við gerum tekur mið af þessum grunnþáttum starfsemi okkar. Norræna húsið hefur lagt metnað sinn í að skapa skemmtilegt umhverfi fyrir börn í kringum húsið og á barnabókasafni hússins en þar er að finna litríkt úrval af bókum og spilum fyrir börn og unglinga. Barnabókasafn Norræna hússins er opið alla daga vikunnar. Sömuleiðis höfum við lagt áherslu á að bjóða upp á gæðaviðburði fyrir börn allt árið um kring. Dæmi um viðburði eru Vatnsmýrarhátíðin, vinnustofur í tónlist, Öld barnsins og Airwaves Fjölskyldufjör,“ segir Kristbjörg frá.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**

## Dagskrá

**kl. 11.00 – 17.00**
Jólaverkstæði á neðri hæð Norræna hússins.

**kl. 11.00 – 17.00**
Þrautabók barnanna. Börn leysa þrautir. Bókasafn Norræna hússins.

**kl. 11.00 og 12.00**
Upplestur úr bókinni Jóladýrin eftir margverðlaunaða rithöfundinn Gerði Kristnýju í barnabókasafninu.

**kl. 13.45 – 14.30**
Jólaball með Þorra og Þuru. Jólasveinninn gæti litið við.

**kl. 15.00**
Jólamynd „Jól í Furufirði“ í Salnum.






**SELÁ Í VOPNA-FIRÐI**

# VEIÐIPERLAN SELÁ

Selá er enn ein perlan í bókaflokknum um laxveiðiár á Íslandi. Hérna er í fyrsta sinn fjallað um Selá, og veiðisvæðinu lýst á einstaklega skemmtilegan og aðgengilegan hátt. Bókin er ómissandi viðbót í flokknum um veiði sem Litróf hefur staðið að á metnaðafullan hátt. Bókina prýðir fjöldinn allur af vönduðum ljósmyndum sem varpa ljósi á stórkostlegt umhverfi Vopnafjarðar ásamt kortum af veiðisvæðinu. Bókin Selá er langþráð viðbót í safnið um laxveiðibækur. Fæst í öllum helstu bókaverslunum.

LITRÓF
Sími 563 6000 • www.litrof.is

# Nyrsti tannlæknir heims

**Sólveig Anna Þorvaldsdóttir** tók við sem tannlæknir í bænum Longyearbyen á Svalbarða fyrir um sex vikum. Hún ræðir um stöðuga ógn af ísbjörnum, fyrirhuguð riffilkaup og áfengiskvótann á eyjunni. Fjölskyldan reif sig upp úr góðu lífi frá Tromsö af hreinni ævintýraþrá og hlakkar til jólanna í kolniðamyrkri, en sólin mun sjást næst á eyjunni í mars.

Benedikt Bóas
benediktboas@365.is



Sólveig fór ofan í íshelli í vikunni eftir að hafa gengið upp á Larsbreen, jökul sem er sunnan við Longyearbyen.



Sólveig Anna ásamt guttunum fyrir framan skilti sem sýnir vegalengdir til nokkurra staða, t.d til norðurpólsins, en þangað eru 1.309 kílómetrar.

Við höfum lítið séð í kring um okkur og vitum varla hvernig bærinn lítur út því hér er svartamyrkur. Við erum búin að vera hér í einn og hálfan mánuð og líst mjög vel á. Þegar við komum hingað var að detta í svartamyrkur þannig að við eigum eftir að skoða bæinn og fjöllin í kring.

Við bjuggum í Tromsö og þar er þessi mikla dimma líka en samt sést alltaf aðeins til dagsljóssins í hádeginu. Hér er enginn munur á hádegi og miðnætti, það er bara alveg svart,“ segir Sólveig Anna Þorvaldsdóttir sem flutti nýlega til Longyearbyen á Svalbarða ásamt fjölskyldu sinni.

Þar er Sólveig tannlæknir en 35 sóttu um stöðuna. Tannlæknirinn sem var áður í bænum lét af störfum sökum aldurs en hann hafði verið þar í 14 ár og þessi staða því mjög eftirsótt vegna staðsetningar. Sólveig og unnusti hennar, arkitektinn Kristján Breiðfjörð, og synirnir Þorvaldur Kári og Bjarki Rafn, höfðu það gott í Tromsö þar sem þau höfðu búið síðastliðin fjögur ár. Sólveig rakst á auglýsingu um starfið í norska tannlæknablaðinu og sótti um nánast samdægurs.

Kristján starfaði á arkitektastofu og guttarnir höfðu það gott í skólanum. Það var því töluvert stökk að flytja til Longyearbyen sem er einn nyrsti bær veraldar. „Ég er nyrsti tannlæknir heims, það er enginn tannlæknir norðar en ég,“ segir hún og hlær. „Við vorum hvorugt að leita okkur að nýrri vinnu. Við vorum bæði mjög ánægð þar sem við vorum, og líka að búa í Tromsö,“ segir hún en hún var klínískur leiðbeinandi fyrir lokaársnemendur við Tannlæknaháskólann í Tromsö.

**Fjórir mánuðir af sólarleysi**

Sólin fer niður fyrir sjóndeildarhringinn þann 27. október í bænum og er alveg dimmt frá 11. nóvember til 30. janúar, sem heimamenn kalla „pólarnótt“. Sólin birtist svo aftur þann 8. mars og segir Sólveig að þá komi heimamenn saman á gömlu sjúkrahúströppunum til að klappa fyrir fyrstu sólargeislunum. „Þá er víst heil vika af hátíðarhöldum og mikið um að vera hér. Bæjarbúar safnast þá saman og bíða eftir að sólargeislarnir komi. Þegar þeir birtast er klappað og allir borða sólarbollur og þetta þykir mjög merkilegur dagur sem við bíðum spennt eftir. Svo 20. apríl fer miðnætursólin að skína og svo er bjart til 22. ágúst. Þannig að það eru fjórir mánuðir af svartnætti, fjórir mánuðir af sól og fjórir mánuðir þar sem þetta er skiptist á.“

Fjölskyldan hefur komið sér fyrir í tannlæknabústaðnum en vinnuveitendur skaffa yfirleitt húsnæðið á eyjunni. Reyndar er það svo að enginn má flytja til Svalbarða án þess að hafa vinnu. „Það er líka bannað að deyja á Svalbarða því það er ekki hægt að jarða viðkomandi. Um leið og fólk er orðið veikt er flogið burt með það. En auðvitað verða slys og fleira en veikt fólk fær víst ekki að búa hér.“ Hún bætir því við að það sé einnig bannað að fæða börn á eyjunni og þurfa konur að fara af eyjunni í kringum 37. viku.

> BÆJARBÚAR SAFNAST ÞÁ SAMAN OG BÍÐA EFTIR AÐ SÓLARGEISLARNIR KOMI. ÞEGAR ÞEIR BIRTAST ER KLAPPAÐ OG ALLIR BORÐA SÓLARBOLLUR OG ÞETTA ÞYKIR MJÖG MERKILEGUR DAGUR SEM VIÐ BÍÐUM SPENNT EFTIR.

Þá bendir hún á að þrátt fyrir þetta mikla myrkur sé bara fullfrískt fólk á eyjunni og lítið um þunglyndi. „Mér skilst að myrkrið sé ekkert svo erfitt fyrir þá sem búa hérna, en ég hef heyrt að þegar sólin kemur aftur þá verði fólk svolítið klikkað því það verður víst svo rosalega bjart. Það er víst minna um þunglyndi hérna en annars staðar þar sem er dimmt. Annaðhvort er hægt að búa hérna eða ekki og ég held að maður komist að því mjög fljótlega.

Þeir sem flytja hingað eru fólk með ævintýraþrá. Það er enginn að flytja hingað til að hanga inni. Maður er að flytja hingað til að fara upp á jökul, fara í snjósleðaferðir, fara í gönguferðir og upplifa ævintýri á hverjum degi.“

**Guttinn á ísbjarnaræfingu**

Longyearbyen er ekki afgirtur bær og því er auðvelt aðgengi fyrir ísbirni og síðast spókaði einn sig í bænum fyrir tveimur árum, í götunni fyrir neðan þar sem Sólveig og fjölskylda búa. „Það geta komið birnir hingað hvenær sem er. Fyrstu vikurnar höfum við kíkt út á morgnana og athugað hvort það sé ekki allt í lagi fyrir utan. Við viljum ekki sjá ísbjarnarspor í snjónum fyrir utan húsið okkar. Maður er ennþá pínu stressaður, þó við séum kannski orðin aðeins kærulausari núna. Við erum t.d. enn ekki tilbúin að leyfa Þorvaldi Kára að fara einum út að leika sér, en það þykir ekki mikið mál hjá heimamönnum.“

Þannig þurfti Þorvaldur að fara á ísbjarnaræfingu í skólanum, til að vita hvernig ætti að bregðast við ef ísbjörn myndi sjást. „Krakkarnir eru úti að leika sér í frímínútum og það er ísbjarnarvakt á nokkrum stöðum. Ef ísbjörn sést er skotið úr blysbyssu og börnin eiga þá að hlaupa inn í skóla eins hratt og þau geta.

Við megum ekki fara út fyrir bæinn nema að vera með riffil á okkur. Það er talið öruggt að vera þar sem götuljósin eru, en samt alltaf að vera með varann á. Riffillinn þarf að vera af nægilega stóru kalíberi til að maður geti varið sig fyrir ísbirninum.

Þannig að við erum að fara að kaupa riffil sem fyrst svo við komumst í göngutúra. Kristján er einmitt að skoða byssuskáp núna.“ Hún segir að allir sem sæki um ísbjarnarvarnarleyfi fái það og þegar það er komið þarf að velja byssu og æfa sig á skotsvæðinu. „Það er bannað að skjóta ísbjörn nema í algerri neyð. Hann verður að vera í minna en 35 metra færi og vera ógnandi, því þá er maður í bráðri lífshættu og þá á að skjóta því hann er bara nokkrar sekúndur að hlaupa þessa metra. Áður en byssan er notuð á að reyna allt til að hræða björninn í burtu, eða forða sér sjálfur.

Ef ísbjörn er skotinn er alltaf sett lögreglurannsókn af stað. Ef í ljós kemur að ekki var skotið í sjálfsvörn þá er það rosalega dýrt fyrir viðkomandi.“

**Tekur byssuna með sér hvert sem er**

Sólveig segir að þau Kristján þurfi að kaupa sér tvo vélsleða en þau hafa ekki átt bíl síðan þau fluttu frá Íslandi árið 2009. Fyrst ætluðu þau að vera aðeins eitt ár í Noregi en árin eru nú orðin átta og þau eru ekkert á leiðinni heim. „Ég sé það ekki gerast að við séum að flytja heim í bráð. Þetta er mjög spenn-




24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni
HAGKAUP
Meira svona alla daga



Fjallið í miðjunni heitir Sukkertoppen og féll snjóflóð í desember 2015 á bæinn þar sem tveir létust. Þegar þetta viðtal er skrifað er verið er að rýma nokkur hús á þessu svæði vegna yfirvofandi snjóflóðahættu. MYNDIR/SÓLVEIG ANNA



Sólveig ásamt fjölskyldu sinni með Longyearbyen í bakgrunni en vegna frosts í jörðu eru flest húsin byggð á stólpum. Húsið sem þau standa undir er þekkt í bænum. Að ofan er hún í kvöldgöngutúr með lánsriffil.





Þorvaldur Kári, sem er átta ára, eftir ísbjarnaræfingu í skólanum.



Bjarki Rafn, sem er tveggja ára, á leikskólanum sínum í miklu stuði.



Inngangurinn við matvörubúðina vekur eðlilega athygli.

andi og við eigum eftir að upplifa svo miklu meira.

Ég er í fastri vinnu og Kristján, sem þurfti að segja upp mjög góðri vinnu á arkitektastofu, er kominn með spennandi verkefni hér svo okkur líður strax mjög vel, eins og alls staðar annars staðar sem við höfum verið.

Það eru flestir hér á bíl en nánast allir eiga vélsleða og við þurfum að kaupa tvo því maður ferðast ekkert einn. Hér er ekkert símasamband fyrir utan bæinn og ef maður fer eitthvað út fyrir og sleðinn bilar þá er enginn nálægt og ekki hægt að gera ráð fyrir að einhver sé á ferðinni. Þannig að það þarf að vera á tveimur vélsleðum eða ferðast með öðrum, og skipuleggja sig mjög vel.

Svo er það víst þannig að maður tekur byssuna með sér hvert sem er. Ég er komin í smá æfingarhóp kvenna þar sem við erum meðal annars að draga dekk til undirbúnings fyrir göngu þvert yfir Spitsbergen og það verða alltaf tvær að taka riffilinn með sér.“

Hún segir að hver dagur sé ævintýri líkastur í Longyearbyen. „Þegar maður hugsar hvar maður er þá er það eitt stórt ævintýri. Ég er að vinna á sjúkrahúsinu og við erum u.þ.b. 20 þar. Ef það gerist eitthvað stórt, eins og snjóflóð sem er mjög líklegt því það eru snjóflóð á hverju ári, þá er neyðarteymi virkjað sem ég er í. Tannlæknirinn sem var hér á undan mér varð t.d. að hnoða eftir að snjóflóðið féll í hittifyrra.“

### Mikil menning í litlum bæ

Um 2.100 manns búa í bænum og segir Sólveig að mannlífið sé mjög mikið og bæjarbúar séu mjög duglegir að stytta sér stundir. Longyearbyen sé í raun stórbær í smábæjarlíki. „Við fáum húsnæði hér í gegnum vinnuna. Allir sem flytja hingað verða að vera með vinnu og þú mátt ekki búa hérna nema vera með vinnu. Flestir fá húsnæði frá vinnuveitendum. Longyearbyen er skattfrjáls staður og það fá allir áfengiskort sem tákn um fasta búsetu og þannig er kvóti á áfengi í hverjum mánuði. Áfengi er víst frekar ódýrt en matvara er dýr sem og ferskvara. Mjólkin er á 30 norskar krónur (375 ísl. kr.) en í Tromsö var hún á 12 norskar krónur (150 ísl. kr.).

Það er meiri kúltúr hér en í mörgum stærri bæjum. Hér eru merkilega margir góðir veitingastaðir, það er vínkjallari sem á að vera voðalega flottur þó við höfum ekki enn farið, hér eru mörg hótel, stórt íþróttahús, sundhöll, líkamsrækt, blómlegt íþróttastarf fyrir bæði börn og fullorðna, kirkja, háskóli, verslanir, glæsilegt bókasafn, bíó, leikhús, barir og mjög flott kaffihús.“

**LONGYEARBYEN ER SKATTFRJÁLS STAÐUR OG ÞAÐ FÁ ALLIR ÁFENGISKORT SEM TÁKN UM FASTA BÚSETU OG ÞANNIG ER KVÓTI Á ÁFENGI Í HVERJUM MÁNUÐI. ÁFENGI ER VÍST FREKAR ÓDÝRT EN MATVARA ER DÝR SEM OG FERSKVARA.**

Á sumrin tvöfaldast íbúafjöldinn. Skemmtiferðaskipin koma og fjölmargir ferðamenn svo öll hótel eru uppbókuð. „Það er mikill kúltúr hérna og það er alltaf eitthvað að gerast hvort sem er í myndlist, leiklist eða tónlist og bæjarbúar eru mjög duglegir að stytta sér stundir. Einnig ýmsir íþróttaviðburðir eins og skíðamaraþon, hlaupamaraþon og fjallahlaup – og er þá alltaf ísbjarnarvakt við keppnisleiðina.“

Dagurinn hefst á því að Sólveig fer með Þorvald í skólarútuna en skólinn er í um tveggja kílómetra fjarlægð frá miðbænum. Kristján fer með Bjarka í leikskólann sem er skammt frá sjúkrahúsinu áður en hann heldur heim á leið til að sjá um heimilið. Þegar hann fær fasta vinnu er stutt fyrir Sólveigu að taka þann yngri með sér. Hún bendir á að tannheilsa bæjarbúa sé góð en hún er þó að vinna töluvert mikið og lengi þar sem hún er eini tannlæknirinn fyrir yfir 2.000 manns, og mun að auki veita neyðarþjónustu fyrir ferðamenn.

„Ef vísindamenn og aðrir sem eru á afskekktum stöðum vegna vinnu sinnar hér fá tannpínu þá er hugsanlegt að flogið verði með mig til þeirra ef þeir geta ekki komið til mín. Þá er farið á þyrlu sýslumannsins og yfirleitt væri meðferðin að draga tönnina úr.“

Þeim Kristjáni og börnum líður vel í Longyearbyen og þau hlakka til að eyða jólunum í kolniðamyrkri. Í vikunni fór Sólveig í fjallgöngu upp á Larsbreen, jökul sem er sunnan við Longyearbyen, þar sem hún fór ofan í íshelli. „Við vorum 13 með höfuðljós og brodda í svartamyrkri og ég fékk lánaðan ísbjarnarvarnariffil til að taka mynd. Ætlaði að sýna bæinn í bakgrunninum, en það tókst ekki. Það var of mikið myrkur.“

**SAGA ÁSTU** EFTIR **JÓN KALMAN STEFÁNSSON**

★★★★★

– EINAR FALUR, MORGUNBLAÐIÐ



Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2017
bókaverslana




„Samið af gríðarlegri list … hann er bara einstakur.“
– EGILL HELGASON, KILJAN

„Á heildina litið er hér um að ræða stórgóða bók sem heldur lesandanum fram á síðustu blaðsíðu, textinn sjálfur er fallegur og rennur áreynslulaust áfram, frásagnarstíllinn er skemmtilegur og söguþráðurinn sjálfur er heillandi.“
– ANDRI M. KRISTJÁNSSON, VÍÐSJÁ

BENEDIKT B BÓKAÚTGÁFA

DYNAMO REYKJAVÍK

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





Peter og munkarnir á Kollaleiru keyra á milli bæja um jólin á jepplingi. Stundum eru veður vond og þá vandast málin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nóg að gera hjá Kapúsínamunkum á Íslandi

Þótt langstærstur hluti Íslendinga sé skráður í Þjóðkirkjuna er trúarlíf Íslendinga litskrúðugra en marga grunar. Á Reyðarfirði býr **Peter Kováčik** hettumunkur sem fékk köllun rétt rúmlega tvítugur og gaf allar eigur sínar. Hann flutti til Íslands fyrir tíu árum.

Peter Kováčik ferðast einu sinni í mánuði frá Reyðarfirði til Reykjavíkur á fund presta í Landakotskirkju. Hann er í reglu kapúsína, eða hettumunka, sem starfa í klaustri á Kollaleiru á Austfjörðum. Klaustrið er það fyrsta hér á landi frá siðaskiptum og Peter og tveir aðrir reglubræður hans vinna hörðum höndum að uppbyggingu þess.

Kapúsínar eru ein regla af mörgum sem eiga uppruna hjá Frans frá Assisi. Heiti reglunnar er dregið af háum, toppmynduðum hettum reglubræðra sem þeir bera yfir brúnum kuflum. Regla kapúsínabræðra var stofnuð á Ítalíu í upphafi 16. aldar.

**Sóknin spannar 700 kílómetra**

Munkar í kapúsínareglunni lifa í samfélögum og iðka fátækt. Þeir leggja stund á handavinnu, helga sig hugleiðingu og boðun fagnaðarerindisins, sjá um fátæka og sjúka, kenna og prédika. Munkana einkennir einfaldleiki, hjálpfýsi og glaðværð.

Peter notar ferðina til Reykjavíkur að sjálfsögðu einnig til að kaupa góðgæti til jólanna. „Við strákarnir úr sveitinni kaupum eitthvað gott á jólaborðið og kannski líka einhverjar jólaskreytingar,“ segir Peter og segist aðspurður ekki hafa áætlað að leggja leið sína í Costco. „En það er ágætis hugmynd,“ segir hann.

Þrír munkar búa og starfa á Kollaleiru og það er nóg að gera því sóknin spannar 700 kílómetra.

„Sóknin nær frá Skaftafelli til Raufarhafnar og það eru eru 650 í okkar sókn og það er því nóg að gera, sérstaklega um helgar,“ segir Peter en munkarnir keyra á milli bæja á jepplingi í öllum veðrum.

„Við erum mikið á ferðinni um helgar. Dæmigerður dagur hjá okkur hefst með bænastund klukkan átta á morgnana. Við fáum okkur morgunverð og þá er bænastund aftur um hádegið. Allan daginn sinnum við svo byggingarverkefnum, fræðslu og kennslu en við undirbúum börn undir þeirra fyrstu altarisgöngu eða fermingu,“ segir Peter, „en fimmtán börn í sókninni eru að læra til altarisgöng og um tíu til tólf börn læra undir fyrsta sakramenti eða fermingu. Það eru margir í kaþólskum söfnuði hér fyrir austan,“ segir Peter frá.

**Svaf í svefnpoka í jarðgöngunum**

Jólin eru annasamur tími. Þá geta veður orðið vond. „Ég byrja á því að fara á Höfn í Hornafirði þar sem verður messa, þaðan fer ég á Djúpavog til messu klukkan fjögur og aftur til Reyðarfjarðar þar sem verður messa klukkan tíu um kvöld. Stundum getur þetta orðið erfitt, sérstaklega ef það gerir vont veður. Ég hugsa að það hafi verið fyrir um tveimur árum sem gerði aftakaveður. Það var mjög hvasst, örugglega allt að 60 metrar á sekúndu. Þegar ég átti stutt eftir að klaustrinu, rétt kominn úr jarðgöngunum, festist ég í skafli. Þetta var seint um kvöld og ég átti stutt eftir heim. Ég náði að moka bílinn út og bakka inn í jarðgöngin. Þar svaf ég í svefnpoka þar til óveðrinu slotaði,“ segir hann.

Peter var rétt rúmlega tvítugur þegar hann fékk köllun. „Ég vissi ekki hvað var að gerast. Bróðir minn var í prestaskóla í Róm og við fórum nokkur að heimsækja hann. Ég var að bíða eftir rútu eftir messu þegar ég heyrði rödd innra með mér sem sagði: Komdu að fylgja mér. Ég var í Róm í nokkrar vikur og þetta sótti á mig. Ég ákvað loks að ræða þetta við vini mína og þeir sögðu mér frá því þegar þeir fengu sína köllun. Þá skildi ég þetta. Ég vissi að guð ➡

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS



4., 5. OG 6. JANÚAR

# VÍNAR TÓNLEIKAR

**Karen Kamensek** hljómsveitarstjóri
**Valgerður Guðnadóttir** einsöngvari
**Kolbeinn Ketilsson** einsöngvari

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar og eru ómissandi upphaf á nýju ári.

Nokkur af djásnum valsakóngsins Johanns Strauss prýða efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA



Íslenskt vetrarmyrkur getur verið þrúgandi. Peter á ráð við því, fær sér nóg af hvítu súkkulaði og spilar kántrítónlist. Hann hefur líka nóg að gera í risastórri sókn fyrir austan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

➡ væri að kalla á mig í þjónustu sína. Ég vissi hins vegar að ég væri ekki þeirrar gerðar að verða prestur. Ég er ekki nógu sterkur. Ég hafði þörf fyrir að sinna köllun minni í samfélagi við aðra,“ segir Peter.

„Það eru um sex reglur sem eru allar greinar út frá heilögum Frans frá Assisi. Ég heimsótti þær allar og kynnti mér samfélögin og starf þeirra. Að lokum stóð valið á milli reglu jesúíta og kapúsína. Ég valdi reglu kapúsína sem vilja vera bræður allra í samfélaginu og vera nálægt guði.

Ég var athafnamaður og gaf allt sem ég átti. Ég var 23 ára gamall. Fyrir síðustu aurana keypti ég mér ferð til landsins helga. Reglubræður tóku vel á móti mér og kenndu mér. Ég kom svo til Íslands í fyrsta sinn árið 2005 á þriggja mánaða námskeið. Ég flutti árið 2007 og hef því nú búið hér í tíu ár.“

**Góðar móttökur á Íslandi**

Peter talar nærri lýtalausa íslensku og segir móttökur á Reyðarfirði hafa verið hlýjar.

„Við fengum mikla hjálp, við reglubræður sem fluttumst hingað. Það er sérstakt í fari Íslendinga hvað þeir eru hjálpsamir. Við fórum í það verkefni að endurbyggja gamalt hús og breyta því í klaustur. Við erum í byggingarvinnu og viðhaldi hvað það varðar. Við fengum mikla leiðsögn um bygginguna og efnivið og tæki. Mér finnst viðmótið dýrmætt. Ég er húsgagnasmiður og mikið af vinnu minni fyrir austan fer í byggingu og viðhald, ég geri við húsgögn, smíða þau, endurgeri og laga.“

Peter og reglubræður hans taka þátt í samfélagshjálp til bágstaddra í Fjarðabyggð. „Við gerum það í samstarfi við bæinn og hjálparsamtök á borð við Mæðrastyrksnefnd. Við útdeilum til dæmis úr sérstökum jólasjóði og ef einhver kemur og biður okkur um hjálp, þá finnum við út úr því,“ segir Peter.

Það eru ekki bara bágstaddir Íslendingar sem njóta hjálpfýsi reglubræðra. Ferðamenn sem koma til landsins hafa beðið þá um aðstoð.

„Við höfum hjálpað ferðamönnum sem koma hingað og eiga ekki fyrir mat eða gistingu. Þeir hafa kannski keypt sér ódýran flugmiða, koma svo hingað og þá kemur þeim á óvart hvað það er dýrt að lifa á Íslandi. Þeir kvarta undan verði á gistingu og mat. Við höfum skotið yfir þá skjólshúsi og náð í mat úr frystikistunni.“

**VIÐ HÖFUM HJÁLPAÐ FERÐAMÖNNUM SEM KOMA HINGAÐ OG EIGA EKKI FYRIR MAT EÐA GISTINGU.**

**Hvítt súkkulaði og kántrí**

Petur segir að með aldrinum finnist honum sífellt erfiðara að höndla vetrarmyrkrið en á við því gott ráð.

„Íslendingar drekka kaffi. Ég borða hins vegar mikið af hvítu súkkulaði,“ segir Peter og klappar á bumbuna á sér. „Þess vegna er ég svona vel í holdum,“ segir hann og skellir upp úr.

Þeir reglubræður gera ýmislegt annað sér til dægrastyttingar en að borða súkkulaði. „Við spilum músík. Ég er mikill aðdáandi kántrítónlistar, hlusta á kántrítónlist frá Tyrklandi og Slóvakíu,“ segir hann.

Peter greinir frá því að það hafi fjölgað mjög mikið í kaþólska söfnuðinum síðustu ár. Svo mikið að biskupinn yfir kirkjunni á Íslandi leiti um allan heim að prestum og reglubræðrum til starfa.

„Á þessu ári eru nýskráðir í kringum fimm hundruð manns. Kaþólskir eru um fjögur prósent hér á Íslandi þannig að af því má sjá að vöxturinn er mjög mikill og biskupinn leitar að prestum til starfa.“

Peter segist aldrei hafa séð eftir ákvörðun sinni. „Mér finnst ég njóta gæfu að hafa fengið köllun. Lífið er gott.“

## Mikill vöxtur hjá Kaþólsku kirkjunni

**Sjö sóknir**

Kaþólska kirkjan á Íslandi er eitt biskupsdæmi, sem er skipt niður í sjö sóknir:

- Kristssókn (Reykjavík, Vesturland)
- Sókn hl. Jóhannesar postula (Vestfirðir)
- St. Maríusókn (Suðurland)
- St. Jósefssókn (Hafnarfjörður)
- St. Pétursókn (Norðurland)
- St. Þorlákssókn (Austurland)
- St. Jóhannesar Páls II sókn (Suðurnes)

Biskupssetur er í Landakoti, Reykjavík, og biskupskirkjan er Dómkirkja Krists konungs í Landakoti.

Þessi kirkja er einnig ‚basilíka‘ eða höfuðkirkja, sú eina á Norðurlöndum.

**Biskupinn í Róm**

Biskupsdæmið Reykjavík tilheyrir rómversk-kaþólsku kirkjunni. Höfuðstjórnandi hennar er biskupinn í Róm,

**Kapúsínar**

Kapúsínar eða hettumunkar eru eftirmenn heilags Frans frá Assisi. Heiti reglunnar er dregið af háu, toppmynduðu hettunum sem þeir bera yfir kastaníubrúnu kuflunum sínum. Reglan var stofnuð á Ítalíu í upphafi 16. aldar og nú er á annan tug þúsunda munka í reglunni.

Munkar í kapúsínareglunni lifa í samfélögum og iðka fátækt. Þeir leggja stund á handavinnu, helga sig hugleiðingu og boðun fagnaðarerindisins, sjá um fátæka og sjúka, kenna og prédika. Munkana einkennir einfaldleiki, hjálpfýsi og glaðværð.




**Súrkálssúpa og fiskur**

En er eitthvað sem kapúsínamunkar mega ekki gera? Þurfa þeir að fylgja ákveðnum lífsreglum?

„Það er ekki svo neikvætt í mínum huga. Ég hugsa ekki um að ég megi ekki gera hluti. Mig langar til dæmis ekki að kvænast. Við megum drekka áfengi en ég vel að gera það ekki. Við föstum stundum og biðjum. Líf okkar er í auðmýkt og gleði. Við viljum vera nálægt guði og hjálpa samferðafólki okkar.“

Nú þegar jólahátíðin nálgast huga bræðurnir að matargerð. Íslensk matargerð finnst Peter ekkert ólík slóvanskri. „Nei, matargerðin hér er ekkert endilega allt öðruvísi. Slóvökum finnst að vísu skrýtið að borða hákarl og skötu. Mér finnst skata hins vegar góð og ætla að borða hana á Þorláksmessu. Á jólunum borðum við kartöflusalat, fisk og súrkálssúpu,“ segir Peter um jólahefðir í klaustrinu fyrir austan sem tengjast upprunanum.





VERTU KLÁR Í BREKKURNAR
Herra- og dömuskíðaskór
Verð frá: 29.990 kr.
Skíðahjálmar
Verð frá: 11.990 kr.
North Face húfur
Verð frá: 3.990 kr.
Skíðadeild Útilífs
er í Smáralind
Herra- og dömuskíði með bindingum
Verð frá: 49.990 kr.
20%
AFSLÁTTUR
AF SKÍÐAPÖKKUM
Skíðapakkar fyrir fullorðna
Verð frá: 64.000 kr.*
JÓLA
TILBOÐ
North Face Thermoball úlpur
Herra- og dömusnið - margir litir
Verð nú: 19.990 kr.*
Verð áður: 27.990 kr.
Deuter Futura bakpokar
Verð frá: 19.990 kr.
Skíðagleraugu í úrvali
Verð frá: 6.990 kr.
Brettapakkar fyrir börn
Verð frá: 48.000 kr.*
Brettapakkar fyrir fullorðna
Verð frá 81.000 kr.*
20%
AFSLÁTTUR
AF BRETTAPÖKKUM
North Face hanskar
Verð frá: 6.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI • SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
ÁRNASYNIR



Hilmar Foss í „Stóra húsinu“. Flugvélin er Cessna 150 árgerð 1973. „Helgi Jónsson flugmaður gaf mér vænginn, en hann var skemmdur og því í lagi að opna að hluta svo innviðir sæjust,“ segir Hilmar. Ljósin yfir billjardborðinu rakst Hilmar á og keypti í Góða hirðinum er hann var þar að fylgja dóttur sinni. „Var ekta ljós fyrir snókerborð, aldrei notað og kostaði heilar 1.500 krónur.“ MYNDIR/VILHELM

# Gersemar geymdar á Garðskaga

**Hilmar Foss** íhugar leiðir til að hleypa almenningi að einstöku safni forvitnilegra og skemmtilegra muna sem honum hafa áskotnast í gegnum tíðina og prýða nú stóra skemmu nærri heimili hans á Garðskaga.




Ýmsir bílar og hluti úr flugvél í einum salnum. Gína í búningi breska flughersins í forgrunni. „Gínan var auglýst þegar verslunin Elfur á Laugavegi hætti. Mér datt í hug að það væri góð hugmynd að eignast gamla gínu og fór og sótti hana á laugardegi í góðu veðri. „Daman“ var aðeins klædd í rauðar blúndunærbuxur og eina bílastæðið sem ég fékk var á Grettisgötu. Það var ekkert annað að gera en að „rölta“ með dömuna fáklædda þangað,“ rifjar Hilmar upp.

Þetta er bara dót,“ segir Hilmar Foss um ýmsa stórmerkilega og spennandi muni sem hann hefur komið fyrir í stórri skemmu nærri íbúðarhúsi sínu á Garðskaga.

Óhætt er að segja að kenni ýmissa grasa í dótinu hans Hilmars. Glæsibifreiðar og flugvélar eru þar innan um gamlar bensíndælur, endann af gamla barnum úr Hressingarskálanum, köfunarbúning, siglingaljós úr gamla Goðafossi og hvað eina.

„Ég kalla þetta bara Stóra húsið,“ segir Hilmar um safnið sitt sem hann kveðst aldrei hafa hugsað sem safn.

*En hvernig byrjaði þetta allt saman?* „Þetta byrjaði aldrei en umgjörðin sem var þegar maður ólst upp var fótógenísk, huggguleg og skemmtileg,“ útskýrir Hilmar og á þar við æskuheimili sitt hjá foreldrum sínum, þeim Hilmari Foss, löggiltum skjalaþýðanda og dómtúlki, og Guðrúnu G. Foss. Hann rifjar upp þegar hann var lítill drengur og fjölskyldan bjó á Þinghólsbraut í Kópavogi.

„Við mamma fórum austur í sveitir þar sem mamma þekkti gamla konu sem hét Aldís og var næstum bogin ofan í gólf. Aldís hafði komist á snoðir um gamlan strokk sem lá úti í móa. Við fórum og sóttum ➡

> ÞAÐ ER EINS OG MAÐUR SEGIR Á ENSKU: IT SEEMED LIKE A GOOD IDEA AT THE TIME.




Fyrsti hreyfillinn frá Pratt & Whitney. „Sá fyrsti var tilbúinn á aðfangadag árið 1925. 34.966 hreyflar voru framleiddir allt til ársins 1960 og þeir eru enn í notkun,“ segir Hilmar. Lockheed Electra flugvél Ameliu Earhart var með tveimur slíkum hreyflum sem vega rúm 400 kíló. Amelia hvarf ásamt siglingafræðingi sínum, Fred Noonan, yfir Kyrrahafi í júlí 1937.

markhönnun ehf

# netto




**SPURNINGABÓKIN 2017**
GUÐJÓN INGI EIRÍKSSON
**1.104 KR STK**




**LEITIÐ OG FINNIÐ**
GUNNAR KR. SIGURJÓNSSON
**1.624 KR STK**




**HVOLPASÖGUR**
GUNNAR KR. SIGURJÓNSSON
**1.949 KR STK**




**GÓÐAR GÁTUR**
GUÐJÓN INGI EIRÍKSSON
**1.104 KR STK**




**FÓTBOLTASPURNINGAR**
GUÐJÓN INGI EIRÍKSSON
**1.104 KR STK**




**BESTU BARNABRANDARARNIR**
HEIMSKLASSA GRÍN
**1.104 KR STK**




**HÍF OPP!**
GUÐJÓN INGI EIRÍKSSON
**2.274 KR STK**




**ANNA - EINS OG ÉG ER**
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR
**4.744 KR STK**




**VARGÖLD Á VÍGASLÓÐ**
MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON
**5.004 KR STK**




**MAGNI - ÆVISAGA**
RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON
**5.004 KR STK**




**HÉRASPRETTIR**
GAMANSÖGUR AF HÉRAÐI
**2.534 KR STK**




**ALLI RÚTS**
HELGI SIGURÐSSON
**4.543 KR STK**




**MANNLÍF Í HÚFI**
FRIÐRIK G. OLGEIRSSON
**5.784 KR STK**

**Tilboðin gilda 16. - 17. desember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss




**Blái bíllinn fremst er MGB-GT, árgerð 1975. Breska leikkonan Hayley Mills átti bílinn á undan Hilmari og Margréti Rósu Pétursdóttur konu hans. Þau eignuðust bílinn fyrir þrjátíu árum. „Rósa sá hann nærri Harrods í London með „for sale“ í glugga,“ segir Hilmar. Þá sést í hvítan Jaguar MK2 3.8 árgerð 1960 og dökkbláan Jaguar XJ6 árgerð 1976. Guli Jagúarinn, er E-Type árgerð 1969.** MYNDIR/VILHELM




**Hilmar segir að kafarabúninginn, sem sést að baki hans, hafi séntilmaðurinn Emil Kristjánsson átt. Búningurinn sé frá árinu 1960. „Emil stundaði köfun og aðstoðaði meðal annars við að skera úr skrúfum báta og þess háttar. Hann féll frá fyrr á þessu ári, 87 ára gamall,“ segir Hilmar.**




**„Eldhúsið okkar – barinn – annar endinn af langa barnum, sem var á Hressó í Austurstræti. Einfaldasta eldhúsinnréttingin, sem mér datt í hug. Hinn endinn er í ísbúð í Keflavík og miðjan sést að segja einhvers staðar,“ segir Hilmar. Fjölskyldan er stundum með borðhald í skemmunni er gesti ber að garði.**

➡ strokkinn og hann er núna í Stóra húsinu,“ segir Hilmar frá. Þannig að þetta var alltaf partur af prógramminu – svipað og að sá sem er alinn upp við músík er líklegur til að spila á gítar.“

Meðal hluta sem Hilmar á enn er leikfangajárnbraut sem hann fékk er hann var tíu ára. „Ég á hana í kassanum. Það var ekki viljandi, það bara gerðist. Það er allt á sínum stað – við gætum sett hana upp á eftir og farið að leika okkur,“ segir hann.

*En hendir Hilmar engu?*

„Jú rusli,“ svarar hann strax.

Hluti af mununum er frá foreldrum Hilmars. „Svo hefur annað bara slysast inn. Það er eins og maður segir á ensku: It seemed like a good idea at the time. Það eru hlutir sem grípa augað hverju sinni,“ útskýrir hann hvernig hlutirnir veljast.




**Núma rímur sluppu er hús ömmu Hilmars í Hafnarstræti 11 brann rétt fyrir jól árið 1941.**

Hilmar er að velta fyrir sér hvernig hann geti hleypt fólki að því að skoða þetta merkilega safn sem er ekki safn. Þegar hafi nokkrir hópar skoðað sig um í Stóra húsinu og hann segir viðbrögðin hafa verið góð. Meðal annars hafi litið við hópur fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslunnar og þótt mjög skemmtilegt. „Nú veit ég hvernig himnaríki lítur út, sagði einn sem kom hingað og pakkaði fyrir sig og fór.“

Meðfylgjandi myndir sýna brot af samansafni Hilmars af alls kyns skemmtilegum munum sem má sjá í Stóra húsinu.

*En er einhver hlutur sem Hilmar hefur alltaf langað í en ekki komist yfir ennþá?* „Allt frá því ég var lítill strákur hefur verið draumur að eignast parísarhjól, það er ágætt að eiga draum, sem endist alla ævina,“ segir Hilmar Foss. **gar@frettabladid.is**



**Stofa foreldra Hilmars í Pósthússtræti 13 var um það bil svona. „Sófinn fór einu sinni til lagfæringar til bólstrara og kom grænn til baka. Hef ekki fundið sambærilegt áklæði enn til leiðréttingar. Skápurinn er frá 1860, mikil listasmíð. Þarna var áður hús langafa, Kristjáns Jónssonar, háyfirdómara og ráðherra, föður ömmu minnar, Elísabetar Láru Foss.“**


„LESIÐ HANA HELST TVISVAR.“
HELGA BIRGISDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★
„Fáir rithöfundar hafa jafn fágaða stílvitund og Gerður … Launfyndin saga sem leynir á sér.“
HELGA BIRGISDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★
„Mjög fyndin … *Smartís* ætti að höfða bæði til unglinga og fullorðinna.“
MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR / DV
„… Sagan er skemmtilega skrifuð.“
INGVELDUR GEIRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ
„Bók sem er þess virði fyrir heilt heimili að lesa og ræða.“
HAUKUR INGVARSSON / KILJAN
„Stíllinn er skemmtilegur og það er léttleiki og fyndni, en líka alvara … Mér fannst mjög gaman að lesa hana.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN
GERÐUR KRISTNÝ
SMARTÍS
Skáldsaga
Reykjavík á 9. áratugnum
Unglingur fótar sig í tilverunni
Meitluð og áleitin skáldsaga
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–19

# Verðandi ráðherra er rappstjarna

**Herra Hnetusmjör** er einn vinsælasti tónlistarmaður landsins. Hann á eitt vinsælasta lag landsins, nýjasta platan hans er í fyrsta sæti á Spotify og útgáfutónleikar í vændum. Hann stefnir á framtíð í fjölmiðlum, jafnvel pólitík en faðir hans var félagsmálaráðherra.



Herra Hnetusmjör byrjaði að rappa í hálfgerðu gríni en vinnur í dag sem rappari. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Herra Hnetusmjör er rappari. Hann er 21 árs, fæddur og uppalinn í Kópavoginum og er gríðarlega stoltur af því. Hann stjórnar útvarpsþætti á ÁttanFM, á eitt vinsælasta lag landsins og gaf nýlega út vinsælustu plötu landsins. Blaðamaður hittir rapparann Herra Hnetusmjör á kaffihúsi þar sem hann situr með skínandi gulltennur – það fer ekki á milli mála að hér er um rappstjörnu að ræða.

*Ætli það sé hægt að vera rappstjarna að eilífu á Íslandi?* „Ég væri til í að vera rappstjarna að eilífu. En kannski hættir rapp að vera kúl eftir viku og svona ótrúlega „mainstream“ þannig að það verður ekki hægt að lifa á því lengur – þannig að ég er að byggja upp smá grunn að öðru starfi. Ég sé mig alltaf fyrir mér í sjónvarpi – mig langar mest að stjórna einhverjum svona Family Feud þætti, „on my Logi Bergmann shit“,“ segir Herra Hnetusmjör kíminn, en það sést langar leiðir að hann gæti vel plumað sig sem fjölmiðlamaður og honum finnst ekki leiðinlegt að koma fram.

### Verðandi menntamálaráðherra

Herra Hnetusmjör stjórnar útvarpsþættinum GalsaBois á ÁttunniFM þar sem hann byggir upp grunn að framtíðarferli sínum.

„Það er svona fyrsti pallurinn, næst er það sjónvarpsþátturinn, að vera fréttamaður kannski. Pabbi minn var fréttamaður og afi minn líka, hann var meira að segja fyrsti sjónvarpsfréttamaðurinn á landinu – „legend in the game“.“

Faðir Herra Hnetusmjörs er Árni Magnússon, fyrrverandi félagsmálaráðherra, sem starfaði um hríð sem blaða- og dagskrárgerðarmaður í bæði útvarpi og sjónvarpi og afi hans er Magnús Bjarnfreðsson sem meðal annars vann að undirbúningi stofnunar sjónvarpsstöðvar RÚV árið 1966.

*En hvað með að fara í stjórnmálin?* „Það gæti alveg verið. Ég sé mig alveg fyrir mér sem menntamálaráðherra að afnema dönskukennslu. Það er eitt af mínum takmörkum í lífinu,“ segir Herra Hnetusmjör hlæjandi. Hann var á félagsfræðibraut í MK þar sem hann ætlaði sér í fjölmiðlafræði eftir stúdent – en þá kom rappið til sögunnar.

„Mér fór að ganga vel í rappinu og fór að sinna því meira en skólanum,“ segir Herra Hnetusmjör. Og því fór sem fór. Þó gefur hann ekki mikið fyrir að það fari mikið fyrir einhvers konar rokkstjörnulífsstíl hjá sér, allavega ekki lengur.

„Ég ákvað bara að kúpla mig út úr þessum lífsstíl fyrir ári, þannig að ég er eiginlega ekkert inni í þessu lengur. Í einu skiptin sem þú sérð mig er ég þar sem ég á að vera samkvæmt samningi – ef ég er að spila og svoleiðis. Ég er ekkert mikið í þessum lífsstíl meira en ég þarf, þetta er hundrað prósent vinna hjá mér.

Ég hef náttúrulega brennandi áhuga á senunni og fylgist með öllu sem kemur út og þannig – en ég þarf ekkert endilega að vera á staðnum, í partíinu. Ég fylgist bara mjög vel með á netinu og síðan eru nánast allir vinir mínir í þessari senu – þannig að ég þarf ekki að kúpla mig algjörlega út. En þú veist, á kvöldin er ég bara „chillandi“ að horfa á Netflix og plotta.“



**ÉG SÉ MIG ALVEG FYRIR MÉR SEM MENNTAMÁLARÁÐHERRA AÐ AFNEMA DÖNSKUKENNSLU. ÞAÐ ER EITT AF MÍNUM MARKMIÐUM Í LÍFINU.**

### Fyrsta rappið var paródía

Rapparinn Herra Hnetusmjör varð til þegar hann var í grunnskóla. Þetta var í kringum árið 2008 en þá var íslenskt hiphop ekki nærri því jafn vinsælt og mögulega var metnaðurinn og gæðin eitthvað lægri.

„Það sem var að gerast var eiginlega frekar kjánalegt. Okkur strákunum fannst íslenskt rapp eiginlega bara alveg hræðilegt. Ég var svo lítill þegar Rottweiler-sprengjan varð þannig að ég man eiginlega ekkert eftir henni – það var samt alveg töff. En rappið þegar ég var tólf, þrettán ára var það ekki.

Þannig að við byrjuðum að rappa í hálfgerðu djóki, til að gera grín að því hvernig þetta var – við hlustuðum mikið á amerískt rapp, sem var geðveikt; Lil Wayne, Snoop Dogg og Ice Cube og þannig. Okkur fannst íslenskir rapparar ekki nettir og upp úr þessu kom nafnið Herra Hnetusmjör, sem var grín, og ég kom með það þegar ég var í sjötta bekk.

En svo þegar ég var í menntaskóla byrjaði ég að sinna þessu aðeins meira, æfa mig og varð bara góður. Síðan komst ég í samband við Erp og var bara: „Ókei, ætla ég að verða rappari? Og hvað ætla ég að kalla mig?“ Ég ákvað bara að nota gamla nafnið mitt og úr varð Herra Hnetusmjör.“

### Hvað ungur nemur, gamall temur

Erpur Eyvindarson, Blaz Roca, var hálfgerður kennari Herra Hnetusmjörs í byrjun ferilsins.

„Já, Erpur var mentorinn minn um tíma. Ég og nokkrir strákar í MK gerðum lag saman og ég sendi textann á Erp á Facebook og var bara: „Yo, ertu til í að hoppa á þetta með okkur? Við erum nokkrir úr Kópavogi hérna.“ Hann vildi fá að heyra lagið fyrst og fannst textinn ekki nóg. Síðan var ég alltaf að senda demó á hann og hann tók vel í það. Svo fór hann að taka mig með á gigg, þar sem ég var „hype-maður“ fyrir hann.

Seinna meir gaf ég út Elías, fyrsta lagið mitt, og þá byrjaði þetta aðeins að rúlla. Ég tók lagið alltaf uppi á sviði með Erpi. Hann kenndi mér hvernig þetta virkaði. Og sagði mér auðvitað hvaða romm ætti að drekka og hvað ætti ekki að drekka – ég lifði í þeirri blekkingu í alveg tvö ár að mér þætti romm gott. Romm er ógeðslegt.“

Herra Hnetusmjör segir Erp hafa opnað ýmsar dyr fyrir sér og kennt sér mikilvægar lexíur eins og að það ætti ekki að drekka þegar spilað er á menntaskólaböllum – eitthvað sem aðrir í rappsenunni hafa brennt sig á.

Erpur fylgist grannt með því sem er að gerast í Kópavoginum en Herra Hnetusmjör segist pínu hafa tekið við af honum núna og grandskoða það sem á sér stað í heimabænum. Ýmislegt af því sem á sér stað í rappbylgjunni sem flæðir yfir Ísland um þessar mundir á sér rætur í Kópavoginum – Jón Bjarni og Aron Rafn pródúsera Aron Can, rapparinn Birnir og auðvitað pörupiltarnir Herra Hnetusmjör og hans nánasti rappfélagi Joe Frazier. Kópavogurinn er víða.

Og Herra Hnetusmjör er stoltur af bænum sínum – undirritaður skrifaði til að mynda frétt fyrir nokkru af því að hann hefði fengið sér stærðarinnar húðflúr á magann með orðunum „KÓP BOI“ sem gætu til að mynda útlagst sem „Kópavogspiltur“ á íslensku. KÓP BOI er líka nýjasta plata Herra Hnetusmjörs, en hún kom út nú á dögunum og hefur hverju lagi á plötunni verið streymt á bilinu 30 til 50 þúsund sinnum þegar þessi orð eru skrifuð.

### Athyglissjúkur, ofvirkur söngfugl

Talið berst að plötusölu og hvar framtíðin sé í útgáfu.

„Ég hef gefið út tvær plötur og eina EP-plötu og það er allt „streaming“.

*Þú ert svona straumbarn?* „Já, í raun og veru – það er svo stutt í að geisladiskurinn deyi. Ég er búinn að vera að vinna að smá nýju konsepti varðandi plötuútgáfu, en lokamánuðurinn í að vinna að plötunni var svo stressandi að ég náði ekki að gera það – en ég vil vera fyrstur til að gera þetta, þannig að ég ætla ekki að kjafta frá. En þetta verður næsta verkefni hjá mér.“

Platan er öll unnin af þeim félögum Herra Hnetusmjöri og Joe Frazier nema lagið Lítur allt út fyrir það sem er pródúserað af Lárusi Erni, manninum á bak við líklega einn stærsta smell Íslandssögunnar, Neinei, með Áttunni. Á plötunni má heyra Herra Hnetusmjör syngja, en það hefur ekki mikið borið á því áður – til að mynda syngur drengurinn eins og engill í laginu Vinna og ýmsir á samfélagsmiðlum veltu fyrir sér hvort þetta væri raunverulega röddin í þessum annars djúpraddaða rappara.

„Þetta er nýtt hjá mér. Ég er búinn að vera að syngja „low-key“ í einhvern tíma en hef ekkert gefið út af því. Mínar fyrirmyndir í tónlist þegar ég var yngri voru meðal annars Stefán Hilmarsson og Björgvin Halldórsson, þannig að það var bara tímaspursmál hvenær ég myndi gera þetta. Mér fannst það koma mjög vel út. Ég ákvað að gera þetta epískt – sex og hálf mínúta, Jenni úr Sálinni á saxófón og Hans, faðir hans sem var í Lúdó og Stefán, spilar líka á saxófón. Svo er langt píanó frá Baldvin Snæ.“

*Hefurðu stúderað söng eitthvað?* „Jájá, ég var í Sönglist í Borgarleikhúsinu þegar ég var yngri. Ég var auðvitað athyglissjúkur og ofvirkur þannig að ég var settur þangað. Svo þegar ég var í þriðja, fjórða bekk var ég í Söngskóla Siggu Beinteins.“

Fram undan er endalaus spilamennska sem fylgir rapplífinu, þar á meðal útgáfutónleikar í Gamla bíói nú í kvöld þar sem nánast öll íslenska rappsenan kemur upp á svið með honum.

# Breyttur afgreiðslutími um helgina

## 16. des. laugardagur 10-18

## 17. des. sunnudagur 12-18




**1.798** kr./kg

**2.698** kr./kg




**HANGIFRAMPARTUR ÚRB.**
verð áður 1.998 kr./kg

**HANGILÆRI ÚRB.**
verð áður 3.198 kr./kg

**495** kr./kassinn




**KLEMENTÍNUR 2,3KG**

**1.498** kr./kg




**FK HAMBORGARHRYGGUR**
verð áður 1.698 kr./kg




**TAKTU ÞÁTT**
Í SKEMMTILEGUM LEIK
og þú átt möguleika á
**AÐ EIGNAST iPHONE X!**
**APPLE TV**
INNEIGNARKORT ÓB
GJAFARKORT FJARÐARKAUPA

FK
FJARÐARKAUP

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - **Tilvalið gjafakort**

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. **www.fjardarkaup.is**

FK
FJARÐARKAUP

# Alltaf aukadiskur og extrastóll

**Ewa Kromer** er ein þeirra fjölmörgu Pólverja sem sest hafa að á Íslandi og halda í sínar jólahefðir frá heimalandinu. Þar sem Ewa er kaþólsk fer hún í Landakotskirkju í messu á aðfangadagskvöld en fyrst ber hún fram dýrindis máltíð sem samanstendur af rauðrófusúpu og margs konar fiskréttum.



„Súpan er sérstaklega búin til vegna litarins – og auðvitað líka bragðsins,“ segir Ewa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is




Við byrjum jólin um klukkan sex á aðfangadagskvöld eins og siður er hér á landi. Í Póllandi er talað um að hefja hátíðina þegar fyrsta stjarnan er komin á himininn. Áður en jólamáltíðin hefst brjótum við niður oblátur, eins og prestarnir gefa fólki þegar það fer til altaris, og biðjum hvert fyrir öðru og óskum gleðilegra jóla,“ segir Ewa Kromer þegar hún er beðin að lýsa jólahaldi sínu að pólskum sið.

Að þessu sinni verða bróðir Ewu og fjölskylda hans, kona og tveir synir, hjá henni um jólin. „Þau koma til mín frá Englandi. Svo verður systir mín sem býr í Breiðholti hjá mér á aðfangadagskvöld og líka mamma mín. Mamma er orðin áttræð og hún er blind. Ég veit að það verður gaman að hittast.“

Auðvitað eru lagðir diskar á borð fyrir alla sem ætla að borða saman og svo er alltaf bætt við aukadiski og viðbótarstól ef einhver skyldi banka óvænt á dyr. Það er gamall pólskur siður, að sögn Ewu. „Mamma gerði þetta alltaf og ég held í þá hefð,“ segir hún og bætir við: „Ég hugsa að allir geri það enn í Póllandi. Þar eru svo margir heimilislausir.“

Ewa segir ekki til siðs að borða kjöt á aðfangadagskvöld, heldur samanstandi jólamáltíðin af rauðrófusúpu – barszcz czerwony á pólsku – og soðnum hálfmánum með súrkáls- og sveppafyllingu – pierogi z kapusta i grzybami – á pólsku. „Súpan er sérstaklega gerð fyrir litinn og auðvitað bragðið líka,“ segir hún og kveðst líka bera fram ýmsar tegundir af fiski. „Ein pólsk fisktegund er mjög vinsæl, hún heitir karp, við fáum hana í Mini Market í Breiðholtinu. Karp er gullitur fiskur, við skerum hann niður í litla bita og steikjum á pönnu. Svo hef ég margar tegundir af síld, kryddsíld, jólasíld, síldarsalat. Bara eins og tíðkast Íslandi en ég kaupi síldina líka í Mini Market. Hún er pólsk og bæði smærri en sú íslenska og ekki eins feit.“

> EFTIR MESSU, SEM HJÁ OKKUR Í PÓLLANDI ER AUÐVITAÐ EFTIR MIÐNÆTTI, ER ALLT Í LAGI AÐ BORÐA KJÖT. ÞAÐ ER MIKIÐ TIL ÞAÐ SAMA OG HÉR Á LANDI, HAMBORGARHRYGGUR, JÓLASKINKA OG ALLS KONAR STEIKUR.



Karp er gullinn fiskur og hann er vinsæll á jólaborðið. MYND/NORDICPHOTO

Svo er það helgihaldið. „Í Póllandi förum við í miðnæturmessu en hér sækjum við messu í Landakotskirkju sem hefst klukkan níu á aðfangadagskvöld,“ segir Ewa og heldur áfram. „Eftir messu, sem hjá okkur í Póllandi er auðvitað eftir miðnætti, er allt í lagi að borða kjöt. Það er mikið til það sama og hér á landi, hamborgarhryggur, jólaskinka og alls konar steikur. Mikill matur – enda verða miklir afgangar sem eru borðaðir í heila viku á eftir. Bornir fram í minni og minni skálum eftir því sem líður á og því síðasta hent!“

Ewa segir stundum mikið stress fyrir jólin hjá Pólverjum, rétt eins og Íslendingum, því margt þurfi að gera. En drekka þeir eitthvað sérstakt með jólamatnum?

„Eins og Íslendingar kaupi ég malt og appelsín. Svo er drukkið hvítvín með kvöldmatnum enda passar það með fiskinum. Annars drekkur fólk bæði hvítt og rautt vín, eftir því sem við á.“




Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 16. DESEMBER 2017



Húsgagnahöllin líkist ævinýralandi á aðventunni og allt er svo fallegt og lokkandi að af ber. Þar fást eigulegar jólagjafir sem gleðja. MYNDIR/ANTON BRINK

# Himneskur fögnuður og jóladýrð í Höllinni

**Það er ævintýralegur draumur að koma inn í jóladýrð Húsgagnahallarinnar. Þar er dekrað við viðskiptavini innan um eftirsóttan húsbúnað og glæsilegar gjafavörur frá heimsþekktum hönnuðum, og verðin eru við allra hæfi.** ➔2

Krossar á leiði
f. 3xD rafhlöður
Hvítir
Kr. 3.700,-



Glóey
Ármúla 19 · Sími 568 1620
www.gloey.is · gloey@gloey.is

Sá fimmti var Pottasleikir. Hann laumaðist inn í eldhús til að skafa restar út pottunum.
Jólasveinastytta
KR. 2.990.-




icemart
LAUGAVEGUR 89 · S: 585 0507



Glæsilegar grískar rósettur með myndum og mynstri.



Frá vinstri: Hulda Rós Hákonardóttir með útstillingahönnuðunum Kristjönu Jennýju Ingvarsdóttur og Önnu Lilju Magnúsdóttur.



Fallegur borðbúnaður fæst í úrvali.




Dialma Brown er nýtt ítalskt merki í Húsgagnahöllinni.



Hvert horn í Höllinni er ævintýri.



Margir safna matarstellum og víst að úrval þeirra er glæsilegt í Höllinni, sem og dýrindis hnífapör.



Heillandi og litrík jólatré úr pappír.

Það er yndisleg upplifun að koma í Höllina; hér er hlýlegur og heimilislegur andi, starfsfólkið er kappsamt og kátt við störf sín og tekur viðskiptavinum með bros á vör," segir Hulda Rós Hákonardóttir, kaupmaður í Húsgagnahöllinni, sem er rótgróin húsgagna- og lífsstílsverslun sem stofnuð var 1965.

„Aðalsmerki Húsgagnahallarinnar í árdaga voru La-z-boy hægindastólarnir og þeir njóta enn mikilla vinsælda enda vart hægt að setjast í þægilegri stól," segir Hulda í gullfallegri Höllinni þar sem nostrað er við hvern hlut í hverju horni, og útstillingar eru stór hluti af upplifuninni.

„Við leggjum mikið upp úr útliti verslunarinnar og hér starfa útstillingahönnuðirnir Kristjana og Anna Lilja sem sjá til þess að búðin sé alltaf upp á sitt besta, fersk og lifandi. Starfsfólkið býr allt yfir mikilli þekkingu og er áhugasamt um að gera sitt allra besta til að veita góða og persónulega þjónustu."

## Jólagjafir sem falla í kramið

Það er veisla fyrir augað að koma í Höllina og þar finna allir sitthvað fallegt og freistandi sem gleður bæði heima við og í jólapakkann. Verslunin er 4.000 fermetrar og ríkulegt vöruúrvalið eftir því.

„Húsgagnahöllin mætir þörfum allra. Við leggjum alúð við gæðavörur á góðu verði og fylgjumst vel með straumum og stefnum. Hér fást klassísk húsgögn í bland við nýtískuleg, og húsbúnaður og gjafavara sem heillar allan aldur. Höllin er þannig hugsuð fyrir öll heimili í landinu og vöruúrval og verðbil mætir þörfum flestra," segir Hulda.

## Þessi merki eru í Höllinni

- Broste Copenhagen
- Ralph Lauren
- Eva Solo
- Riverdale
- Nordal
- Vidivi
- IVV
- Iittala
- Rosendahl
- Rosenthal
- Kay Bojensen
- Björn Wiinblad
- BySommer
- Rikkitikki
- Bodum
- Sophia
- Holmegaard
- Aida
- Alessi
- Riverdale
- Eightmood
- Wittkemper
- Vanilla Fly
- Vatt&weke
- Södahl
- Marlux
- Lebrun
- Sambonet
- PTMD
- Dutchdeluxes
- DeBuyer
- Dr. Vranjes





Í Húsgagnahöllinni fæst glæsilegt úrval sígildrar hönnunarvöru og heimsþekkt vörumerki, þeirra á meðal Ralph Lauren, iittala, Kaj Bojesen, Björn Winblad, Eva Solo, Alessi og Holmegaard.

„Vinsælustu merkin í gjafavöru eru iittala og Broste Copenhagen og víst að allir verða glaðir að fá svolítið iittala í jólapakkann. Einnig eru í dálæti litlu, dönsku lukkutröllin frá By Sommer og fallegu fílarnir frá Rikkitikki sem hafa fallega sögu að segja og eru framleiddir í takmörkuðu upplagi," segir Hulda um vinsæla hluti til jólagjafa.

„Úrval matarstella til söfnunar er líka gott og eftirsóttustu merkin í borðbúnaði frá Alessi, Broste Copenhagen, Rosendahl, Rosenthal og Aida Raw sem var að koma með nýtt og æðislegt matarstell. Ítölsku glervörumerkin Vidivi og IVV hafa einnig slegið í gegn með sérlega fallegum, handgerðum glösum og skálum og eru mjög vinsæl til söfnunar."

## Falleg heimili Íslendinga

Í Höllinni er Hulda nýbúin að taka upp grískar rósettur sem sóma sér glæsilega á veggjum, og íðilfagrar styttur af grísku gyðjunum Venus og Hygeu.

„Aðrar nýjungar í Höllinni eru ítalska hönnunarmerkið Dialma Brown sem fengið hefur rosalega góðar viðtökur og reyndar svo góðan hljómgrunn meðal okkar viðskiptavina að við erum orðin einn af stærstu endursöluaðilum í Evrópu á því vörumerki. Þá tókum við nýlega inn danska gjafavöru- og húsbúnaðarmerkið Nordal, sem er hrikalega flott og fellur einkar vel í kramið hjá íslenskum fagurkerum," segir Hulda.

> Innanhússtískan er einkar smart, blanda af óhefluðum sveitastíl og naumhyggju sem gerir híbýlin svo hlýleg en á sama tíma stílhrein og klassísk.
>
> **Hulda Rós Hákonardóttir**

Hún segir Íslendinga meðvitaða um að halda falleg heimili og eiga fagran húsbúnað.

„Íslendingar fylgjast vel með tískustraumum og því sem er móðins hverju sinni. Því eru kröfur til innkaupateymis okkar miklar og nauðsynlegt að vera á tánum þegar kemur að nýjungum fyrir nærumhverfi okkar. Innanhússtískan er einkar smart, blanda af óhefluðum sveitastíl og naumhyggju sem gera híbýlin svo hlýleg en á sama tíma stílhrein og klassísk."

Húsgagnahöllin er á Bíldshöfða 20. Sími 558 1100. Sjá husgagnahollin.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Betri líðan og aukin orka

**Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykkni sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar. Kólín er mikilvægt fyrir fitubrennslu og getur dregið úr fitusöfnun í lifur.**

Lifrin er stærsti kirtill líkamans, hún gegnir fjölmörgum hlutverkum og er aðal efnaskiptalíffæri líkamans. Í raun er hún efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færi úr jafnvægi, óhreinindi myndu safnast í blóði og ótal margt fleira færi úr skorðum.



Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur notað Active Liver um nokkurt skeið.

> **Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri.**
>
> Jóna Hjálmarsdóttir, sjúkraliði



Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjölmargir finna fyrir almennt betri líðan og aukinni orku.

### Hreinsun eiturefna og virkjun D-vítamíns

Í kínverskum lækningum til forna var sagt: „Læknir, sem getur stillt af starfsemi lifrarinnar, veit hvernig á að lækna hundrað sjúkdóma.“ Það er gríðarlega mikið til í þessu því hundruð mismunandi starfa eiga sér stað í lifrinni á hverjum degi og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Lifrin er því vægast sagt mikilvægt líffæri og enginn getur verið án hennar. Hún stjórnar m.a. efnaskiptum og hreinsar eiturefni og óæskileg efni úr líkamanum.

### Lífsstíll hefur áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrin er ekki að virka eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lífsstíl okkar sem getur haft áhrif þar á og ýtt undir fitusöfnun í lifur sem í daglegu tali kallast fitulifur. Fitulifur er hægt að laga og gott er að hafa í huga að það eru ákveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa til að viðhalda heilbrigðri lifur, það eru:

- Áfengi og koffein.
- Unnin matvara, ódýrar olíur og auka/gerviefni.
- Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af skordýraeitri og illgresiseyði.
- Dýr og afurðir þeirra sem eru „fjöldaframleidd“ (ekki lífræn).
- Sykraðir drykkir og snakk.
- Unnið korn (hvít hrísgrjón, hveiti o.fl.).




### Active Liver

Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjölmargir finna fyrir almennt betri líðan og aukinni orku. Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfsemi og er aukin orka einmitt eitt af einkennum heilbrigðrar lifur. Active Liver inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem talinn eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galls. Í blöndunni er einnig efnið kólín* sem stuðlar að:

- Eðlilegum fituefnaskiptum.
- Eðlilegri starfsemi lifrar.
- Eðlilegum efnaskiptum er varða amínósýruna hómósystein.

Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar.

### Auðveldara að halda mér í réttri þyngd

Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur notað Active Liver um nokkurt skeið og hefur þetta að segja: „Ég er mjög meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.“

### Vinnsla, geymsla & dreifing

Segja má að lifrin sé allt í senn vinnslustöð, geymsla og miðstöð dreifingar því allt sem við borðum, drekkum, öndum að okkur eða berum á húðina fer þar í gegn. Það skiptir því máli, eins og ávallt, að við hugum vel að því hvað við setjum í okkur og á því öll viljum við lifa lengi heilbrigð á líkama og sál. Active Liver getur hjálpað til þarna og kannski sérstaklega núna yfir hátíðarnar þegar álag á meltinguna er mikið.

- Kólín er vatnsleysanlegt næringarefni, skylt öðrum vítamínum eins og fólínsýru og þeim sem tilheyra B-vítamínfjölskyldunni. Kólín sinnir álíka hlutverkum og styður við bæði orku og heilastarfsemi ásamt því að halda efnaskiptunum virkum.


## Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna!

Hágæða góðgerlar, heilbrigð bakteríuflóra.




**Bio-Kult Candéa**
Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.




**Bio-Kult Original**
Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflóruna og styrkir varnir líkamans.




**Bio-Kult Pro-Cyan**
Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandræðum.




**Bio-Kult Infantis**
Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflóruna, án allra aukaefna og er bragðlaust.

**Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.**


Whoopi Goldberg heimsótti vin sinn Seth Meyers í sjónvarpið á dögunum og mætti að sjálfsögðu í jólapeysu með boðskap en þegar grannt er skoðað má sjá tvær jólameyjar kyssast framan á peysunni.


Matt Damon lét sig ekki muna um að skarta þessu stórfína vesti á góðri stundu.


Okkar eigin Siggi Hlö lætur sig ekki vanta í jólapeysuherinn.


Fyrirsætan og hönnuðurinn Lena Gercke kynnti um daginn nýja línu jólapeysa, þar á meðal var þessi með áletruninni All the Jingle Ladies.


Leikstjórinn Sophia Coppola heiðraði vin sinn Bill Murray með þessari fínu peysu með mynd af honum í jólasveinabúningi á viðburðinum A Very Murray Christmas.

# Því ljótari þeim mun betra

## Ljótu jólapeysurnar eru enn í tísku og sækja í sig veðrið ef eitthvað er. Fyrst í stað fengust þær helst í verslunum með notaðar flíkur en nú má fá þær í öllum helstu fataverslunum.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Ljóta jólapeysu má skilgreina sem hverja þá peysu sem skartar jólamyndum og jafnvel meiru sem má telja smekklaust, ljótt eða ofskreytt. Almennt virðist það gilda að því skreyttari og ofhlaðnari sem peysan er, því ljótari og þar af leiðandi betri telst hún. Til eru peysur með upphleyptum myndum, í skærum og skrýtnum litum og sumar eru jafnvel með blikkandi seríum og mjúkum snjó.

Það er erfitt að segja til um hver ber ábyrgð á fyrstu ljótu jólapeysunni og ber að taka til greina að langlíklegast er að peysurnar hafi upphaflega átt að vera flottar eða að minnsta kosti krúttlegar en ekki ljótar. Það eru því meðal annars tískusveiflur sem skilja á milli ljótrar jólapeysu og fallegrar. Rannsóknir benda til þess að fyrstu jólapeysurnar hafi samt verið fjöldaframleiddar undir nafninu „klukknahreimspeysur“ (jingle bell sweaters) á níunda áratugnum.

En þó enginn vilji taka ábyrgð á útbreiðslu ljótu jólapeysunnar er staðreyndin samt sú að þær njóta mikilla vinsælda og teljast jafnvel til jólahefða hjá sumum. Samkomur sem snúast um ljótar jólapeysur hafa náð fótfestu víða, þar sem ungt fólk gerir grín að forfeðrum sínum sem fannst jólapeysur skemmtilegar og krúttlegar en ekki fyndnar og asnalegar.

Vancouver í Kanada gerir tilkall til þess að þar hafi fyrsta ljótujólapeysuveislan verið haldin árið 2002. Á hverju ári er haldin veisla í stórum veislusal í borginni þar sem gerð er krafa um að gestir klæðist ljótri jólapeysu. Stofnendur þessa árlega viðburðar hafa jafnvel fengið einkaleyfi á orðunum „ugly Christmas sweater“ og „ugly Christmas sweater party“.

Fjölmargir hafa gripið jólapeysuhefðina á lofti en enginn þó betur en lögfræðingurinn Evan Mendelson og tannlæknirinn Nick Morton sem sáu hvernig leitarvélar tóku kipp kringum orðin „hvar fæ ég ljóta jólapeysu?“ árið 2011 og stofnuðu fyrirtæki um framleiðslu á slíkum peysum sem í dag veltir milljónum dala. Fram að þessu höfðu verslanir með notuð föt í góðgerðarskyni helst notið góðs af jólapeysuæðinu en ekki nærri því náð að anna eftirspurn. Í dag má finna ljóta jólapeysu í hverjum stórmarkaði og fatalínu.

Á vaxmyndasöfnum tíðkast að klæða vaxmyndirnar í ljótar jólapeysur um jólaleytið og má sjá konungsfjölskylduna bresku saman komna í ímynduðu jólaboði þar sem að sjálfsögðu allir eru í ljótri jólapeysu á Madame Tussaud safninu í London . Undanfarin ár hafa Barnaheill staðið fyrir ljótupeysukeppni til fjáröflunar fyrir samtökin og Íslendingar hafa svo sannarlega ekki látið sitt eftir liggja þegar kemur að ljótum jólapeysum. Sem hlýtur að þýða að þær leynast á mörgum heimilum og ekki eftir neinu að bíða að draga þær fram.


Justin Bieber tekur sig vel út í öllu, meira að segja jólapeysu.


Leikarinn Taran Killam mætti á frumsýningu Star Wars: The Last Jedi í jólapeysu sem skartar jólakveðju frá kærum vini Stjörnustríðsaðdáenda.





lindex.is
Peysa
3499,-
I can & I will
SK8
MERRY MOMENTS
LINDEX

# Jólalögin hljóma um land allt

## Aðalheiður Þorsteinsdóttir og félagar koma með jólin bæði syðst og nyrst.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is





Þessi fríði flokkur lætur sig ekki muna um að jóla landshornanna á milli. Frá vinstri Hafsteinn, Esther, Aðalheiður og Gísli.

Nú er tími jólatónleikanna þar sem kynt er undir jólatilhlökkuninni með flutningi fagurra tóna. Tónleikar eru haldnir um allt land og eitt tónleikateymi lætur sig ekki muna um að flengjast landshornanna á milli til að syngja jól í hjörtu og hug. Aðalheiður Þorsteinsdóttir píanóleikari heldur ásamt þremur söngvurum tónleika í Eyrarbakkakirkju í kvöld klukkan átta og á Kópaskeri á morgun á sama tíma.

„Við höfum starfað saman að ýmsum skemmtilegum verkefnum, þessi hópur, bæði verið með Mahaliu Jackson tónleika nokkrar undanfarnar aðventur og svo komum við að skemmtidagskránni Hnallþórujól sem var frumsýnd í Gaflaraleikhúsinu í fyrra og flutt aftur núna,“ segir Aðalheiður. „Í ár bjuggum við svo til tónleikadagskrá sem reyndar var aðeins ætlunin að flytja einu sinni, í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði. Við fórum þangað, við fjögur og hljómsveit, 3. desember og það gekk mjög vel og var afskaplega gaman.“ Einn söngvaranna, Hafsteinn Þórólfsson, er síðan nýfluttur á Eyrarbakka. „Og hann spyr okkur, meðsöngvara sína og píanóleikarann, hvort við vildum vera svo elskuleg að flytja prógrammið í kirkjunni þar. Við erum öll frekar upptekin við jólasöng hingað og þangað en fundum þennan laugardag þar sem við vorum öll laus. Það reyndist því miður vonlaust að hóa bandinu saman aftur svo þetta verður bara við fjögur, klukkan átta í kvöld í Eyrarbakkakirkju.“

En sögunni er ekki þar með lokið. „Svo hringir frændi minn að norðan, nánar tiltekið frá Kópaskeri, fyrir rúmri viku fyrir hönd félagsskapar sem kallar sig Flygilvini og þeir spyrja hvort ég geti komið með jólaprógramm þangað. Á Kópaskeri er til forláta flygill og þessi félagsskapur, Flygilvinir, sér til þess að hann sé notaður, stendur fyrir ýmsum tónleikum og uppákomum. Þar sem málið stendur mér nærri, bæði er ég alin upp á þessum slóðum, frænka mín gaf þennan flygil og þetta er mikill uppáhaldsfrændi sem hringir, langar mig mikið til að verða við þessari beiðni. Ég þori samt ekki að lofa neinu enda söngvararnir afskaplega upptekið fólk eins og ég sagði áðan en þegar ég spyr eru þau svona líka mikið til. Þannig að á sunnudaginn fljúgum við norður á Húsavík og keyrum á Kópasker og höldum tónleika þar um kvöldið.“

Hópurinn samanstendur auk Aðalheiðar, sem er bæði píanóleikari og organisti og hefur starfað með mörgum helstu kórum og tónlistarmönnum landsins, af Gísla Magna Sigríðarsyni sem margir kannast við úr sjónvarpsþættinum Kórar Íslands, Hafsteini Þórólfssyni en báðir hafa þeir sungið bakraddir í Söngvakeppni sjónvarpsins oftar en tvisvar, og Esther sem hefur gert garðinn frægan með Leonard Cohen heiðursbandinu The Saints of Boogie Street og öll hafa þau komið víða við í söngnum.

„Það er líka gaman að segja frá því að við erum af öllum landshornum, Ég er úr Þingeyjarsýslunni, Esther frá Austfjörðum, Hafsteinn býr á Eyrarbakka og Gísli er uppalinn á Patreksfirði,“ segir Aðalheiður. „Nú náum við að sinna þremur af fjórum landsfjórðungum í þessari umferð og náum vonandi að bæta Vestfjörðunum við um næstu jól.“ Hún segir efnisskrána samanstanda af uppáhaldslögum söngvaranna fyrst og fremst. „Þetta eru sígild jólalög úr öllum áttum sem allir þekkja og við bregðum fyrir okkur bæði klassík og djassi þó áherslan sé aðallega á dægurlögin. Eiginlega bara jólaperlur sem allir þekkja og við röddum og gerum að okkar. Og við hlökkum afskaplega mikið til að hitta fólkið okkar og syngja inn jólin á þessum yndislegu stöðum, Eyrarbakka og Kópaskeri.“

Eins og áður sagði eru tónleikarnir í kvöld í Eyrarbakkakirkju og tónleikarnir á morgun í Skjálftasetrinu á Kópaskeri. Miðasala er við innganginn á báðum stöðum.




# Apple vill einkaleyfi á gervigreind sem hvíslar

## Tölvufyrirtækið Apple, sem bjó til gervigreindina Siri, hefur sótt um einkaleyfi á tækni sem getur þekkt og skilið hvísl og svarað í sömu mynt.



Það gæti verið stutt í að fólk geti hvíslast á við Siri. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Apple vill auka notkunarmöguleika gervigreindarinnar Siri, svo hægt sé að nota hana hljóðlega. Fyrirtækið hefur sótt um einkaleyfi á tækni sem getur numið hvort notandi sé að hvísla og þá myndi Siri svara með hvísli.

Flestir snjallsímar eru búnir tækni sem getur skilið einfaldar skipanir á talmáli og Siri, aðstoðarkonan sem er meðal annars í iPhone símum, er kannski þekktasta birtingarform þessarar tækni. En það getur verið vandræðalegt og óþægilegt að nota Siri á stöðum þar sem maður á að hafa hljótt, vill ekki trufla aðra, eða ef notandinn vill halda samskiptunum við Siri þeirra á milli.

Apple sótti nýverið um einkaleyfi á „stafrænum aðstoðarmanni sem getur þekkt hvíslaðar skipanir og svarað með hvísli“. Í einkaleyfisumsókninni er því lýst hvernig tæknin myndi nema muninn á milli þess þegar notandi hvíslar eða talar venjulega með því að mæla hljóðstyrk og tíðni og stilla sig í samræmi við það og hvísla til baka, en ekki bara lækka hljóðstyrkinn.

En þó Apple hafi sótt um einkaleyfi þýðir það ekki endilega að tæknin sé á næsta leiti. Tæknifyrirtæki sækja iðulega um einkaleyfi til að vernda hugmyndir sem verða stundum aldrei að veruleika. Sérfræðingar segja samt að ekki sé ólíklegt að þessi tækni verði að veruleika innan tíðar, hvort sem hún kemur frá Apple eða öðrum.



15.990
DÖMUJAKKI
GEFÐU
Levi's
Í JÓLAGJÖF
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind - Levi´s Glerártorgi

# Njála á níutíu metrum

Njáls saga lifnar við í útsaumi í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Erlendir gestir koma sumir sérstaklega til landsins til að grípa í nálina. Hópurinn að baki saumaskapnum vill helst ekki að verkinu ljúki.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Hægt er að lesa sig í gegnum söguna á níutíu metra löngum reflinum.

Við vorum að rúlla upp en við gerum það reglulega. Við saumum um það bil átta metra í einu og losum þá heftin úr og rúllum því sem saumað hefur verið upp og drögum ósaumað út. Við byrjuðum á verkefninu 2. febrúar árið 2013 og áætluðum þá að það tæki okkur tíu ár að sauma út allan refilinn. En ég hugsa að við verðum búnar fyrr. Nú er búið að sauma sextíu og átta metra af níutíu og ekki nema tuttugu og tveir metrar eftir. Þær eru farnar að tala um það í fullri alvöru að hægja á sér í saumaskapnum, þeim finnst alveg agalegt að sjá fyrir endann á þessu,“ segir Gunnhildur Edda Kristjánsdóttir, verkefnastjóri Njálurefilsins, en í refilstofunni í Sögusetrinu á Hvolsvelli er verið að sauma út þessa frægustu Íslendingasögu, Njálu.

„Þetta er ákveðinn kjarni um fimmtán manns, og svo er fólk að koma að þessu víðar að. Sumir taka tarnir og keyra jafnvel daglega milli Reykjavíkur og Hvolsvallar til að sauma. Meira að segja kom til okkar bandarísk kona Aveda, rúmlega þrítugur prófessor sem kennir sögu í háskóla í Colorado, meðal annars Njálu. Hún hefur lesið Njálu 12 sinnum. Hún kom til Íslands eingöngu til þess að sauma í refilinn og sat við allan tímann meðan hún stoppaði á landinu. Hún var yfir sig heilluð,“ segir Gunnhildur.

Saumað er út í refilinn með sérstakri aðferð sem notuð var við útsaum veggteppa og refla á miðöldum. Sagan er sett upp eins og myndasaga. Kristín Ragna Gunnarsdóttir hannaði og teiknaði myndirnar en hún útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands og er með BA-próf í bókmenntafræði og ritlist frá Háskóla Íslands. Þær Gunnhildur og Kristín eiga hugmyndina að reflinum og settu verkefnið af stað. Nú er komið hlutafélag kringum verkefnið, sem er einnig styrkt af sveitarfélaginu.

„Kristín er mikil handavinnukona og sá í sjónvarpsþættinum Landanum að verið væri að sauma refil á Blönduósi. Hún varð ofsalega spennt og við fórum norður að skoða þetta. Ákváðum svo að drífa þetta bara í gang,“ segir Gunnhildur.


Gunnhildur að mæla hversu refillinn er orðinn langur, með henni á myndinni eru Pálína Jónsdóttir og Sigurður Hróarsson. Búið er að sauma 68 metra, 22 eru eftir.


Kristín Ragna Gunnarsdóttir hannaði og teiknaði myndirnar úr Njáls sögu á refilinn. MYND/SÖGUSETRIÐ HVOLSVELLI

## Hvernig er þetta gert?

„Byrjað er á að sauma útlínurnar með kontórsting. Svo er fyllt inn í með refilsaum, í öðrum lit en útlínan. Refilsaumur var notaður á miðöldum og litur dálítið út eins og vefnaður, byrjað er á að leggja sporið eins langt og hægt er innan útlínanna, svo er farið þvert yfir með eina línu og í hana fara svo pínulítil spor til að festa niður. Þetta er því ákveðin tækni og þegar fólk ætlar að sauma í refilinn er það alltaf undir handleiðslu einhvers úr hópnum og saumaskapurinn undirbúinn vel,“ útskýrir Gunnhildur.

Hvað verður svo um refilinn þegar saumaskapnum lýkur?

„Meiningin er að Rangárþing eystra eignist hann. Þetta er stærðarinnar listaverk og ekki hægt að hafa hver sem er. Við treystum því að Rangárþing setji refilinn sómasamlega upp þegar þar að kemur.“



**FELDUR**
verkstæði
REYKJAVIK, ICELAND





SKJÓL
leður húfa með silfur ref
35.800 kr.



EIR
úlpa m. refa skinni
158.000 kr.



VINDUR
rauðrefs trefill
15.500 kr.




BYLGJA
silfur refs kragi
26.400 kr.



JANA
mokka kápa
248.000 kr.



BLÁSTUR
mokka lúffur
5.800 kr.



FROST
selskinns húfa m. úlfa skinni
44.200 kr.



ÖSP
blárefs jakki
138.000 kr.

**Verslun - Snorrabraut 56, 105 Reykjavik | s. 588-0488 | www.feldur.is**

# Jólastemming í skóginum

Gústaf Jarl Viðarsson skógfræðingur stendur vaktina um helgina á jólamarkaði Skógræktarfélags Reykjavíkur. Hann segir að fyrir hvert selt tré verði 50 tré gróðursett í staðinn.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Við leggjum mikið upp úr því að skapa ævintýraveröld þar sem fólki gefst tækifæri til að koma úr ys og þys borgarinnar og njóta kyrrðar úti í náttúrunni. Jólamarkaður Skógræktarfélagsins er á yndislegum stað við Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk og þetta er síðasta helgin í ár sem hann er opinn. Við seljum jólatré, tröpputré og eldivið og erum með litla kaffistofu þar sem boðið er upp á menningardagskrá og ljúfa tónlist. Um helgina koma rithöfundarnir Unnur Jökulsdóttir og Kristín Eiríksdóttir og lesa upp úr bókum sínum," segir Gústaf Jarl Viðarsson, skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, sem síðustu vikur hefur höggvið ófá jólatré sem munu standa fallega skreytt á mörgum heimilum yfir jólahátíðina.

„Báða dagana verður líf og fjör, jólasveinarnir verða á staðnum og það verður logandi varðeldur. Svo er barnastund í rjóðrinu, sem er einstaklega notaleg. Barnabókahöfundar koma og lesa fyrir börnin. Um helgina koma Gunnar Helgason og Sigrún Eldjárn og lesa úr sínum bókum," bætir Gústaf við.

## Fastur hluti af jólaundirbúningnum

Skógræktarfélagið hefur staðið fyrir jólamarkaðnum í meira en áratug og segir Gústaf hann orðinn fastan lið á aðventunni hjá mörgum fjölskyldum. „Við erum líka með handverksmarkað þar sem lagt er upp með að vörunar séu einstakar úr náttúrulegum efnum og handunnar. Þar fæst líka eitt og annað matarkyns – beint frá býli. Með jólamarkaðnum fáum við

> Við erum ekki aðeins með jólamarkað heldur líka með jólaskóg þar sem við bjóðum fólki að koma og höggva sitt eigið jólatré og vera skógarhöggsmaður í einn dag. Gestir fá afnot af sög, leiðbeiningar frá skógarhöggsmönnum og aðstoð við að pakka inn trjánum til að taka þau með heim.

tækifæri til að kynna félagsstarfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur og það mikilvæga starf sem unnið er í Heiðmörk og Esjuhlíðum. Skógræktarfélag Reykjavíkur starfar ekki í hagnaðarskyni heldur er um að ræða frjáls félagasamtök svo allur ágóði af sölunni rennur beint til uppbyggingar útivistarskóga. Við gróðursetjum 50 tré fyrir hvert tré sem við seljum," upplýsir hann.

## Stafafuran vinsælust

Inntur eftir því hvaða jólatré sé vinsælast segir Gústaf að stafafuran sé alltaf eftirsótt en það séu líka margir sem kjósi sitkagreni, blágreni, rauðgreni og jafnvel fjallaþin. „Við erum ekki aðeins með jólamarkað heldur líka með jólaskóg þar sem við bjóðum fólki að koma og höggva sitt eigið jólatré og vera skógarhöggsmaður í einn dag. Gestir fá afnot af sög, leiðbeiningar frá skógarhöggsmönnum og aðstoð við að pakka inn trjánum til að taka með heim. Að þessu sinni er jólaskógurinn inni í Almannadal á Hólmsheiði. Við skiptum um stað á hverju ári því það er ekki alltaf hægt að vera með jólaskóginn á sama stað. Það geta ekki öll trén í skóginum verið jólatré," segir hann brosandi.

„Í jólaskóginum kveikjum við líka varðeld, jólasveininn kemur í heimsókn, hægt er að kaupa heitt kakó og grilla sykurpúða. Okkur finnst þetta vera indæl fjölskyldustund, þar sem allir fara saman út í náttúruna og finna sitt jólatré í rólegheitum."

## Hápunktur starfseminnar

Jólamarkaðurinn og -skógurinn er hápunkturinn í starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur yfir vetrartímann en á sumrin eru haldnir skógarleikar þar sem keppt er í axarkasti og fleiri greinum sem tengjast skóginum. „Okkur hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur finnst mikilvægt að kynna skógarmenningu fyrir fólki," segir Gústaf og bætir að lokum við að íslensku jólatrén séu sjálfbær, vistvæn, hafi ekki verið flutt á milli landa og skilji því ekki eftir sig kolefnisspor.

Jólamarkaðurinn er opinn frá 12-17 og er ekið að Elliðavatnsbænum hjá Rauðhólum.

> Í jólaskóginum kveikjum við varðeld og jólasveininn kemur í heimsókn. Okkur finnst þetta vera indæl fjölskyldustund, þar sem allir fara saman út í náttúruna og finna sitt jólatré í rólegheitum.




„Við leggjum mikið upp úr því að skapa ævintýraveröld þar sem fólki gefst tækifæri til að koma úr ys og þys borgarinnar og njóta kyrrðar úti í náttúrunni," segir Gústaf Jarl skógfræðingur. MYND/ERNIR

Jólaskógurinn er opinn frá 11-16 og leiðarlýsingu má finna á heimasíðunni www.heidmork.is

20% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM
Í JÓLAPAKKANN HENNAR

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

## Hæfileikar í símsölu

Líftryggingaumboð Íslands ehf.
leitar að hæfileikaríku símsölufólki.
Sveigjanlegur vinnutími. Góðar tekjur.

Áhugasamir geta sent tölvupóst á netfangið magnus@kml.is
eða hringt í síma 571-5011.

---

## VILTU VINNA ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR?

### Störf í farþegaafgreiðslu IGS




Icelandair Ground Service er hjartað sem knýr æðakerfi Keflavíkurflugvallar. Við tökum á móti farþegum alls staðar að úr heiminum. Hlutirnir þurfa að ganga fljótt og vel fyrir sig á fjölfarinni, alþjóðlegri skiptistöð og hver einasti starfsmaður okkar skiptir þar miklu máli.

Okkur vantar kraftmikið og þjónustulundað fólk í fjölbreytt og skemmtileg störf við farþegaafgreiðslu. Unnið er á breytilegum vöktum.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- 20 ára lágmarksaldur
- Stúdentspróf æskilegt en ekki skilyrði
- Almenn ökuréttindi
- Góð tungumála- og tölvukunnátta
- Samskiptahæfni, reglusemi og stundvísi

**Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að sækja undirbúningsnámskeið.**

+ Umsóknum er skilað inn rafrænt á heimasíðu IGS fyrir 15. janúar 2018 | www.igs.is

IGS GROUND SERVICES

---

## LIND FASTEIGNASALA

**Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.**

**Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.**

**Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is**

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is
Uppspretta ánægjulegra viðskipta

---

mentis cura

*Mentis Cura ehf. er ört vaxandi heilbrigðistæknifyrirtæki með starfsemi á Íslandi, í Noregi og í Japan. Fyrirtækið hannar og selur greiningarhugbúnað fyrir heilasjúkdóma og -raskanir eins og Alzheimer og ADHD. Lausnir fyrirtækisins eru leiðandi á heimsvísu.*

*Mentis Cura var stofnað árið 2004 og í dag starfar hjá fyrirtækinu þverfaglegur hópur sérfræðinga.*

*Markmið fyrirtækisins er að flýta og auka öryggi greininga og stuðla þannig að bættum lífsgæðum þeirra sem þjást af heilasjúkdómum og -röskunum.*

*Ýmsar nýjar lausnir eru í þróun hjá Mentis Cura með það að markmiði að auka við heilaritsgagnagrunninn og þróa aðferðir til að greina fleiri raskanir og sjúkdóma.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.mentiscura.is***

## Tæknileiðtogar

Mentis Cura leitar að sérfræðingum í tvö ný og spennandi störf á skrifstofu sína í Reykjavík. Annars vegar er leitað að reyndum leiðtoga á sviði upplýsingatækni og hins vegar að öflugum verkfræðingi. Báðar stöðurnar heyra beint undir framkvæmdastjóra Mentis Cura á Íslandi.

### Forstöðumaður upplýsingatækni
### (Director of Information Technology)

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð á upplýsingatæknimálum fyrirtækisins
- Umsjón með lífupplýsingagrunni
- Umsjón með gagnaöryggi
- Samskipti við ytri þjónustuaðila í tengslum við útvistun
- Starfið krefst ferðalaga nokkrum sinnum á ári í tengslum við starfsemi fyrirtækisins í Noregi og í Japan

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærilegu
- Lágmark 3 ára reynsla úr sambærilegu starfi
- Skipulags- og samskiptahæfni
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

### Verkfræðingur
### (Lead Engineer)

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Útfærsla reiknirita og flutningur úr Matlab þróunarumhverfi yfir í C++ eða samsvarandi
- Umsjón með þróun á lestri nýrra skrásniða eða samskipta samkvæmt forritaskilum (API) samstarfsaðila
- Skjölun hugbúnaðar samkvæmt gæðakerfi Mentis Cura
- Vinna með öðrum sérfræðingum innan rannsóknar og þróunar og ytri þjónustuaðilum vegna endurbóta á hugbúnaði, algóriþmum og gervigreind

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í rafmagns- og tölvuverkfræði eða sambærilegu
- Lágmark 3 ára reynsla úr sambærilegu starfi
- Reynsla af hugbúnaðarverkfræði í tengslum við merkjafræði og/eða mynsturgreiningu
- Skipulags- og samskiptahæfni
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

*Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 2. janúar 2018. Umsókn óskast fyllt út á* ***www.intellecta.is*** *og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511-1225***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Sjúkraþjálfara vantar í Sunnuhlíð

**Sjúkraþjálfara vantar til starfa í sjúkraþjálfun Sunnuhlíðar. Um er að ræða 60% starfshlutfall og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

Starfið er fjölbreytt og felur í sér þjónustu við heimilismenn Sunnuhlíðar og einstaklinga í endurhæfingarinnlögn ásamt göngudeildarþjónustu. Aðstaða til sjúkraþjálfunar er góð. Tækjasalur er bjartur og rúmgóður og ágætlega tækjum búinn.

**Nánari upplýsingar veitir Kristín Harðardóttir í síma 560 4172 eða 895 7976 og í tölvupósti á kristin@sunnuhlid.is**

*Á Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.*

**Sunnuhlíð**
**Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi**

---

SKJÓL

## Aðstoðardeildarstjóri óskast á Skjól hjúkrunarheimili



**Hæfniskröfur:**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Frumkvæði, jákvætt viðhorf og góð samskiptahæfni
- Reynsla í öldrunarhjúkrun æskileg

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Vinnur í samráði við deildarstjóra að framþróun og skipulagningu hjúkrunar
- Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum
- Ábyrgð á stjórnun, rekstri, starfsmannamálum og mönnun deilda í fjarvervu deildarstjóra

Starfshlutfall samkomulag

Á Skjóli hjúkrunarheimili eru 106 rými á fimm deildum. Skjól er stofnaðili að hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi og eru hjúkrunarheimilin rekin í nánu samstarfi. Áhersla er lögð á faglega hjúkrunar– og læknisþjónustu auk sjúkra– og iðjuþjálfunar

**Upplýsingar veitir:** Guðný H. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar. Sími 522 5600
Umsóknir berist rafrænt á gudny@skjol.is. Skjól hjúkrunarheimili. Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík. Sími 522 5600.

---

JARÐBORANIR



# Bonjour!

## Ertu kandídat í verkefnastjórnun í útlöndum?

Jarðboranir leita að öflugum aðila í stjórnendateymi við borframkvæmdir í Djibouti í Afríku. Um er að ræða tímabundið verkefni í 6 – 8 mánuði en möguleiki á frekari verkefnum að þeim tíma liðnum. Í starfinu felast fjölbreytt verkefni sem snúa meðal annars að undirbúningi verkefnsins, rekstri og áætlanagerð, innkaupum og aðfangastjórnun auk samskipta við stjórnvöld og hagsmunaaðila á svæðinu. Gert er ráð fyrir fastri búsetu og starfsstöð í Djibouti meðan á verkefninu stendur. Viðkomandi er hluti af þverfaglegu stjórnendateymi þar sem fyrir er sérfræðiþekking á sviði borframkvæmda.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði, viðskiptafræði eða skyldum greinum
- Mjög gott vald á frönsku, færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af fjármálum, rekstri og starfsmannahaldi
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.**

**Upplýsingar um starfið veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is.**
**Sækja skal um starfið á www.jardboranir.is fyrir 7. janúar næstkomandi.**

Jarðboranir er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfir sig í djúpborunum eftir jarðhita. Félagið á og rekur flota hátæknibora og er með starfsemi víðsvegar um heiminn. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.jardboranir.is.

---

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

---



**Langar þig að vinna með samhentum hópi fólks á líflegum vinnustað? Teymið okkar samanstendur af framtakssömum og duglegum snillingum sem vinna alla daga að því að skapa jákvæð tengsl við farþega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík og veita þeim fyrirtaks þjónustu.**

## Gæðastjóri

Við leitum að nákvæmum aðila í starf gæðastjóra með megináherslu á matvælaöryggi. Í starfinu felst viðhald gæðakerfis og ferla innan fyrirtækisins í samræmi við viðurkennda staðla.

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með gæðaeftirliti og ferlum fyrirtækisins samkvæmt gæðahandbók
- Umsjón með gæðastjórnunarhugbúnaði
- Eftirfylgni með lögum, reglugerðum og stöðlum
- Umsjón með eftirliti og fræðslu til starfsmanna sem varðar gæðamál
- Umsjón með úttektum á sviði gæðamála
- Ábyrgð á samningum við verktaka á sviði gæðamála

## Vöru- og innkaupastjóri

Við leitum að reyndum aðila í starf vöru- og innkaupastjóra. Í starfinu felast samskipti við birgja og sölueiningar fyrirtækisins, ábyrgð á birgðahaldi, vöruframboði og áætlunum sem varða vörur og innkaup.

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með innkaupum, birgðahaldi og samskiptum við birgja
- Ábyrgð á vöruframboði og skráningu í bókhaldskerfi samkvæmt reglum
- Umsjón með vöruframsetningu hjá sölueiningum
- Aðkoma að markaðssetningu í samstarfi við rekstrarstjóra og markaðsfulltrúa
- Ábyrgð á framlegð og kostnaðarverði seldra vara
- Áætlunargerð

Nánari upplýsingar og móttaka umsókna er á **www.ltr.is**

*Experience new horizons, every day.*

Lagardère
TRAVEL RETAIL

**Lagardére Travel Retail ehf.** er íslenskt fyrirtæki í eigu íslenskra og franskra aðila, sem sér um rekstur veitingastaða og sælkeraverslunar í **Flugstöð Leifs Eiríksonar.** Þar starfa um 200 starfsmenn. Fyrirtækið er í samstarfi við Lagardére Travel Retail SAS sem er franskt félag. Starfsemi fyrirtækisins er fjölþætt og snýr m.a. að veitingarekstri og rekstri ferðamanna- og fríhafnarverslana í 32 löndum og á 232 flugvöllum. Á heimsvísu starfa rúmlega 16.000 starfsmenn hjá félaginu.

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Grunnskólar**
» Frístundaleiðbeinandi í Hraunsel - Hraunvallaskóli
» Skólaliði - Hraunvallaskóli
» Stuðningsfulltrúi - Hraunvallaskóli
» Forfallakennari - Lækjarskóli
» Frístundaleiðbeinandi í Lækjarsel - Lækjarskóli
» Kennari í íslensku sem öðru máli - Lækjarskóli
» Sérkennari - Lækjarskóli
» Stuðningsfulltrúi í fjölgreinadeild - Lækjarskóli
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Lækjarskóli
» Þroskaþjálfi - Lækjarskóli
» Faggreinakennari í unglingadeild - Víðistaðaskóli
» Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð - Víðistaðaskóli
» Kennari í íslensku sem öðru máli - Víðistaðaskóli
» Skólaliði - Öldutúnsskóli

**Leikskólar**
» Leikskólakennari - Álfasteinn
» Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Hvammur
» Leikskólakennari - Norðurberg
» Leikskólakennari - Stekkjarás
» Leikskólakennari - Víðivellir
» Þroskaþjálfi - Víðivellir

**Málefni fatlaðs fólks**
» Stuðningsfulltrúi - Kletturinn

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING
JAFNRÉTTISRÁÐ
2017

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is




# STARFSMAÐUR Á TÆKNISVIÐI

Snæland Grímsson leitar að hugmyndaríkum og sjálfstæðum einstakling með góða forritunarkunnáttu og góða þekkingu á Office 365. Viðkomandi mun starfa á tæknisviði við þróun verkferla, aðlögun og viðhaldi tölvukerfa ásamt öðrum sambærilegum verkefnum.

HÆFNISKRÖFUR:

• Reynslu í Visual Basic, Python eða svipuðum forritunarmálum.
• Góð Excel kunnátta nauðsynleg.
• Góð þekking á Share Point og Navision æskileg
• Önnur tilfallandi verkefni
• Háskólapróf á sviði raungreina eða sambærileg menntun æskileg

• Sjálfstæð vinnubrögð og úrræðagóð(ur)
• Góð samskiptahæfni og sveiganleiki.
• Auðvelt með að vinna í teymi.
• Reynsla af störfum í ferðaþjónustu er kostur

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 1. mars n.k.
Umsóknarfrestur er 3.janúar 2018
Umsóknir sendist á **job@snaeland.is**
Snæland Grímsson er ferðaþjónustu fyrirtæki stofnað árið 1945.



# RÚV leitar að liðsauka

RÚV er fjölmiðill í almannaþágu með það hlutverk að vekja, virkja og efla. Hjá RÚV starfar öflugur og samhentur hópur sem segir mikilvægar sögur úr umhverfi okkar, rýnir samfélagið á gagnrýninn hátt og þróar nýjar leiðir til frásagnar.

**Umsóknarfrestur er til 8. janúar 2018**

Upplýsingar um störfin og skil umsókna er að finna á **www.ruv.is/laus-storf.**

Við hvetjum áhugasama til að sækja um störfin, óháð kyni og uppruna.

**www.ruv.is**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

## Sérfræðingur í mannauðsmálum
Mannauðsdeild

Snjall sérfræðingur í mannauðsmálum óskast í fullt starf við fjölbreytt verkefni. Mannauðsdeild hefur það hlutverk að byggja upp hæfni og mannauð í samræmi við stefnu RÚV til 2021, meðal annars með skipulegri þjálfun og faglegum ráðningum. Sérfræðingurinn tekur þátt í þróun verkefna auk þess sem hann leysir launafulltrúa af.

## Launafulltrúi
Mannauðsdeild

Talnaglöggur og áreiðanlegur launafulltrúi óskast. Mannauðsdeildin hefur það hlutverk að byggja upp hæfni og mannauð RÚV og launafulltrúi sér til þess að öll skráning upplýsinga og launagagna, launavinnsla og launakeyrsla sé nákvæm og örugg.

## Kynningarfulltrúi
Samskiptasvið

Metnaðarfullur kynningarfulltrúi með breiða og góða þekkingu á markaðs- og kynningarmálum óskast í fjölbreytt verkefni með höfuðáherslu á Rás 1. Samskiptasvið RÚV annast rannsóknir og greiningar á markaði, samþættir og stýrir kynningarstarfi fyrir alla miðla RÚV og hefur umsjón með fjölþættum samskiptum RÚV við notendur.

## Matreiðslumaður
Mötuneyti

Hugmyndaríkur matreiðslumaður óskast í fullt dagvinnustarf í mötuneyti RÚV. Matreiðslumaðurinn þarf að hafa brennandi áhuga á matreiðslu grænmetisrétta og girnilegri framreiðslu málsverða. Hjá RÚV er unnið allan sólarhringinn við dagskrárgerð og miðlun dagskrárefnis og mötuneytið er hjarta vinnustaðarins.

# Laus staða hjá Fjársýslu ríkisins

## Verkefnastjóri á þróunar- og þjónustusviði

Hugsar þú í lausnum?

Dreymir þig um samstarf & teymisvinnu?

Stingur þú þér á bólakaf í hugbúnaðarmál?

Ertu um borð í tæknihraðlestinni?

Fylgir þolinmæðin þér í hvert fótmál?

Leynist ráðgjafi innra með þér?

Gæti verið að viðskiptagreind sé millinafnið þitt?

Er verkefnastjórnun sérsvið þitt?

Er nákvæmni þér í blóð borin?

Langar þig að koma í liðið okkar?

### Um starfið

Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Fjársýslan annast rekstur og umsjón með nokkrum af stærstu upplýsingakerfum landsins sem bjóða upp á margvíslega möguleika til að bæta rekstur ríkisins og auka þjónustu við almenning. Hlutverk þróunar- og þjónustusviðs er ráðgjöf, stefnumótun og þróun á tölvukerfum sem stofnunin hefur umsjón með

### Helstu verkefni og ábyrgð

Þróun og umsjón með áætlanakerfi ríkisins
Verkefnastjórnun og þátttaka í ýmsum verkefnum sviðsins, s.s. vöruhúsaþróun, nýtingu gervigreindar og öðrum þróunarverkefnum
Hafa forystu um að nýta nýjustu tækni til að bæta ferla og vinnubrögð
Önnur verkefni í samráði við forstöðumann

### Hæfnikröfur

Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
Góð þekking og reynsla af verkefnastjórnun, IPMA vottun kostur
Góð þekking á upplýsingatæknimálum mikilvæg
Þekking á áætlanagerð og áætlanakerfum æskileg
Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni

### Nánari upplýsingar veita:

Pétur Ó. Einarsson mannauðsstjóri - sími 545-7500
Stefán Kjærnested forstöðumaður á þróunar- og þjónustusviði - sími 545-7500

Starfshlutfall er 100%
Umsóknarfrestur er til og með 02.01.2018
Sótt er rafrænt um störfin á www.starfatorg.is
Laun skv. gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins hafa gert

www.fjs.is

**Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.**

# ARKITEKT ÓSKAST

**Zeppelin arkitektar leita að arkitekt með a.m.k. 4-5 ára starfsreynslu.**

Hjá Zeppelin arkitektum starfa sex starfsmenn, þrír íslenskir og þrír erlendir. Vegna mikilla anna leitum við að nýjum starfsmanni.

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, stýrt verkefnum, en jafnframt unnið með öðrum og undir stjórn annarra. Umsækjandi þarf að hafa góð tök á þrívíddarforritum; archicad eða revit og einnig photoshop og öðrum myndvinnsluforritum.

Góð íslenskukunnátta er skilyrði og viðkomandi þarf að vera vel ritfær.



***Áhugasömum er bent á heimasíðu arkitektastofunnar www.zeppelin.is***

Með allar umsóknir verður farið með sem trúnaðarmál og skulu þær, ásamt ferilskrám, sendar á Orra Árnason (orri@zeppelin.is ) **fyrir 15. janúar næstkomandi.**

REYKJALUNDUR endurhæfing

STOFNUN ÁRSINS 2017

# Aðstoð í eldhúsi

Við leitum að samviskusömum, jákvæðum og heilsuhraustum starfsmanni í eldhús.

Um er að ræða 75% starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið starf sem fyrst.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Eflingar og fjármálaráðherra, auk stofnanasamnings Eflingar og Reykjalundar.

Við hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um starf hjá okkur.

Upplýsingar um starfið gefur Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585 2143 eða í gegnum netfangið gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 2. janúar 2018.**

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Reykjagarður hf var stofnað 1971 og felst sérhæfing fyrirtækisins í framleiðslu og sölu á alifuglaafurðum, einkum undir vörumerkjum **Holta** og **Kjörfugls**. Hjá fyrirtækinu, sem er í 100% eigu Sláturfélags Suðurlands, starfa um 110 starfsmenn við hin fjölbreytilegustu verkefni við að framleiða gæðamatvörur.

# Sölufulltrúi

**Reykjagarður óskar eftir að ráða öflugan sölufulltrúa á fyrirtækjasvið sem fyrst.**

### Starfslýsing:

- öflun nýrra viðskiptavina
- samskipti og heimsóknir til núverandi viðskiptavina
- gerð söluáætlana
- þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina á HOREKA markaði

### Hæfniskröfur:

- menntun og/eða góð reynsla í matvælageiranum er skilyrði
- þekking á fyrirtækja- og mötuneytis-markaði stór kostur
- framúrskarandi söluhæfileikar er skilyrði
- góð hæfni í mannlegum samskiptum
- skipulögð vinnubrögð
- góð tölvukunnátta
- reglusemi og stundvísi

Nánari upplýsingar um starfið veita Hjalti H. Hjaltason, framkvæmdastjóri í síma 575 6011 eða netfang hjalti@ss.is og Þórhildur Þórhallsdóttir, starfsmannastjóri í síma 575 6030, netfang: thorhildur@ss.is.

**Áhugasamir vinsamlega sæki um starfið á heimasíðu móðurfélags Reykjagarðs; www.ss.is fyrir 1. janúar nk.**



FRÍHÖFNIN

# SUMARSTÖRF Í FRÍHÖFNINNI

## Ein vinsælasta verslunin í flugstöðinni óskar eftir að ráða starfsfólk í sumarafleysingar 2018

Um er að ræða sumarstörf í verslunum, á lager og skrifstofu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Við leitum að þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklausum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, eiga auðvelt með að nálgast fólk, hafa lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi.

**UMSÆKJENDUR SKULU VERA 20 ÁRA EÐA ELDRI**

### VERSLUN

Starfið felst í sölu og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins og áfyllingum í verslun. Unnið er í vaktavinnu.

**Hæfniskröfur**
- Söluhæfileikar og rík þjónustulund
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

### LAGER

Starfið felst í almennum lagerstörfum. Unnið er í vaktavinnu.

**Hæfniskröfur**
- Meirapróf og/eða lyftarapróf er æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

### SKRIFSTOFA

Starfið fellst í símsvörun, móttöku viðskiptavina, skráningu reikninga, tollskýrslugerð auk almennra skrifstofustarfa. Vinnutími er kl. 8–16 virka daga.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Góð tölvukunnátta og þekking á Navision er kostur
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf um miðjan maí og starfað fram yfir miðjan ágúst. Umsóknum skal skilað inn rafrænt á www.dutyfree.is/atvinna.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 21. JANÚAR 2018**

Fríhöfnin hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi. Hún hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga síðastliðin ár, m.a. í starfsmenntamálum, fyrir að vera besta fríhöfn í Evrópu og fjölskylduvænt fyrirtæki. Stærstu vöruflokkarnir í verslunum félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur og sælgæti. Fríhöfnin hefur sett sér það markmið að vera ávallt til fyrirmyndar í jafnréttismálum og leggur áherslu á góðan starfsanda.

www.dutyfree.is

**VIð BJÓÐUM UPP Á FRÍAR RÚTUFERÐIR TIL OG FRÁ HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

# Sérfræðingur

Auglýst er til umsóknar starf sérfræðings í deild tölfræði og greiningar.

Deild tölfræði og greiningar tilheyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og ber ábyrgð á greiningu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga, þróun mælikvarða og samræmdri miðlun stefnu, gæða og árangurs í umhverfis-, samfélags- og efnahagsmálum. Undir deildina heyrir þróun og gagnauppfærsla á tölfræðivef Reykjavíkurborgar (Reykjavík í tölum) og verkefni tengd grænu hagkerfi. Þá sinnir deildin þróun stjórnendaupplýsinga, innleiðingu stjórnendaupplýsingahugbúnaðar og vinnu við undirbúning stefnumótunar og mælikvarða.

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á gagnaöflun, vinnslu og birtingu tölfræðigagna á tölfræðivefnum Reykjavík í tölum.
- Ábyrgð á þróun Reykjavík í tölum, viðheldur þekkingu á veftöflugerð.
- Greining og birting miðlægra tölfræðilegra gagna.
- Þátttaka í samstarfi við fagsvið í málaflokkum gagna og tölfræði og þátttaka í starfshópum og tengdum verkefnum.
- Aðkoma að stefnumótun, vinnu við mælikvarða og umbótaverkefnum.
- Skráning verkferla og gerð gæðahandbókar deildarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af gagnamálum, gagnasöfnun, úrvinnslu tölfræðigagna og framsetningu þeirra.
- Þekking á veftöflugerð og umsjón tölfræðisafna.
- Þekking á stefnumótun og vinnu við mælikvarða er kostur.
- Hæfni í framsetningu og miðlun tölfræðilegra upplýsinga.
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Þekking á verkefnastjórnun og reynsla í utanumhaldi verkefna er kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Lipurð og færni í samskiptum og hæfni til að vinna í teymum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Ósk Halldórsdóttir deildarstjóri, í síma 411 4111 eða í gegnum tölvupóstfangið thorhildur.osk.halldorsdottir@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 8. janúar nk.**

Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

HEILSUGÆSLAN



## Sérfræðingur í sjúkraskrárkerfi Sögu
## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Laust er til umsóknar 100% starf sérfræðings sjúkraskrárkerfisins Sögu í deild rafrænnar þjónustu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Deildin heyrir undir svið fjármála og rekstrar sem staðsett er í Álfabakka 16. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. janúar 2018.**

### Helstu verkefni og ábyrgð
- Notendaumsjón fyrir notendur Sögu
- Skipulagning og vandamálagreining á Sögukerfinu
- Námskeið og fræðsla fyrir notendur
- Notendaþjónusta fyrir tölvutengd lækningatæki
- Útkallsþjónusta í neyðartilfellum utan vinnutíma
- Samskipti við sérfræðinga innan og utan stofnunar vegna tölvumála

### Hæfnikröfur
- Viðeigandi menntun á heilbrigðissviði
- Haldgóð reynsla af vinnu við sjúkraskrárkerfið Sögu
- Góð fagleg hæfni og þekking á sjúkraskrárkerfinu Sögu
- Góð þekking á Microsoft notendahugbúnaði er kostur
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Góð undirstaða í notkun á upplýsingatækni og tölvubúnaði
- Eiga auðvelt með að tileinka sér nýjungar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, rík þjónustulund og jákvætt hugafar
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð
- Brennandi áhugi á tölvum og tækni

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Marinó Ingvarsson, gudmundur.marino.ingvarsson@heilsugaeslan.is í síma 585-1321

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun. Umsókn getur gilt í 6 mánuði. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra mannauðs og nýliðunar, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

# Lögfræðingur / Laganemi

Lögfræðingur eða laganemi í meistaranámi óskast í tímabundið hlutastarf á KM lögmannsstofu.

Umsóknir með einkunnum og ferilskrá skulu sendar á netfangið magnus@kml.is.

## Greinandi / Sérfræðingur

Við erum að stækka og því leitar Coremotif að greinendum og sérfræðingum. Sem greinandi eða sérfræðingur ert þú ráðgjöfum okkar innan handar og vinnur náið með viðskiptavinum í krefjandi verkefnum við rannsóknir, gagnaöflun og úrvinnslu. Við leitum að fólki sem:

- Hefur háskólamenntun sem nýtist í starfi eða sambærilega starfsreynslu
- Hefur starfsreynslu tengda framleiðslu, iðnaði eða upplýsingatækni
- Getur undirbúið, skipulagt og stýrt fundum ásamt smærri vinnustofum
- Getur framkvæmt þarfagreiningar, haldið fundargerðir, útbúið kynningar og skýrslur
- Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og viðleitni til að vaxa í starfi

Býr yfir samskiptafærni, ævintýraþrá, nákvæmum vinnubrögðum og hefur góða nærveru

Ef þú ert manneskjan sem við erum að leita að hvetjum við þig til að senda okkur ferilskrá ásamt skriflegri umsókn á umsokn@coremotif.com

# Rauði krossinn í Reykjavík
**óskar eftir starfskonu á næturvaktir í Konukot sem er athvarf fyrir heimilislausar konur**

## 60% Starfshlutfall.

Starfskona ber ábyrgð á móttöku og einstaklingsmiðaðri þjónustu við gesti athvarfsins, auk almennra heimilsstarfa. Í Konukoti er unnið eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Almenn menntun
- Áhugi og/eða reynsla af störfum með fólki sem á við fíknivanda og/eða geðrænan vanda að stríða.
- Fordómaleysi og umburðarlyndi í garð notenda athvarfsins er skilyrði.
- Hæfni og áhugi á góðum mannlegum samskiptum er skilyrði.
- Stundvísi og lausnamiðað vinnulag.
- Viðkomandi þarf að vera 24 ára eða eldri.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Eflingar. Verður að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til 30. desember 2017.**

Upplýsingar veitir Brynhildur Jensdóttir, forstöðukona Konukots (binna@redcross.is). **Umsóknir sendist á sama netfang.**

Rauði krossinn
Reykjavík

# Verk- og tæknifræðingur

**VSB Verkfræðistofa leitar að verk- eða tæknifræðingi til framtíðarstarfa við lagnahönnun.**

Starfsreynsla er nauðsynleg og reynsla í Revit eða MagiCad er kostur. Frekari upplýsingar gefur Þorgeir J. Kjartansson (thorgeir@vsb.is).

Umsókn um starf með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu óskast skilað til skrifstofu VSB eða á ofangreint netfang eigi síðar en 15. janúar. Fyllsta trúnaðar er gætt.

VSB Verkfræðistofa var stofnuð 1987 og eru starfsmenn um 30. Fyrirtækið veitir fjölbreytta verkfræðiþjónustu og hefur um langt skeið gegnt stóru hlutverki við hönnun lagna- og loftræsikerfa.

VSB_30 ÁRA
VERKFRÆÐISTOFA

Bæjarhrauni 20
220 Hafnarfjörður
www.vsb.is

## Seltjarnarnesbær
### Laus störf

**Grunnskóli Seltjarnarness**

- **Þroskaþjálfi eða starfsmaður með aðra uppeldisfræðimenntun,** fullt starf í skóla og frístundaheimili.
- **Stuðningsfulltrúar,** fullt starf og hlutastörf.
- **Skólaliðar/ræsting,** fullt starf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 31. desember næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands*

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

**seltjarnarnes.is**

# VIÐ ERUM AÐ RÁÐA!

ARKITEKT // BYGGINGAFRÆÐINGUR

Vegna margra stórra og fjölbreyttra verkefna leitum við að arkitekt eða byggingafræðingi til starfa.

Að jafnaði eru starfandi á teiknistofunni 4 arkitektar og 2 byggingafræðingar. Stærð stofunnar býður upp á sjálfstætt starfsumhverfi, þar sem hver og einn fær notið sín.
Rík áhersla er lögð á frumkvæði í starfi og að geta haldið utan um og leyst margvísleg hönnunarverkefni. Reynsla af Revit og Autocad er nauðsynleg ásamt ágætri kunnáttu í gerð og vinnslu þrívíddargagna. Réttur aðili getur hafið störf strax.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við:

Jakob E. Líndal // jakob@alark.is // 664 8801
Kristján Ásgeirsson // kristjan@alark.is // 664 8808

*Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

ALARK arkitektar
www.alark.is // 534 8800



Stofnun Árna Magnússonar *í íslenskum fræðum*

## Sérfræðingur á nafnfræðisviði

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf á nafnfræðisviði stofnunarinnar tímabundið til tveggja ára frá og með 1. febrúar 2018.

Hlutverk nafnfræðisviðs er að sinna varðveislu (frum) gagna, söfnun og skráningu nafna, rannsóknum, ráðgjöf og þjónustu. Í því síðasttalda felst m.a. að veita aðgang að safnkosti nafnfræðisviðs, svara fyrirspurnum um nöfn og nafnfræði (einkum örnefni) og vinna samstarfsverkefni með fleiri aðilum, svo sem öðrum stofnunum, fyrirtækjum og fræðimönnum. Ýmis stór verkefni eru fram undan hjá sviðinu, m.a. þróun gagnagrunna til miðlunar og varðveislu safnkosts sviðsins og flutningur örnefnasafns í nýtt húsnæði.

Helstu verkefni eru að sinna daglegum þjónustuverkefnum, svo sem að svara fyrirspurnum einstaklinga og fyrirtækja um nöfn af öllu tagi. Að sinna samstarfi við aðrar stofnanir innanlands, t.d. Landmælingar Íslands, Þjóðskrá Íslands, Örnefnanefnd og sveitarfélög svo og aðila erlendis. Að halda utan um safnkost og skrár sviðsins. Að taka þátt í miðlunarverkefnum, t.d. veita upplýsingar um sviðið á vef Árnastofnunar. Að skipuleggja og undirbúa flutning í nýtt húsnæði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Umsækjendur skulu hafa meistarapróf í íslenskri málfræði eða annað sambærilegt háskólapróf. Aðrar hæfniskröfur:

- áhugi á nafnfræði og nafnfræðirannsóknum,
- góð tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á uppbyggingu og virkni gagnagrunna er æskileg,
- framúrskarandi íslenskukunnátta (bæði í ræðu og riti),
- þekking á einu öðru Norðurlandamáli er æskileg,
- nákvæmni, agi og frumkvæði í vinnubrögðum,
- rík skipulagshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármála- og efnahagsráðherra.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni vottorð um námsferil sinn og störf, svo og nöfn, símanúmer og netföng tveggja umsagnaraðila. Umsóknir skulu berast Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið rakel.palsdottir@arnastofnun.is eigi síðar en 14. janúar 2018. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið liggur fyrir.

**Nánari upplýsingar um starfið veita Emily Lethbridge (emily.lethbridge@arnastofnun.is) og Sigurborg Stefánsdóttir (sigurborg.stefansdottir@arnastofnun.is).**

HEILSUGÆSLAN



## Sérfræðingur í heimilislækningum
## Heilsugæslan Grafarvogi

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna Grafarvogi. Um er að ræða 100% ótímabundið starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2018**

Á heilsugæslustöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt sálfræðingi, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og riturum. Hafin er innleiðing heildstæðrar teymisvinnu í sjúklingamóttöku sem byggir á náinni samvinnu fagstétta þar sem samfelld, persónuleg þjónusta við skjólstæðinga er höfð að leiðarljósi. Um er að ræða spennandi vettvang fyrir lækni sem áhuga hefur á nýsköpun og framþróun í heilsugæslu. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

### *Nánari upplýsingar*

Svava Kristín Þorkelsdóttir - 585 1300
svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is
Ragnar Logi Magnason - 585 7600

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Kennsla nema
- Þátttaka í vísindarannsóknum, gæða- og umbótaverkefnum

### *Hæfnikröfur*

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af teymisvinnu er kostur
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá ásamt gögnum sem staðfesta menntun, fyrri störf og vísinda- og kennslustörf. Þau gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í allt að 6 mánuði. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

***Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun***

SFR

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

SFR stéttarfélag í almannaþjónustu óskar eftir að ráða til starfa umsjónarmann orlofshúsa félagsins í Grímsnesi. Í starfinu, sem er hlutastarf, felst umsjón með 8 orlofshúsum og svæðinu í kring. Inn í því telst eftirlit með þrifum, létt viðhald, grassláttur á svæðinu o.fl. Æskilegt er að viðkomandi búi á Suðurlandi og hafi bíl til umráða og geta hafið störf í byrjun janúar á næsta ári.

**Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast fyrir 1. janúar til SFR-stéttarfélags, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík eða á netfangið dora@sfr.is**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Starf upplýsingafulltrúa í mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Auglýst er laust til umsóknar starf upplýsingafulltrúa á skrifstofu yfirstjórnar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

***Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar 2018***

HÓPBÍLAR

Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

## Hópbílar óska eftir að ráða bifreiðastjóra í akstur hjá ferðaþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu

**Starfshlutfall:** Fullt starf
**Dagsetning ráðningar:** Sem fyrst

**Hæfniskröfur:** Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D eða D1). Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

**Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um**

Hægt er að senda inn umsóknir á atvinna@hopbilar.is eða hafa samband við Davíð í síma 5996014.



## Hjúkrunarfræðingar óskast á Skjól hjúkrunarheimili

Lausar eru stöður hjúkrunarfræðinga á Skjóli. Stöðurnar eru lausar nú þegar eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall og vinnutími eftir samkomulagi.

**Starfslýsing:** Starfið felst m.a. í stjórnun, ábyrgð og skipulagning á almennum hjúkrunarstörfum í samræmi við hugmyndafræði og markmið heimilisins. Skráning í RAI-gagnagrunn.

**Hæfniskröfur:** Íslenskt hjúkrunarleyfi. Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar auk faglegs metnaðar og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Guðný H. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma: 522 5600
Umsóknir sendist á gudny@skjol .is

*Á Skjóli hjúkrunarheimili eru 106 rými á fimm deildum. Skjól er stofnaðili að hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi og eru hjúkrunarheimilin rekin í nánu samstarfi. Áhersla er lögð á faglega hjúkrunar– og læknisþjónustu auk sjúkra – og iðjuþjálfunar.*

SKJÓL

Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík
Sími 522 5600




## KAFFIBARÞJÓNAR ÓSKAST

Te & Kaffi leitar að metnaðarfullum og brosmildum kaffibarþjónum til að starfa á kaffihúsunum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá Te & kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingum til að takast á við spennandi verkefni á kaffihúsunum okkar.

Aldurstakmark er 18 ár og um framtíðarstörf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 29. desember næstkomandi.

# LEIGUMARKAÐUR

## VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI Í SÖLU, RÁÐGJÖF OG ÚTLEIGU TÆKJA TIL VERKTAKA, IÐNAÐARMANNA OG EINSTAKLINGA

- Leigumarkaðurinn í Breiddinni leitar að öflugum einstaklingi með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þekking á vélum, tækjum og notkun þeirra er mikill kostur ásamt reynslu og þekkingu á byggingarvörumarkaði.
- Viðkomandi þarf að búa yfir stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.
- Lyftarapróf er kostur en ekki nauðsynlegt.

*Um er að ræða framtíðarstarf í 100% stöðu. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsækjandi í þetta starf þarf að vera a.m.k 18 ára en við hvetjum sérstaklega reynslubolta á öllum aldri til að sækja um. Nánari upplýsingar um starfið veitir Bragi Jónsson, rekstrarstjóri, bragi@lmleiga.is.*

Sótt er um á www.byko.is eða alfred.is

**Umsóknarfrestur er til 22. desember.**

Þú sækir um með Alfreð

***SPENNANDI FRAMTÍÐARSTÖRF - FAGMENNSKA – GLEÐI - FRAMSÆKNI***

*BYKO ehf. var stofnað 1962 og starfar á byggingavörumarkaði og smásölumarkaði. Hjá okkur starfar öflugur hópur starfsmanna sem myndar frábæra liðsheild með skýra stefnu fyrirtækisins að leiðarljósi. Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólki. Við bjóðum mjög góða vinnuaðstöðu og mikla framtíðarmöguleika.*

LEIGUMARKAÐUR
SKEMMUVEGI 2A
200 KÓPAVOGI
515-4020 / LM@BYKO.IS

byko.is

BYKO

MOSFELLSBÆR

Lágafellsskóli

## LÁGAFELLSSKÓLI Í MOSFELLSBÆ LEITAR AÐ ÖFLUGUM STARFSMÖNNUM

Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum? Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum. Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.
Stuðningsfulltrúa, vinnutími 8-13:20 en möguleiki á vinnu í frístund fram eftir degi. Frístundaleiðbeinendur, í hlutastörf frá kl 13. Vinnutími samkomulag. Skólaliða, vinnutími 7:50-14:00.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Reynsla og þekking sem nýtist í starfi
- Áhugi á að vinna með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til 30. desember 2017.**

Frekari upplýsingar á heimasíðu Lágafellsskóla. Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stamos. Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200/896 8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is Öllum umsóknum verður svarað. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

SÍÐAN 1918 FREYJA

# VÉLAMAÐUR

**Sælgætisgerðin Freyja ehf. óskar eftir að ráða vélfræðing, vélvirkja eða vélstjóra í fjöldbreytt og krefjandi starf.**

**Helstu verkefni:**
- Uppsetning, viðhald og stilling framleiðslu- og pökkunarvéla og annarra tækja og búnaðar í verksmiðju.
- Uppsetning viðhaldsáætlunar og umsjón með henni.
- Þátttaka í gæðaverkefnum og öðrum verkefnum við framþróun verksmiðju og búnaðar.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Vélfræðingur, vélvirki, vélstjóri eða hliðstæð menntun.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Reynsla úr matvælaframleiðslu og af vinnu með rafmagn og notkun iðntölva er kostur.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið atvinna@freyja.is og agust@freyja.is merkt "Vélamaður". Umsóknarfrestur er til 23.desember 2017.**

HÚSASMIÐJAN HLUTI AF BYGMA



# SÖLUMAÐUR Í VERSLUN HÚSASMIÐJUNNAR Á EGILSSTÖÐUM

**Óskum eftir að ráða sölumann á almennum byggingarvörum og raflagnaefni.**

Leitað er að þjónustulunduðum og áhugasömum einstaklingi með framtíðarstarf í huga.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Þekking á byggingarvörum og raflagnaefni æskileg
- Íslenskukunnátta og tölvuþekking
- Færni í mannlegum samskiptum og þjónustulipurð
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

**Einar Karl Haraldsson, fyrrverandi ritstjóri, fagnar sjötugsafmæli á morgun. Hvort nýr afastrákur mætir vekur eftirvæntingu. Svo er Ítalíuferð handan við hornið.**

Þær segja það, dætur mínar og kona, að það sé eitthvert afmæli. – Þetta sem helst nú varast vann, varð þó að koma yfir hann – stendur einhvers staðar," segir Einar Karl Haraldsson, fyrsti ritstjóri Fréttablaðsins, þegar hann er minntur á sjötugsafmælið á morgun. Hann þykist ekkert spenntur en hlakkar samt örugglega til enda segir hann þær mæðgur ætla að halda vinum hans og ættingjum svolítið hóf. Það er í ýmis horn að líta hjá fjölskyldunni. Einar Karl kveðst þó laus við allt jólastress. „Maður er orðinn aðallega í því að njóta aðventunnar í stað þess að tapa sér í stressi og neyslu. Það er nýi tíminn. En það er von á afastrák í heiminn sem verður bæði jóla- og afmælisstrákur þetta árið. Þetta er alltaf jafn spennandi og maður vonar bara það besta."

Þótt Einar Karl sé ekki í föstu starfi hefur hann mörgu að sinna. „Ég er fyrir löngu hættur að líta á líf mitt sem vinnu, heldur sem verkefni. Sum þeirra fæ ég borgað fyrir og önnur ekki. Ég hef rekið sjálfan mig sem fyrirtæki og fólk hefur leitað til mín. Meðan heilsan er góð reyni ég að vinna að þeim verkefnum sem heilla. Þeir sem fara á eftirlaun hjá Tryggingastofnun verða strax óánægðir með að allt sé tekið af þeim. Ein leiðin til að verða ekki fúll yfir því er að fara ekkert á eftirlaun fyrr en maður neyðist til, sem er við 72 ára aldurinn. Því er um að gera að vinna meðan einhver vill nýta krafta manns."

Eitt af því sem spennandi er framundan hjá Einari Karli er Ítalíuferð með leikfimiflokknum Drengjum Sóleyjar. „Þetta verður þriðja ferðin okkar á Gullaldarmót Evrópska fimleikasambandsins, við förum annað hvert ár og tökum stöðugum framförum með hækkandi aldri." **gun@frettabladid.is**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, systir og frænka,

**Ingibjörg Birna Steingrímsdóttir**

Teigaseli 2, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu 9. desember sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 18. desember kl. 15.

**Svava María Jónsdóttir** **Kristján Árni Knútsson**
**Benedikt Arnarson**
**Bergþór Arnarson**
**Ingibjörg Berglind Arnardóttir**
**Amelía Svava Graves**
**Katrín Sigrún Graves**
**Raymond Daniel Graves**
**John Eric Graves**



Innilegar þakkir fyrir samúðarkveðjur og hlýhug við andlát eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður, afa og bróður,

**Daníels Kristinssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Krabbameinsdeildar og líknardeildar Landspítalans.

**Vigdís Greipsdóttir**
**Hólmfríður Ásmundsdóttir**
**Sólveig B. Daníelsdóttir**
**Kristinn Daníelsson** **Simone Daníelsson**
**Berglind Daníelsdóttir**
**Fjóla Daníelsdóttir** **Guðjón Helgi Eggertsson**
**barnabörn og systkini.**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Arnar Ingólfssonar**

Bogahlíð 8, Reykjavík.

**Lóa Gerður Baldursdóttir**
**Þórdís Arnardóttir** **Gunnlaugur Sigurjónsson**
**Herdís B.A. Diederichs** **Jürgen Diederichs**
**Örn Ingi Arnarson** **Sigríður Ákadóttir**
**Baldur Arnarson** **Zoe A. Robert**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Baldur Ragnarsson**

rafvirkjameistari,
Vættagili 17, Akureyri,

lést þriðjudaginn 5. desember. Útförin fer fram frá Glerárkirkju 18. desember kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þorgerður Fossdal**
**Thelma Baldursdóttir** **Friðbjörn Benediktsson**
**Berglind Baldursdóttir** **Eiður Magnússon**
**og barnabörn.**



2 MARAÞON NOW
Taktu þátt í skemmtilegu Maraþoni um jólin!
AÐEINS 2.990 KR Á MÁNUÐI*
*Fylgir með völdum sjónvarpspökkum Stöðvar 2
Njóttu þess að horfa á heilu þáttaraðirnar um jólin, þegar þér hentar.
THE DEUCE
HBO
KÓRAR ÍSLANDS
modern family
TIN STAR
THE SINNER
Fósturbörn
LEITIN AÐ UPPRUNANUM
ÍSSKÁPA STRÍÐ
365.is | Sími 1817
*Fylgir með sjónvarpspökkum 365.
365

# Fengu hátt í fjörutíu tæki að gjöf

Endurhæfingarstöðin að Reykjalundi veitti veglegri gjöf viðtöku á dögunum. Hún var frá Styrktar- og sjúkrasjóði verzlunarmanna í Reykjavík og er að andvirði 28 milljónir króna. Um er að ræða hátt í fjörutíu mismunandi tæki í endurhæfingarsal Reykjalundar. Þau taka við af eldri búnaði sem kominn er til ára sinna.

Reykjalundur er ein helsta endurhæfingar- og heilbrigðisstofnun landsins sem þjónar árlega yfir þúsund manns sem hafa veikst eða slasast alvarlega og fallið út af vinnumarkaði. Meðalaldur sjúklinga er um 50 ár. – **gun**



**Við afhendinguna: Bryndís Haraldsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Ásbjörn Einarsson, Bjarni Ingvar Árnason, Ólafur Þór Gunnarsson og Birgir Gunnarsson.**

---



✝

Ástkæri sonur minn,

**Brynjólfur Rafn Fjeldsted Brynjólfsson**

lést þann 6. desember síðastliðinn.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóhanna Fjeldsted**

---



✝

Eiginmaður minn og faðir okkar,

**Sveinbjörn Guðlaugsson**

frá Vestmannaeyjum,
Arnartanga 23, Mosfellsbæ,

lést 6. desember 2017. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Svanhildur Guðmundsdóttir**
**Gísli og Emilía**

---



✝

Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Svan Sigurðsson**

prentsmiðjueigandi,

lést mánudaginn 11. desember á líknardeild LSH í Kópavogi. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 20. desember kl. 11.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Kraft, stuðningsfélag ungs fólks með krabbamein.

**Þuríður Ólafsdóttir**
**Svala Hrönn Jónsdóttir** **Sverrir Salberg Magnússon**
**Jón Svan Sverrisson** **Sigurbjörg Magnúsdóttir**
**Þuríður Sverrisdóttir** **Andri Þór Sturluson**
**Salbjörg Kristín Sverrisdóttir** **Hilmar Yngvi Birgisson**
**Bríet Katla, Svala, Jörfi og Björt**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns, sonar, föður, tengdaföður og afa,

**Júlíusar Sigurðssonar**

pípulagningameistara
og hljómlistarmanns,
Dynsölum 10, Kópavogi.

**Jóhanna Ellý Sigurðardóttir**
**Magnhildur Sigurðardóttir**
**Hildur Júlíusdóttir** **Þorleifur Rúnar Örnólfsson**
**Júlíus Þór Júlíusson** **Íris Guðrún Ragnarsdóttir**
**Davíð Júlíusson** **Kristín Inga Guðmundsdóttir**
**Guðrún Stephensen**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem hafa sýnt okkur hlýhug og vináttu við andlát elskulegs eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Björns Guðnasonar**

prentsmiðs.

**Steinunn Ólafsdóttir**
**Hallbjörg Gunnarsdóttir**
**Guðrún Margrét Björnsdóttir** **Ríkarður Kristinn Magnússon**
**Helga Dögg Björnsdóttir** **Úlfar Óttarsson**
**Guðni Vilberg Björnsson** **Ellen Kristjánsdóttir**
**Ólafur Björnsson** **Anna Steinunn Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúðarkveðjur og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Kristins Daníelssonar**

ljósameistara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólteigs á Hrafnistu í Reykjavík.

**Hólmfríður Ásmundsdóttir**
**Vigdís Greipsdóttir**
**Ásmundur Kristinsson** **Sigrún Guðjónsdóttir**
**Kristinn Kristinsson** **Ásdís Þórarinsdóttir**
**Hólmfríður G. Kristinsdóttir** **Gunnar K. Gunnlaugsson**
**Knútur Kristinsson** **Þuríður Pálsdóttir**
**Magnús Kristinsson** **Dagný Egilsdóttir**
**Sigurður Kristinsson** **Siriwan Kristinsson**
**Áslaug Kristinsdóttir** **Oddur Daníelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæra

**Guðmunda S. Guðmundsdóttir**

Maríubakka 28, Reykjavík,

lést 6. desember sl. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 18. desember kl. 13.00.

**Þorsteinn Jóhannsson**
**og fjölskylda.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Axel Gíslason**

Nýhöfn 4, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 9. desember. Útför Axels verður gerð frá Vídalínskirkju þann 18. desember og hefst athöfnin klukkan 15.00.

**Hallfríður Konráðsdóttir**
**Björn Axelsson** **Birna Bessadóttir**
**Sól Axels Hallfríðard. Sjoholm** **Matthías Sjoholm**
**Dóra Björg Axelsdóttir** **Stefán Fannar Stefánsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, sonar, bróður og mágs,

**Guðmundar Ármanns Eggertssonar**

stálsmiðs,
Viðarási 21a, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem önnuðust hann í veikindunum.

**Arnar Jón Guðmundsson**
**Katrín Ósk Guðmundsdóttir**
**Eggert Guðmundsson**
**Óli Már Eggertsson** **Eydís Dögg Sigurðardóttir**
**Vignir Eggertsson** **Lilja Björk Kristjánsdóttir**
**Birna Eggertsdóttir** **Rúnar Hrafn Ingimarsson**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**Karl Pálsson**

rafmagnstæknifræðingur,
Arnarhrauni 3, Hafnarfirði,

andaðist á heimili sínu 9. desember í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram miðvikudaginn 20. desember frá Fossvogskirkju kl. 13.00. Aðstandendur þakka starfsfólki Heimahlynningar Landspítala einstaka umhyggju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ólöf Elín Lind Sigurðardóttir**
**Berglind Karlsdóttir** **Nicholas Barker**
**Íris Karlsdóttir**
**Katrín Bára Baatrup**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Valgerður Guðmundsdóttir**

frá Næfranesi við Dýrafjörð, síðast til heimilis að Hrafnistu í Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þann 25. nóvember 2017. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast Valgerðar er bent á minningarsjóð Hrafnistu.

**Ingólfur H. Ingólfsson** **Bärbel Schmid**
**Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal**
**Auður Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, vinur, afi og langafi,

**Þröstur Sigtryggsson**

skipherra,

lést laugardaginn 9. desember. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 19. desember kl. 15.

**Sigtryggur Hjalti Þrastarson**
**Bjarnheiður Dröfn Þrastardóttir** **Sigurjón Þór Árnason**
**Margrét Hrönn Þrastardóttir** **Sigurður Hauksson**
**Kolbrún Þrastardóttir** **Magnús Pétursson**
**Hallfríður Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Dóra Unnur Guðlaugsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þriðjudaginn 12. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 19. desember kl. 13.

**Valgerður Níelsdóttir** **Lárus Loftsson**
**Gústaf Níelsson** **Bergþóra Sigurbjörnsd.**
**Guðlaugur Níelsson** **Ragna Þóra Ragnarsdóttir**
**Brynjar Níelsson** **Arnfríður Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Helga Stefánsdóttir**

Baldursgötu 11, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 6. desember sl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 21. desember klukkan 13.00.

Sérstakar þakkir fá Örvar Gunnarsson krabbameinslæknir, Karitas hjúkrunarþjónusta og starfsfólk líknardeildar fyrir alúðlega og innilega umönnun.

**Sólveig Lilja Einarsdóttir** **Þórður Heimir Sveinsson**
**Sveinn Andri Brimar, Einar Baldvin Brimar,**
**Helga Brá Brimar**



ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA HJÁ OKKUR!
Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró
8"
SPJALDTÖLVA FYRIR BÖRNIN
tl.is
10.995
INTEL i5 8. KYNSLÓÐ
intel CORE i5 8th Gen
360°
MEÐ i5 ÖRGJÖRVA OG SNERTISKJÁ
149.995
139.995
59.995
FJÓRIR KJARNAR OG SSD
HVÍT 15,6" MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA
ÓTRÚLEGT VERÐ Í JÓLAPAKKANN. FJÖGURRA KJARNA INTEL ÖRGJÖRVI OG 128GB SSD. KRISTALTÆR 15,6" FULLHD SKJÁR.
69.995
A9 OG SSD
FULLHD SKJÁR OG RADEON R5
VINSÆL FYRIR JÓLIN OG SÉRSTAKLEGA GÓÐ KAUP. SPRÆKUR A9 ÖRGJÖRVI, 128GB SSD DISKUR OG FULLHD HÁSKERPUSKJÁR.
119.995
i5 OG 256GB SSD
GLÆSILEG HÖNNUN OG NANO EDGE
NETTARI EN HEFÐBUNDNAR 15,6" FARTÖLVUR VEGNA NANOEDGE SKJÁRAMMANS. KRÖFTUGUR ÖRGJÖRVI OG HRAÐVIRK VINNSLA.
139.995
i5 OG GTX1050
HRAÐI OG KRAFTUR
ACER ASPIRE 7 ER 15,6" FARTÖLVA MEÐ FJÖRGURRA KJARNA INTEL i5 ÖRGJÖRVA, GTX1050 LEIKJASKJÁKORTI, 256GB SSD OG FULLHD SKJÁ.
169.995
8. KYNSLÓÐ INTEL i7
512GB SSD OG NANOEDGE
ÖRÞUNN OG GLÆSILEGA HÖNNUÐ MULNINGSVÉL SEM RÆÐUR VIÐ KREFJANDI VERKEFNI. NÝR OG HRAÐARI 8. KYNSLÓÐAR ÖRGJÖRVI.
179.995
PREDATOR LEIKJAFARTÖLVA
HELIOS 300 MEÐ GTX 1050TI
SÉRHÖNNUÐ LEIKJAFARTÖLVA MEÐ i5 HQ ÖRGJÖRVA, 512GB SSD OG FULLHD IPS SKJÁ. GEGGJAÐ VERÐ FYRIR JAFN ÖFLUGA LEIKJAFARTÖLVU.
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
OPIÐ TIL 20 UM HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26
AKUREYRI GLERÁRTORG
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6
REYKJANESBÆR HAFNARGÖTU 90
SELFOSS AUSTURVEGI 34
AKRANES ÞJÓÐBRAUT 1




Verð gildir til og með **17. desember** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# JÓLAMATURINN

## í flestum tilfellum á lægsta verðinu í Bónus*

*Samkvæmt verðkönnun ASÍ þann 13. desember sl.

KS

ÍSLENSKT Lambakjöt



998 kr. kg

**KS Lambalæri**
Frosið

798 kr. kg.

**KS Lambabógur**
Frosinn

Ali




VINSÆLASTI hamborgarhryggurinn í Bónus

1.669 kr. kg

**Ali Hamborgarhryggur**
Með beini




6x2L

898 kr. 6x2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
Kippa, 6x2 lítrar

Aðeins 150 kr. flaskan

Opið í dag til kl. 19:00 í öllum verslunum Bónus

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**HJARTASTEINN**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| J | Ó | L | A | B | A | S | A | R | | R | | Á | | V | | S | | Æ | |
| A | | A | | A | | A | | Ó | F | O | R | S | K | A | M | M | A | Ð | I |
| R | Í | N | A | R | G | U | L | L | | K | | T | | S | | Á | | A | |
| Ð | | G | | L | | Ð | | E | G | G | J | A | B | A | K | K | A | R | |
| A | L | Þ | J | Ó | Ð | L | E | G | | I | | R | | K | | Ö | | F | |
| R | | R | | M | | A | | | H | R | O | L | L | V | E | K | J | U | M |
| E | | Á | M | I | N | N | S | T | A | N | | Í | | E | | U | | G | |
| I | | Ð | | N | | D | | | S | I | L | F | U | R | S | M | E | L | T |
| G | R | U | N | N | G | A | N | G | A | | Í | | N | | É | | I | | E |
| N | Ý | R | A | | R | | A | | R | | F | | D | | R | | N | | N |
| | T | | U | | E | | U | | K | Y | L | F | U | S | V | E | I | N | N |
| L | I | S | T | A | M | A | Ð | U | R | | E | | R | | A | | N | | I |
| | N | | A | | J | | R | | O | | G | U | L | L | R | G | G | N | S |
| E | G | G | L | A | U | S | A | | P | | I | | Á | | A | | | O | |
| | S | | U | | F | | K | O | P | A | R | S | T | U | N | G | U | N | A |
| K | V | E | N | S | U | N | A | | U | | | K | | M | | Ö | | N | |
| | E | | D | | L | | Ð | | R | Æ | S | I | S | R | O | T | T | A | N |
| | S | E | I | N | L | Æ | R | Ð | I | | | P | | Æ | | U | | B | |
| | P | | N | | U | | A | | N | Á | Ð | U | G | T | | Ð | | Ó | |
| L | A | M | A | T | R | Ú | | | N | | | M | | T | R | U | K | K | I |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast allsnægtir aðventunnar (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „16. desember“.





FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Stormurinn og stillan** eftir **Anne-Cathrine Riebnitzsky** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Þorbjörg Jónasdóttir, 600 Akureyri.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Skeið eða rangali? Þar er efinn (10)
**11** Kjósum neyðarkeisara sem öllu ræður (11)
**12** Lét krakka í umsjá skriðdýrs svo skriðdýraliðið nái því ekki (10)
**13** Fer upp á hólma með Báru eftir korninu (11)
**14** Kem helblá og brjáluð í hús og held fræknar tölur (10)
**15** Dökkt skal það vera og hraðfara, hrossið, en hvítt í grunninn (11)
**16** Legg línu fyrir vímaða, vinstrisinnaða hrossið (10)
**17** Hárfín fjarlægð konungs til fólks fyrir austan (11)
**20** Leita uppnefna fyrir utan heiti (8)
**21** Kem bandi á mótið fyrir slæðinginn (11)
**22** Heimabrugg í Katar kallast þetta (10)
**27** Dráp einnar sem hvorki gat né vildi berjast meira (9)
**29** Meginstraumur hirðritara (10)
**31** Aðferðin við iðnað á sér eigin stofnun (9)
**32** Sangur grauturinn ber keim af kærleika (10)
**33** Leggur á klárinn Klett, þar eru sérstök kvennasæti (11)
**37** Les njólasjó úr hátíðarhjarni (8)
**38** Öll vor ætt og ævi líka væru ekki nema fyrir þetta (6)
**39** Una og Tinna skynja yndið í uppnáminu (8)
**40** Bjánar nota barefli á burðardýr (8)
**41** Takið spottann og bindið þau (6)

### LÓÐRÉTT

**1** Sæki partí milli ljósra punkta í lífinu (11)
**2** Tel landnám endast ef krydd og kaffi fást (11)
**3** Reyta præsinn fótabúnað (11)
**4** Spái glóhærðum refsbróður fyrsta sæti (11)
**5** Hvor stundar meira dufl, Sam eða Ari? (11)
**6** Fá sveitakrytinn í sinn hlut (16)
**7** Vík mér að vondum og lastmálum manni frá Dundee (12)
**8** Innbyrtir vínbúðina, slík eru hjartagæðin! (8)
**9** Fordæmi karl fyrir blót og morð í guðs nafni (8)
**10** Hef skorið settin niður og raðað þeim upp á nýtt (6)
**18** Frumbyggjar sóttu í kiðlingasteik – slíkt var veldið á þeim (9)
**19** Flas handa leitar öryggiskaðla með landgöngum (9)
**23** Treystir tali ef pontur passa (10)
**24** Leita að skrúfutímabili í knattleik (10)
**25** Hljómsveitin Þel og tog spinnur þetta af fingrum fram (10)
**26** Pantar Jón til að gæta gamallar barnaskruddu (10)
**28** Á slaginu þrjú – eða er það 2.30 – 3.30? (9)
**30** Skynja tóm þótt þau beri engin merki (8)
**34** Of djúp til að geta sökkt sér ofan í þau? (5)
**35** Sé sólguð með tvo hálfpotta (5)
**36** Sé þessar vélar ekki hvika (5)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | 2 | | | | 1 | 5 | | |
| 7 | | 4 | 5 | 9 | | | | |
| | | 5 | 1 | | 8 | 4 | | |
| 2 | | 1 | | | | | | 7 |
| 6 | 3 | 8 | | | 2 | 1 | | |
| | 9 | | | | | | 6 | |
| | 6 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 6 | | 4 | 2 | 9 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 8 | | | | | | 5 |
| | | 3 | 6 | | | | 8 | |
| 4 | 6 | | 3 | | 8 | | | 1 |
| | 9 | | 8 | 6 | | | | |
| 3 | 4 | 7 | 1 | | 5 | | | |
| 1 | | | 2 | | | 5 | | |
| 6 | | | | | | 2 | | |
| | | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | | |
| | | 4 | | | | | 1 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 2 | | | | 8 | 4 |
| | | 6 | 5 | | | | 3 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | | | |
| 5 | | 3 | | 1 | | | | |
| | 1 | | | | | 9 | | |
| 8 | | 2 | | | | | | 1 |
| 9 | 3 | | | | | | 5 | |
| 7 | | | | 5 | | | | |
| | 2 | | | | 3 | 7 | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 1 | 4 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 3 | 2 | 1 | 6 | 4 |
| 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 3 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 3 | 8 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 6 | 9 | 5 | 8 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 | 4 | 2 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 1 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 8 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Aljekín átti leik gegn Nestor í Trinidad árið 1939.
**Hvítur á leik**
**1. Hc8! Hxc8 2. De7! 1-0.**
Friðriksmót Landsbankans – Íslandsmótið í hraðskák fer fram í dag. Mótið hefst kl. 13 í útibúi Landsbankans í Austurstræti. Flestir sterkustu skákmenn landsins taka þátt. Áhorfendur velkomnir.

**www.skak.is.** Friðriksmótið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## DRAMATÍSKUR SIGUR

Guðmundur Baldursson og Steinberg Ríkarðsson unnu dramatískan sigur í Íslandsmótinu í bötler sem háð var um síðustu helgi. Bræður Guðmundar, Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson voru í forystu meginhluta mótsins en mættu sigurvegurunum í síðustu umferð. Mótið réðst þegar Guðmundur og Steinberg græddu 11 impa á þessu spili eftir dramatískar sagnir. NS á hættu og suður var gjafari.

**Norður**
♠ KG9843
♥ 7
♦ K52
♣ ÁK2

**Vestur**
♠ 2
♥ ÁKD52
♦ ÁD986
♣ D4

**Austur**
♠ D107
♥ G863
♦ 104
♣ G1083

**Suður**
♠ Á65
♥ 1094
♦ G73
♣ 9765

Eftir pass Steinbergs í upphafi á suðurhöndina opnaði Jón á sterku laufi (16+) á vesturhöndina. Guðmundur kom inn á einum spaða á norðurhöndina sem voru passaðir yfir til Jóns. Jón doblaði, Guðmundur sagði óhræddur 2 ♠ og Sigurbjörn doblaði. Doblið var væntanlega meint til baráttu (oftast marflöt skipting en einhverjir punktar) – en tekið sem refsing. Spilinu lauk fljótlega. Útspil Sigurbjörn var hærri tígullinn frá tvíspilinu (tígultía) og Guðmundur fékk að eiga fyrsta slaginn á kóng. Hann spilaði spaða á ás og spaða úr blindum og þegar Jón sýndi eyðu var lagt upp með 8 slagi, 5 á spaða, 2 á lauf og tígulslagur – 670 í dálk NS. Fyrir spilið fengu Guðmundur og Steinberg 11 í plús. Þeir enduðu með 46 í plús og Jón-Sigurbjörn 36 í plús í öðru sæti.


HÁTÍÐ Í BÆ!
ÞÚ FÆRÐ JÓLASTEIKINA Í ICELAND
FJALLALAMB HANGIFRAMPARTUR TAÐREYKT OG ÚRBEINAÐ 2599 KR. KG.
FJALLALAMB HANGILÆRI TAÐREYKT OG ÚRBEINAÐ 3099 KR. KG.
ALI HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI 1699 KR. KG.
ALI HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR 1999 KR. KG.
KJARNAFÆÐI LAMBALÆRI HEIÐALAMB 1769 KR. KG.
KJARNAFÆÐI HANGILÆRI TAÐREYKT, MEÐ BEINI 1799 KR. KG.
ALI BAYONSKINKA 1399 KR. KG.
ALI GRÍSAHNAKKI REYKTUR, ÚRBEINAÐUR 1299 KR. KG.
KJARNAFÆÐI HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐ 2199 KR. KG.
KEA HANGILÆRI ÚRBEINAÐ 3999 KR. KG.
MÓÐIR NÁTTÚRA HNETUSTEIK 1169 KR. KG.
FJALLALAMB HRYGGUR LAUSF. 1999 KR. KG.
HOLTA REYKTUR HÁTÍÐAR KJÚKLINGUR 999 KR. KG.
KEA LAMBA HAMBORGARHRYGGUR 2199 KR. KG.
ÍSFUGL KALKÚNABRINGA FERSK 3599 KR. KG.
ANDABRINGUR 2x230G 3399 KR. KG.
KEA HAMBORGARHRYGGUR PAKKAÐUR 1599 KR. KG.
HOLDA KALKÚNN FROSINN 1699 KR. KG.
OPIÐ 24 TÍMA
Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró
Iceland



# Konráð og félagar á ferð og flugi 280

„Almáttugur,“ hrópaði Róbert upp yfir sig. „Við erum föst hérna inni og munum aldrei komast út,“ bætti hann við skelfingu lostinn. „Enginn mun nokkurn tímann finna okkur og við munum svelta í hel.“ „Svona nú Róbert minn,“ sagði Kata höstuglega.

**Getur þú hjálpað Róberti og Kötu að komast út úr völundarhúsinu?**

„Þetta er nú bara völundarhús og það er alltaf einhver leið út úr völundarhúsum.“

Jólalagið

## Jólasveinninn kemur í kvöld

Nú hlustum við öll
svo hýrleg og sett,
ekki nein köll
því áðan barst frétt:
Jólasveinninn kemur í kvöld.

Hann arkar um sveit
og arkar í borg,
og kynjamargt veit
um kæti og sorg.
Jólasveinninn kemur í kvöld.

Hann sér þig er þú sefur,
hann sér þig vöku í,
og góðum börnum gefur
hann svo gjafir, veistu af því?

Nú hlustum við öll
svo hýrleg og sett,
ekki nein köll
því áðan barst frétt:
Jólasveinninn kemur í kvöld.

*– Hinrik Bjarnason*



**Það er nóg að gera hjá þessum í desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**„Mig dreymir um að verða leikari, dansari, söngvari og rappari. Kannski líka útvarpsmaður,“ segir Arnaldur.**

# Rappar með sveitinni Pöndunum

Hinn ellefu ára Arnaldur Halldórsson sló í gegn sem jólastjarna á jólatónleikum Björgvins.

> **Stemningin í hópnum var líka gríðarlega góð en oft var kvartað yfir því að við krakkarnir hefðum of hátt.**

**En hvernig leið honum á sviðinu í Hörpu?** Mjög vel og það var gaman að syngja fyrir allt fólkið. Stemningin í hópnum var líka gríðarlega góð en oft var kvartað yfir því að við krakkarnir hefðum of hátt.

**Var þetta eins og þú reiknaðir með?** Nei, allt var miklu stærra og flottara en ég átti von á. Ég vissi heldur ekki að við krakkarnir yrðum strax svona góðir vinir. Vonandi hitti ég þá fljótt aftur.

**Hvaða lög söngst þú?** Ég söng Dag einn um jólin sem er íslenska útgáfan af Someday at Christmas eftir Stevie Wonder. Svo sungum við jólastjörnurnar lagið Nei, nei, ekki um jólin með kónginum sjálfum, Bó.

**Hefur þú sungið opinberlega áður?** Ég var í Söngskóla í tvö ár og þar komum við fram á sýningum fyrir ættingja og vini. Síðan fórum við nokkrir vinir um daginn á elliheimilið á Seltjarnarnesi og sungum fyrir eldri borgarana. Svo er ég í rapphljómsveitinni Pöndunum en við erum enn þá bara á Youtube.

**Ferðu oft á tónleika?** Nei, ekki oft en ég fór á Justin Bieber og það er eftirminnilegt. Svo sá ég Zöru Larsson, það var ekki jafn spennandi.

**Hlustar þú mikið á tónlist?** Ég hlusta á tónlist alla daga og fíla rapp, popp og rólegt. Annars hef ég mest verið að hlusta á jólalög síðustu vikur.

**Átt þú þér eftirlætis tónlistarmann/konu?** Ég held mest upp á JóaPé og Króla í rappinu og Ed Sheeran í poppinu. Svo er Páll Óskar frábær og það var gaman að syngja með honum í Hörpu.

**Hver eru helstu áhugamálin?** Að leika, syngja og dansa. Í augnablikinu er söngurinn númer eitt. En skemmtilegast er að blanda þessu öllu saman eins og gert er í söngleikjum. Ég er líka í stökkfimleikum hjá Gróttu og mér finnst alltaf gaman að leika við vini mína.

**Hvað langar þig að verða?** Mig dreymir um að verða leikari, dansari, söngvari og rappari. Kannski líka útvarpsmaður.

**Hvað finnst þér best við jólin?** Kærleikurinn. Síðan elska ég smákökurnar sem ömmur mínar baka.

**GULUR, RAUÐUR, GRÆNN & SALT** EFTIR **BERGLINDI GUÐMUNDSDÓTTUR**

# Litríkt & leikandi létt






## Það geta allir orðið meistarar í eldhúsinu

**Gulur, rauður, grænn & salt** er ein vinsælasta uppskriftasíða landsins. Berglind Guðmundsdóttir býður hér upp á nýjar einfaldar uppskriftir að töfrandi og litríkum réttum frá öllum heimshornum.

**MIG LANGAR SVO Í KRAKKAKJÖT**

# Ein af bestu barnabókum ársins að mati bóksala




BENEDIKT B BÓKAÚTGÁFA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Það hlýnar í veðri í dag með suðaustan 10-15 m/s og rigningu eða slyddu sunnan- og vestanlands. Lengst af hægari og þurrt norðaustantil, en bætir í vindinn síðdegis og líkur á lítilsháttar slyddu eða snjókomu þar í kvöld.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 3° | -1° | 2° | -2° | 2° | 3° | -4° |
| **London** | **Amsterdam** | **Paris** | **Berlín** | **Madrid** | **Brussel** | **Róm** |
| 4° | 6° | 6° | 3° | 8° | 5° | 12° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| -5° | -4° | 10° | 3° | 27° | 6° | 22° |






## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↗7 | 5° ↑7 | 4° ↗8 | 3° ↗12 | 2° →12 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° ↗8 | 3° ↗18 | 0° ↗11 | -2° ↗12 | -2° ↗9 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° →11 | 3° ↖4 | 0° ↗8 | -1° ↗12 | -3° →10 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° →6 | 3° ↑9 | 1° ↗5 | -0° ↗6 | -4° →7 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° →7 | 2° ↙4 | -0° →4 | 0° ↗7 | -3° →7 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





KJÖTHITAMÆLIR
ÞRÁÐLAUS
VERÐ ÁÐUR... 6.495
JÓLATILBOÐ .. 4.995
ÍSLENSKA
PÖNNNUKÖKUPANNAN
ÞESSI GAMLA GÓÐA
VERÐ ÁÐUR... 10.995
TILBOÐ ........... 9.995
OBH
SLÉTTIBURSTI
ARTIST PRO
VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOÐ ......... 7.995
MEDISANA
NUDDTÆKI
SHIATSU
VERÐ ... 11.995
MEDISANA
VEKJARI MEÐ LJÓSI
VERÐ ..... 8.995
ÍSLENSKU
JÓLASVEINARNARNIR
VERÐ FRÁ ... 1.795
Frí heimsending á næsta pósthús í desember!
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
SODASTREAM
TÆKI
GENESIS
VERÐ ... 14.995
Le Creuset
SALT- OG PIPARKVARNIR
VERÐ ... 8.245
OBH
NORDICA
SMOOTHIE
TWISTER
2X 600ML KÖNNUR FYLGJA
FULLT VERÐ ..... 7.995
TILBOÐ ........... 5.995
PIZZASTEINN Í GRIND
30sm
VERÐ ÁÐUR.... 4.495
JÓLATILBOÐ ... 3.495
PRINCESS
SÚKKULAÐI
BRUNNUR
FULLT VERÐ ..... 4.995
TILBOÐ ........... 3.995
MEDISANA
SNYRTISPEGILL
2 in1- LED ljós
VERÐ ... 5.995
Le Creuset
ELDFAST MÓT
32sm
VERÐ ..... 8.995
SOUS VIDE TÆKI
FYRIR NÁKVÆMARI ELDUN
Melissa Sous Vide hitajafnari
FULLT VERÐ ... 12.995
TILBOÐ ........... 9.995
ARIETE PIZZAOFN
Ekta pizzaá örfáum mínútum!
FULLT VERÐ ... 12.995
TILBOÐ ........... 9.995
ARIETE
VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR VÖFFLUR
FULLT VERÐ ..... 5.995
TILBOÐ ........... 4.995
ARIETE
HAMBORGARA
HEILSU
GRILL
Með brauðhitara
VERÐ ...... 7.995
TEFAL
GRILLPANNA
VERÐ ÁÐUR... 12.995
TILBOÐ ........... 9.995
WUSTHOF
HNÍFASETT
7 STK SETT MEÐ SKÆRUM
VERÐ ÁÐUR... 29.995
TILBOÐ ......... 19.995
KitchenAid
TVENNUTILBOÐ
Brauðrist og hraðsuðuketill
VERÐ ÁÐUR.... 35.995
TILBOÐ .......... 26.995
JBL
BLUETOOTH
HÁTALARI
FÆST Í TVEIMUR LITUM
VERÐ ... 28.995
JÓLATILBOÐ
Jamie Oliver
Tefal
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
Jamie Oliver pottum og pönnum

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Eins og það sé gömul beinaber kona innan í mér

**Bergþóra Snæbjörnsdóttir er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir ljóðabókina Flórída sem hún segir að sé saga tveggja kvenna sem búa báðar innra með henni.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er óhætt að segja að ljóðlistin lifi góðu lífi á Íslandi. Fjöldi útgefinna ljóðabóka er umtalsverður og á meðal þeirra bóka sem eru tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna eru tvær ljóðabækur. Flórída eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur er önnur þeirra en þar er á ferðinni einkar heildstæð og sterk ljóðabók sem að ákveðnu leyti hefur yfirbragð söguljóðs þar sem tvær aðalpersónur og líf þeirra er í brennidepli.



Bergþóra segir að hún hugsi bókina óneitanlega í senum sem geti verið styrkleiki og veikleiki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Fyrir og eftir

Bergþóra segir að vissulega sé hér á ferðinni einhvers konar viðreynsla við söguljóð og viðleitni til þess að segja sögu í gegnum styttri ljóðaprósa. „Ég gaf út ljóðabók 2011 sem var svona hefðbundnari en þegar ég byrjaði á þessari, sem er reyndar langt síðan, þá leitaði þetta á mig sem saga tveggja kvenna. Þetta var saga sem mig langaði til þess að segja en á sama tíma þá hugsaði ég þetta alltaf sem ljóðabók. En þegar kom að því að skrifa þá gerðist það svo eiginlega í einhvers konar ofsa. Ég skrifaði fyrsta uppkastið mjög hratt en svo var ég rosalega lengi að skerpa á henni og bæta við hana enda fannst mér óskaplega erfitt að sleppa henni frá mér.“

Eitt af því sem grípur við lestur Flórída er ákveðinn tvenndarleikur; tvær konur, tvö lönd, æska og öldrun og sitthvað fleira mæti taka til en Bergþóra segir að hún hafi í raun ekki velt þessu fyrir sér. „En þetta er það sem gerir það svo skemmtilegt að tala við fólk um það sem maður er að gera því þá fær maður oft ákveðna speglun. Stundum held ég að þetta sé svolítið að koma úr einhverri undirvitund. Ég er búin að vera dálítið upptekin af þessari fyrir og eftir hugsun, hef smá þráhyggju fyrir því satt best að segja, það sem var og það sem er og þessar tvenndir eru kannski ákveðin birtingarmynd á því.“

### Gömul og beinaber

Bergþóra segir að Flórída, önnur af aðalpersónum verksins, sé að einhverju leyti byggð á fólki sem hún kynntist þegar hún bjó í Berlín. „En sjálf er ég líka samt í raun báðar þessar konur, þetta er svona narsissistinn í mér, því þetta eru mínar raddir.“ Flórída er ákaflega sjúskuð og útlifuð kona en þrátt fyrir það stendur Bergþóra fast á því að hún sé byggð á hennar hugsunum. „Mér hefur alltaf liðið eins og það sé einhver gömul, beinaber kona innan í mér,“ segir Bergþóra brosandi og bætir við: „Sem er mjög eðlilegt og ég veit að flestir tengja við. En mér hefur bara alltaf fundist ég vera einhvern veginn að villa á mér heimildir. Hefur alltaf liðið þannig og Flórída er sprottin þaðan.“

En hefur ekkert dregið úr þessari tilfinningu núna þegar Flórída er komin á bók? „Nei, hún er eiginlega bara sterkari. Ég er reyndar að sjá það alltaf betur og betur að Flórída er ekki eins frumleg og hún hélt að hún væri. Ég áttaði mig bara á þessari tengingu hennar við mína innri líðan nýlega, í samtali við gáfaða vinkonu. Og það var ákveðið áfall að neyðast svona til þess að horfast í augu við eigin sjálfhverfu,“ bætir Bergþóra við og það leynir sér ekki að það er stutt í bæði húmorinn og sjálfsgagnrýnina.

### Léleg skáldsagan

Bergþóra hefur ekki einvörðungu fengist við skáldskaparlistina á sínum ferli. Hún og myndlistarkonan Rakel McMahon mynda saman gjörningatvíeykið Wunderkind Collective þar sem þær setja upp textamiðuð sviðsverk og innsetningar, auk þess sem Bergþóra hefur fengist við ýmis störf í kvikmyndagerð og sitthvað fleira. Það er reyndar svo að þessar sviðsetningarlistir virðast ekki vera langt undan í ljóðheimi Flórída og Bergþóra segir að hún hugsi þetta óneitanlega dálítið í senum. „Það er ekkert meðvitað. Að sjá þetta svona fyrir sér getur verið ákveðinn kostur en það getur líka verið veikleiki af því að stundum ætlast maður til þess að aðrir sjái það sem maður sjálfur sér og það án þess að gefa fólki allar upplýsingarnar. Það getur reynst varasamt.“

Bergþóra segir að núna eftir að Flórída sleppir sé hún með ýmis járn í eldinum og sum þeirra séu líka á þessu sviðsetta formi. „Ég er með einhver kvikmyndaverkefni sem ég er mjög spennt fyrir og ætla að halda áfram með. En svo langar mig rosalega til þess að skrifa skáldsögu og er reyndar búin að ganga með það í maganum lengi. Það kemur svo bara í ljós hvort það tekst.

En ég er eiginlega búin að ákveða að gefa mér leyfi til þess að skrifa eina lélega skáldsögu. Mér finnst að fyrsta skáldsaga megi bara vera léleg. Það er svona þegar maður er að gera eitthvað í fyrsta sinn þá fylgir því gnístran tanna og horft á milli fingra sér nokkrum árum seinna af einskærum aulahrolli.“

**Flórída**

**Ég sé hana enn. Hún lepur kaffið úr eggjabakka. Krafsar í sundur hársvörðinn með lökkuðum nöglum. Húðflögur og svartir hárflókar falla í haug við leðurklædda fætur hennar.**

**Ef þú bítur í blöð hennar fyllist munnur þinn af maurum og ösku.**

**Ef þú reynir að setja eitthvað upp í mig breytist það í skurn.**

*Upphaf ljóðabókarinnar Flórída eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur.*

**EN ÉG ER EIGINLEGA BÚIN AÐ ÁKVEÐA AÐ GEFA MÉR LEYFI TIL ÞESS AÐ SKRIFA EINA LÉLEGA SKÁLDSÖGU. MÉR FINNST AÐ FYRSTA SKÁLDSAGA MEGI BARA VERA LÉLEG.**




## Æfðu sig í kirkjunum í Strassborg

Íslendingar hafa óspart látið ljós sitt skína á stóra jólamarkaðnum í Strassborg, með eðalvarningi og yndislegum tónum. Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona er meðal tónlistarflytjenda sem þar kom fram í boði Patrice Dromson, konsúls Íslendinga í borginni, og menntamálaráðuneytisins.

„Jólamarkaðurinn í Strassborg er sá elsti í Frakklandi og er sóttur heim af tveimur milljónum manna í ár,“ segir Björg sem ásamt föruneyti sínu hélt tónleika í Saint Guilliaume kirkjunni og St. Péturskirkjunni.

Tónleikana ætlar hópurinn svo að endurtaka annað kvöld, sunnudag, í Seltjarnarneskirkju klukkan 20, við kertaljós. Yfirskriftin er: Niðamyrkrið ljómar.

Í hópnum eru auk Bjargar Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Elísabet Waage hörpuleikari, Matthías Nardeau óbóleikari og Hilmar Örn Agnarsson orgelleikari ásamt kammerkór. – gun



Hilmar, Björg og Elísabet komast vonandi heim í tæka tíð fyrir tónleikana í Seltjarnarneskirkju annað kvöld.

# Ballöður og syrpur í flutningi Jólanornanna

Við verðum með skemmtilegt prógramm og flytjum það bæði á hátíðlegan og hressilegan hátt," segir Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti með meiru, um tónleika Jólanornanna í Snorrabúð í Söngskólanum í Reykjavík nú um helgina. Hún er ein nornanna, hinar eru þær Elsa Waage kontra-altsöngkona, Svava Kristín Ingólfsdóttir mezzosópran, Berta Dröfn Ómarsdóttir léttur sópran og Íris Sveinsdóttir sópran. Allar eru þær þrautþjálfaðar í tónlist og hafa unnið saman á víxl áður en sjaldan allar saman. „við byrjuðum reyndar í fyrra. Þá komum við fram í svítunni í Gamla bíói og fannst svo gaman að við ákváðum að vinna meira saman," segir Svava Kristín.

Tónleikarnir verða tvennir nú um helgina, þeir fyrri í kvöld klukkan 20 og þeir síðari á morgun klukkan 17. Á dagskránni eru að sjálfsögðu jólalög, íslensk og erlend, ballöður og syrpur. – **gun**



**Berta Dröfn, Elsa Waage, Íris, Svava Kristín og Arnhildur.**



**Magga Stína er meðlimur Ósæmilegrar hljómsveitar sem kemur fram í Mengi á mánudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þorvaldur var engum líkur

Næstkomandi mánudagskvöld klukkan 20 verða tónleikar í Mengi í tilefni af útgáfu Ósómaljóða Þorvaldar Þorsteinssonar í flutningi Megasar ásamt Skúla Sverrissyni og Ósæmilegri hljómsveit. Ósómaljóð komu út á vínylplötu og geisladiski hjá Mengi Records síðastliðinn föstudag. Magga Stína er meðal þeirra sem skipa Ósæmilegu hljómsveitina en hún segist sjálf skipa bakvarðasveitina ásamt fjölmörgum snillingum en það séu hins vegar Megas og Skúli sem leiði þetta áfram.

„Ég hef í raun eiginlega gert minnst af öllum en þetta er líka svona vinahópur Þorvaldar heitins sem stendur að þessu." Þorvaldur Þorsteinsson listamaður féll frá langt fyrir aldur fram í febrúar árið 2013, eftir einstaklega fjölbreyttan og gifturíkan feril. Á meðal verka sem Þorvaldur skildi eftir sig voru Ósómaljóðin en þau voru einnig flutt á stórtónleikum í Gamla bíó á Listahátíð í Reykjavík árið 2015.

Magga Stína segir að vitneskjan um tilurð þessara ljóða væri þó í stóra samhenginu í raun frekar nýtilkomin. „Hann hafði tekið upp kassettu með þessu í Hollandi fyrir margt löngu þar sem Þorvaldur flutti eigin lög og texta með miklum tilþrifum. Svo voru þessir textar notaðir seinna í leikritinu hans Lífið – notkunarreglur sem var sett upp af Leikfélagi Akureyrar og Nemendaleikhúsinu. En þá var það Megas sem samdi lög við þessa dásamlegu texta og ég útsetti. Þetta eru lögin við þessi ljóð sem var svo ákveðið að færa í búning og gefa út."

**SEM LISTAMAÐUR HAFÐI HANN SVO MIKLU AÐ MIÐLA OG MEÐ KÍMNIGÁFU SINNI BJÓ HANN YFIR EINSTÖKUM HÆFILEIKA TIL ÞESS AÐ SÝNA HEIMINUM FRAM Á FÁRÁNLEIKA SINN.**

Margrét segir að það sem geri Ósómaljóðin svo einstök sé í raun hvernig þau endurspegli Þorvald. „Þau tala til okkar eins og hann gerði á sinn einstaka hátt. „Sem listamaður hafði hann svo miklu að miðla og með kímnigáfu sinni bjó hann yfir einstökum hæfileika til þess að sýna heiminum fram á fáránleika sinn. Hann var mikill og góður íslenskumaður auk þess að vera alveg trylltur húmoristi þó hann hafi verið í kaldhæðnari kantinum. Það eitt og sér að Megas skuli taka sig til og semja tónlist við texta Þorvaldar segir í raun allt sem segja þarf um hvað Ósómaljóðin eru frábær. Þorvaldur var öðlingur og engum líkur. Í senn bjartari og svartari en andskotinn." – **mg**




# Framundan er stærsta árlegt Baby Shower í heimi

**Gjörningaklúbburinn hefur víða farið á glæstum ferli en í vikunni lokuðu þær þríleik sínum í Lillith Performance Studio í Malmö sem er eitt af fáum galleríum í heiminum sem er alfarið sérhæft í gjörningalist.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Gjörningaklúbburinn hefur verið áberandi afl í heimi myndlistar á Íslandi og reyndar víðar um langt skeið. Verk klúbbsins grípa oft athygli almennings og heilla áhorfendur með hugvitssamlegum hætti þar sem tekist er á við margt það sem hæst ber í samfélaginu hverju sinni. Gjörningaklúbbinn hafa lengi skipað þær Jóní Jónsdóttir, Eirún Sigurðardóttir og Sigrún Hrólfsdóttir en sú síðastnefnda er nú í starfsleyfi frá hópnum eftir að hafa verið ráðin sem deildarforseti myndlistardeildar við Listaháskóla Íslands.

### Gjörningaveisla

Síðastliðinn fimmtudag frumsýndi Gjörningaklúbburinn nýjan gjörning í Lillith Performance Studio í Malmö, en það er eitt af fáum galleríum sem sérhæfa sig í gjörningalist, en verkið er hluti af þríleik sem klúbburinn hefur unnið á þessu ári. Jóní Jónsdóttir segir að Gjörningaklúbburinn hafi verið á mikilli siglingu að undanförnu og í mörg horn að líta. „Fyrir rúmu ári gerðum við stóra einkasýningu í Aarhus listasafninu í Árósum sem er stórt og framsækið safn og svo höfum við verið að vinna að þessari trílógíu sem við erum svo að ljúka hérna í Malmö þessa dagana. En svo hefur sitthvað annað verið í gangi líka sem væri kannski of langt mál að telja.



Jóní, Ingrid Bogren eða hin vitra kona og Eirún í Lillith Performance Studio þar sem síðasti hluti gjörningsins var fluttur síðastliðinn fimmtudag.

Jóní segir að verkefnið í Malmö hafi komið til út frá því að Lillith Performance Studio eigi afmæli um þessar mundir og að þar sé unnið út frá þema sem kallast You Are Invited (Boðið) allt árið. „Þetta er sett upp sem kvöldverður þar sem listamenn hafa frjálsar hendur með það hvernig er staðið að þessu kvöldverðarboði í hvert eitt sinn. Fimm listamönnum eða listhópum af þeim fjölda listamanna sem sýnt hafa hjá þeim síðastliðin 10 ár var boðið til þess að standa fyrir slíkri veislu í afmælisárinu og þegar það varð ljóst að við ættum að fá að vera í desember þá tók hugmyndavinnan nú óneitanlega mið af því.“

### Fæðingin sameinar

Jóní segir að vissulega hafi jólahátíðin verið þeim ofarlega í huga en að auki þá hafi Gjörningaklúbburinn unnið talsvert með hugmyndina um Maríu mey. „Hver var María? hvernig kona var hún? Fékk hún einhvern tíma tækifæri til þess að samþykja það að hún ætti allt í einu að bera son guðs? Hvað um hennar sjálfsákvörðunarrétt yfir eigin lífi og líkama?

Allt tengist þetta beint inn í #metoo umræðuna og það sem er að gerast í heiminum eins og í Bandaríkjunum þar sem hlutirnir eru að fara aftur á bak með Trump og konur eiga enn frekar undir högg að sækja en áður. Í lífssýn Trumpismans eru konur ekki jafn mikils virði og karlar, eiga ekki að hafa yfirráðarétt yfir því hvort þær eignast börn eða fara í fóstureyðingar og þannig mætti áfram telja óteljandi vangaveltur um stöðu kvenna út frá þessum Maríupælingum og hugmyndum okkar um hana.“

Fyrsti gjörningur þríleiksins var svo fluttur á Siglufirði á föstudaginn langa sem Jóní segir að hafi óneitanlega verið meðvitað dagaval. „Síðan þá eru liðnir níu mánuður en við höfum verið að byggja þetta upp sem meðgöngu allt frá getnaði til fæðingar. Um meðgönguna miðja vorum við svo á Gjörningahátíðinni á Akureyri og þar bauðst gestum að koma með okkur í meðgöngu. Meðgangan fólst í því að ganga saman – sem sagt með-ganga. Síðasti hluti þríleiksins var svo núna hér í Malmö þar sem við stóðum fyrir svokölluðu Baby Shower sem felur í sér ákveðna sameiningu og fögnuð yfir fæðingunni. Yfirleitt er það sem betur þannig að þegar börn fæðast inn í þennan heim þá fylgir því gleði og sameining, þó að það sé vissulega ekki alltaf eða sjálfgefið, en við vonum það.“



Gestir tóku þátt í brauðbakstri, söng og ýmsu fleiru skemmtilegu.

> HVER VAR MARÍA? HVERNIG KONA VAR HÚN? FÉKK HÚN EINHVERN TÍMA TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ SAMÞYKJA ÞAÐ AÐ HÚN ÆTTI ALLT Í EINU AÐ BERA SON GUÐS? HVAÐ UM HENNAR SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTT YFIR EIGIN LÍFI OG LÍKAMA?

### Öld Vatnsberans

Jóní segir að markmið gjörningsins sé að sameina fólk og virkja það einnig í fögnuðinum. „Gestirnir hnoða með okkur deig, fylgjast með lyftingu þess og aðstoða okkur við að byggja upp viðburðinn. Við fáum fólk til þess að syngja með okkur til þess að hita upp fyrir lífið enda er það alveg klassísk leið til þess að sameina fólk. Þetta gekk roslega vel strax fyrsta kvöldið því það voru allir til í að taka þátt, syngja með og sameinast í gleðinni og það var ægilega gaman. En svo eru þessar femínísku pælingar aldrei langt undan og við gleymum ekkert að fá fólk til þess að horfast í augu við þær.“

Fyrir nokkrum árum hófst öld Vatnsberans sem Jóní segir að sé öld sameiningar í kjölfar sundrungar þótt það sé kannski ekki að sjá á ástandi heimsins enn sem komið er. „Það er líka talað um að þá nái konur líka jafnari stöðu gagnvart körlum og að mannvirðing verði í öndvegi.“

Jóní segir að Gjörningaklúbburinn muni sýna í Malmö yfir helgina en svo sé kominn tími á að halda heim. „Þá erum við að fara að koma heim í árlegt stærsta Baby Shower í heimi þegar allir kristnir fagna fæðingu Jesúbarnsins,“ segir Jóní að lokum og hlær.

